



HÁSKÓLI ÍSLANDS
Félags- og mannvísindadeild

BA-ritgerð
uppeldis- og menntunarfræði

Fjölmening í barnabókum

Guðný Eypórsdóttir
Katrín Sif Ingvarsdóttir
september 2009



HÁSKÓLI ÍSLANDS
Félags- og mannvísindadeild

BA-ritgerð
uppeldis- og menntunarfræði

Fjölmennning í barnabókum

Guðný Eypórsdóttir
Katrín Sif Ingvarsdóttir
september 2009

Leiðbeinandi: Guðný Guðbjörnsdóttir

Nemendur: Guðný Eypórsdóttir og Katrín Sif Ingvarsdóttir

Kennitala: 180781-5019 og 140685-2409

Útdráttur

Ritgerð þessi er bæði heimildaritgerð og rannsókn í senn og fjallar um fjölmenningu í barnabókum sem ætlaðar eru börnum á leikskólaaldri. Markmið ritgerðarinnar var að svara þremur rannsóknarspurningum; Hvaða þýðingu hafa fjölmenningarlegar barnabækur í nútíma samfélagi? Hverjar eru birtingarmyndir fjölmenningar í barnabókmenntum fyrir börn á leikskólaaldri, sem gefnar voru út á árunum 2000-2008?; og er munur á barnabókum eftir íslenska og erlenda höfunda hvað varðar sýnileika annarra litarháttanna en þess hvíta? Innihald ritgerðarinnar hentar einna helst foreldrum og starfsmönnum uppeldisstofnanna, en þó getur hver sem er haft gagn og gaman að því að glugga í hana.

Fræðilegi hluti ritgerðarinnar skiptist í þrjú kafla; Fjölmennning, Barnabókmenntir og Fjölmennning í barnabókmenntum. Þessum kafla er ætlað að svara fyrstu rannsóknarspurningunni, en niðurstöður bentu til að þýðing fjölmenningarlegra bóka væri mikil í nútímasamfélagi, til dæmis í leikskólum þar sem jafnt verður að koma fram við öll börnin.

Seinni hluti ritgerðarinnar er rannsóknarhlutinn. Valdar voru hundrað bækur af handahófi í barnadeild Borgarbókasafns Reykjavíkur í ágúst 2009, barnabækur fyrir leikskólabörn sem voru gefnar út á árunum 2000-2008 á Íslandi. Hann skiptist, líkt og sá fræðilegi í þrjú meginhluta; Rannsóknaraðferð, Úrvinnsla gagna og Niðurstöður. Þessi hluti er gerður með það að markmiði að svara rannsóknarspurningum númer tvö og þrjú. Niðurstöður leiddu í ljós að birtingarmyndir í íslenskum barnabókum fyrir börn á leikskólaaldri eru af afar skornum skammti og að erlendir höfundar eru líklegri en íslenskir til að sýna annan litarhátt en hvítan.

Að lokum er samantekt og umræða þar sem efni ritgerðarinnar er dregið saman og niðurstöður ræddar. Í lokin verða svo settar fram okkar hugmyndir og þankagangur eftir skrifin.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	1
Efnisyfirlit.....	2
1. Inngangur.....	3
1.1 Rannsóknarspurningar.....	4
2. Fræðilegt yfirlit.....	5
2.1 Fjölmenning.....	5
2.1.1 Fjölmenningarsamfélagið Ísland.....	7
2.1.2 Þýðing fjölmenningar í leikskólastarfi.....	9
2.2 Barnabækur.....	12
2.2.1 Textar og myndskreytingar í barnabókum.....	14
2.2.2 Saga íslenskra barnabóka.....	15
2.3 Fjölmenning í barnabókum.....	17
2.3.1 Mikilvægi fjölmenningarlegra barnabóka.....	18
2.4 Rannsóknir um fjölmenningu.....	20
2.5 Gagnrýni.....	23
3. Athugun.....	25
3.1 Rannsóknaraðferð.....	25
3.1.1 Gerð greiningarlykils.....	25
3.1.2 Gagnasöfnun.....	27
3.1.3 Rannsóknargögnin.....	28
3.1.4 Greiningarlykillinn.....	29
3.2 Úrvinnsla gagna.....	33
3.3 Til umhugsunar.....	33
4. Niðurstöður.....	35
4.1 Tölulegar niðurstöður.....	35
4.2 Birtingamyndir fjölmenningar.....	40
4.2.1 Hvað sýna myndskreytingar umfram texta.....	40
4.2.2 Bækur sem minnst á kynþátt í texta.....	41
4.2.3 Fordómar og staðalímyndir.....	41
4.2.4 Annað.....	44
5. Samantekt og umræða.....	47
5.1 Samantekt.....	47
5.2 Umræða.....	50
Heimildaskrá.....	51

1. Inngangur

Með betri tækni og aukinni hnattvæðingu eru lönd og þjóðir að verða sífellt fjölmenningarlegri og samanstanda af fjölbreyttu gildismati, siðum og viðhorfum. Íslenskt samfélag hefur ekki farið varhluta af þessari þróun og íslenska þjóðin verður æ fjölbreytilegri og menningarflóran, sem hér er að finna, stækkar og eykst með hverjum nýjum íbúa.

Á Íslandi var fjöldi erlendra ríkisborgara 23.421 manns árið 2008, eða rúmlega 7% þjóðarinnar sé miðað við mannfjöldataölur þann 1. janúar 2008 en þá er ekki meðtalin sá fjöldi sem nú hefur öðlast íslenskan ríkisborgararétt, ólst upp erlendis eða börn sem eiga foreldra frá ólíkum menningarheimum (Hagstofa, 2009). Fólk sem hingað flytur erlendis frá er afar ólíkt og hefur ólíkan menningarlegan bakgrunn. Hingað flytja einnig börn á öllum aldri sem verða þátttakendur í íslensku skólakerfi og því teljum við mikilvægt að skólarnir, á öllum stigum, séu meðvitaðir um þennan hóp og að staðið sé vörð um hag þessara barna líkt og annarra.

Þekking, skilningur og virðing fyrir menningarheimum sem eru ólíkir okkar eigin er mikilvægur þáttur þess að við getum öll lifað saman á friðsælum jafnréttisgrundvelli. Menning er svo stór hluti sjálfsmyndarinnar að við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því að ekki allir deila sömu trú, gildum, hefðum og venjum og við erum vön. Með því að kynna okkur ólíka menningarheima, aukum við þekkingu okkar og skilning, en þessir tveir þættir eru einna stærstir þegar kemur að því að uppræta fordóma og leggja grunn að jöfnum réttindum og tækifærum fyrir alla, alls staðar. Börnum og fullorðnum af erlendum uppruna, og í raun öllum þeim sem ekki falla undir hið ríkjandi norm, verður að líða eins og þau séu eðlilegur partur af samfélaginu og geti verið stolt af uppruna sínum og menningu.

Við völdum að skoða birtingarmyndir fjölmennningar í barnabókum sérstaklega, og þau viðhorf sem þar er að finna gagnvart framandleika og fordómum, því við teljum mikilvægt að skoða á gagnrýninn hátt það efni sem borið er á borð fyrir börn á leikskólaaldri. Okkur lék forvitni á að vita hvert framboðið væri á bókum fyrir börn á leikskólaaldri sem sýndu ekki bara vestrænan veruleika og hvít börn. Einnig vildum við kanna hvort barnabókaflóran á undanförunum árum,

lýsti veruleika ólíks fólks frá ólíkum svæðum heims og einnig hvort munur væri á bókum sem eru skrifaðar af íslenskum eða erlendum höfundum.

Við ákváðum að miða rannsóknina við bækur fyrir börn á leikskólaaldri því barnabækur fá mikla dreifingu og eru mikið lesnar bæði í heimahúsum og innan stofnanna þar sem barnabækur eru afar stór hluti leikskólastarfsins hérlandis. Í leikskólanum er lesið fyrir börnin, þau ræða það sem fram fer í bókunum og ýmislegt bendir til þess að þær spili stórt hlutverk í menningarsköpun barna (Þórdís Þórðardóttir, 2007). Að okkar mati eykur það enn mikilvægi þess að þær endurspegli á jákvæðan hátt og viðurkenni fjölbreytileika samfélagsins.

Leikskólinn er fyrsta skólastig skólakerfisins og markmið hans eru meðal annars að gefa börnum kost á að njóta fjölbreyttra uppeldiskosta á meðan leitast er við að hlúa að þeim andlega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins. Lögum samkvæmt á leikskólinn að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og leggja grundvöll að því að þau verði ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í stöðugri þróun (Lög 78/1994).

1.1 Rannsóknarspurningar

Rannsóknarspurningarnar sem við lögðum upp með voru þrjár;

1. Hvaða þýðingu hafa fjölmennningarlegar barnabækur í nútíma samfélagi?
2. Hverjar eru birtingamyndir fjölmennningar í barnabókum fyrir börn á leikskólaaldri, sem gefnar voru út á árunum 2000-2008?
3. Er munur á barnabókum eftir íslenska og erlenda höfunda hvað varðar sýnileika annarra litarháttá en þess hvíta?

Í lok ritgerðarinnar verður rannsóknarspurningunum svarað og öðrum merkilegum niðurstöðum og upplýsingum gerð greinagóð skil. Efnið er að okkar mati afar mikilvægt málefni sem vert er að kanna fyrir litla og nýja þjóðfélagsþegna hvaðan sem þeir koma svo við getum öll unað okkur sem best á jöfnum grundvelli.

2. Fræðilegt yfirlit

Þessi kafli skiptist í sjö undirkafla, en hlutverk þeirra er annars vegar að byggja grunn fyrir rannsókn sem lýst verður í næstu köflum, en fyrst og fremst er þeim ætlað að svara fyrstu rannsóknarspurningunni sem spyr um þýðingu fjölmenningarlegra barnabóka í nútímasamfélagi. Skipting kaflanna er þessi; kafli um fjölmenningarhugtakið, þýðingu og sögu þess (2.1), kafli um Ísland í fjölmenningarlegu samhengi (2.2), kafli um þýðingu fjölmenningar í leikskólum (2.3), kafli um barnabækur (2.4), kafli um fjölmenningu í barnabókum (2.5), kafli um rannsóknir um fjölmenningu (2.6) og að lokum gagnrýniskafli (2.7).

2.1 Fjölmenning

Hugtakið fjölmenning er flestum kunnugt en ef til vill ekki öllum ljóst. Hugtakið er ráðandi í gegnum alla ritgerðina og því mikilvægt að gera því góð skil, bæði í sögulegu samhengi og merkingu.

Að baki fjölmenningarhugtakinu liggur jafnréttishugsjón með virðingu fyrir öllu fólki. Það var fyrst notað árið 1941 til að berjast gegn yfirburðum vestrænnar menningar (Þórdís Þórðardóttir, 2007). Horace Kallen kom fram með fjölmenningarhugtakið í Bandaríkjunum á árum fyrri heimstyrjaldarinnar til að svara ört vaxandi þjóðerniskennd sem var farin að hreiðra um sig meðal Bandaríkjamanna. Fjölmenningarhugtakið var að hans mati öflugt tæki minnihlutahópa gegn því að neyðast til að aðlaga sig nýrri menningu og missa þannig tengsl við eigin uppruna og hefðir. Að mati Kallen gat þjóðin vel haldið einkennum sínum á sama tíma og hún gæfi erlendri menningu svigrúm til að þrífast og blómstra (Fishman, 2004). Hugtakinu er þó fyrst og fremst ætlað að viðurkenna og endurspeglar á jákvæðan hátt þann fjölbreytileika sem kemur fram í samfélögum nútímans sem samanstanda af breiðum og ólíkum hópum fólks með ólíkan menningarlegan bakgrunn (Unnur Dís Skaptadóttir, 2003).

Í Bretlandi var hugtakið fyrst notað í tengslum við allan þann fjölda farandverkamanna sem þangað flyktist á fimmta áratugnum. Seinna, á sjötta og

sjöunda áratugnum, var það helst notað í tengslum við námsárangur og aðlögun barna sem ekki höfðu enskuna að móðurmáli. Á níunda áratugnum var hugtakið tengt kynþáttafordómum og væntingum kennara til nemenda en um og eftir aldamótin fór athyglin að beinast að kynþáttafordómum í skólasamfélaginu (Þórdís Þórðardóttir, 2007).

Venjulega heyrum við hvorki né sjáum orðið *fjölmenning* standa eitt og sér. Oftast er orðið notað í tengingu við önnur orð á borð við; skóli, samfélag og bækur. Hugtakið vísar til þess að fólk af ólíkum uppruna og hluti af margskonar menningu búi og starfi saman og að samskipti manna á milli séu á jafnréttisgrundvelli (Guðrún Pétursdóttir, 2006).

Hugtakið fjölmenning, sama hvaða merking er sett í það, er sífellt að verða algengara, bæði í töluðu og rituðu máli. Aukna notkun hugtaksins má rekja til ört vaxandi fjölbreytileika innan nútíma samfélaga. Ekki eru fræðimenn á eitt sáttir um skilgreiningu orðsins, en hugtakið hefur bæði átt sína fylgismenn en einnig hlotið gagnrýni víða. Sumir gagnrýnendur fjölmenningarhugtaksins segja hugtakið vera óljóst og illa skilgreint. Í grein eftir Kristínu Loftsdóttur (2007) vísar hún í mannfræðinginn Jack David Eller sem taldi að í stað þess að líta á fjölmenningu sem fræðigrein væri réttara að líta á hana sem hreyfingu sem kræfist endurbóta, ekki ósvipað hugmyndum Horace Kallen.

Þessi fjölbreytileiki sem fjölmenningarhugtakinu er ætlað að lýsa einskorðast ekki aðeins við þjóðerni því einstaklings- og heimamenning er afar ólík þó allir séu af sama þjóðerni. Fólk býr við ólíkar aðstæður, ólík fjölskyldumynstur og ólíkan veruleika. Einstaklings- og heimamenning er sú menning sem hver og einn er fyrir áhrifum frá og tileinkar sér frá sínum nánustu og heimilisaðstæðum sínum. Hópur barna getur því talist fjölmenningarlegur þótt öll séu þau af sama þjóðerni þar sem enginn hefur eins heimamenningu. Heimamenningin ákvarðast af fjölskyldumynstri, menntun fjölskyldumeðlima, fjárhag og mismunandi hæfileikum hvers og eins. (Guðrún Pétursdóttir, 2005).

Til frekari útskýringar á hugtakinu segir Guðrún Pétursdóttir félagsfræðingur (2006) frá fjölmenningarhyggju, en það er viss hugmyndafræði eða stefna innan samfélaga sem miðar að virkum samskiptum milli ólíkra menningarhópa. Til þess að það sé möguleiki þurfa allir að vera metnir jafnréttáir og mikilvægir og hafa sömu möguleika á farsælu lífi. Til að fjölbreytileikinn sé

nýttur sem best sem verðmæti samfélagsins, gerir fjölmenningarhyggjan út á að hann skuli endurspeglast í mannauði opinberra stofnanna og að valdaskipting sé alls staðar óháð uppruna og menningu.

Fjölmenningarhugtakinu skal ekki ruglað saman við hugtakið margmenning, en ekki er um sama fyrirbæri að ræða. Í bókinni „*All different – all equal*“ sem Evrópuráðið gaf út árið 2004, er gerður greinamunur á margmenningarlegum samfélögum og fjölmenningarlegum samfélögum, og eru samskipti og jafnrétti þar lykilbreytur. Samkvæmt skilgreiningu ráðsins er *fjölmenningarlegt* samfélag það samfélag þar sem fólk af ólíku þjóðerni, með ólíka menningu, uppruna og trú býr á sama svæði og hefur opin samskipti sín á milli. Samskiptin eru á jafnréttisgrundvelli og einkennast af virðingu og umburðarlyndi. Allir eru jafn mikilvægir og enginn æðri eða verðugri en annar. *Margmenningarleg* samfélög eru af sama toga fyrir utan að í þeim er hið ólíka og óalgenga litið hornauga og fólki jafnvel mismunað vegna þessa. Minnihlutahópar eru látnir afskiptalausir án viðurkenningar og mats á verðleikum. Oft eru lög sem banna mismunun í þessum samfélögum, en þeim er ekki endilega framfylgt. Það er því ekki nóg að ólíkir hópar fólks deili landsvæði til að samfélag teljist fjölmenningarlegt heldur þurfa þar að eiga sér stað samskipti á jafnréttisgrundvelli (Guðrún Pétursdóttir, 2006). Í framhaldinu er áhugavert að skoða hvoru megin Ísland flokkast, er það margmenningarlegt eða fjölmenningarlegt samfélag. Hver er stefna Íslendinga í þessum málum?

2.1.1 Fjölmenningarsamfélagið Ísland

Fjölmenningarhugtakið flækir og ögrar fyrri hugmyndum um einsleita þjóð. Sumir velta fyrir sér hvort áhersla á fjölmenningu verði til þess að auðvelda erlendum einstaklingum aðgengi að íslensku samfélagi eða hvort hún leiði til einangrunar hópa út frá þjóðernislegum uppruna þeirra. Hér skiptir stefna stjórnvalda höfuð máli (Unnur Dís Skaptadóttir, 2004). Meginhlutverk þessa verkefnis er að kanna fjölmenningu í íslenskum barnabókum og því er áhugavert að skoða hver stefna ríkis og sveitarfélaga er í þessum efnum.

Engin sérstök lög, eða ákveðna fjölmenningarstefnu eða lög er að finna á Íslandi. Við orðaleit á alþingisvefnum (www.althingi.is) kom í ljós að orðið fjölmenning kemur hvergi fyrir í íslenskum lögum. Til að finna ákvæði sem tekur á menningarlegum margbreytileika þarf að líta allt til upphafs lagasetningar á Íslandi.

Samkvæmt 65. grein Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands (33/1944) skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Það er því ljóst að Ísland hefur frá upphafi Lýðveldisins haft lög gegn misrétti þó hvergi sé að finna ákveði um refsiaðgerðir, sé þeim ekki framfylgt.

Sum sveitarfélög hafa markað sér stefnu í þessum málum og má þar nefna fjölmenningarstefnu Reykjavíkurborgar. Sú stefna er þó komin til ára sinna en hún var samin árið 2001 og gildi til ársins 2004. Stefnan hafði það að leiðarljósi að reykvískt samfélag geti notið fjölbreytileika mannlífs og menningar í samfélagi þar sem ríkti jafnrétti, víðsýni og virðing í samskiptum fólks af ólíkum uppruna (Reykjavíkurborg, 2001). Ástæða þess að við lítum til Reykjavíkur fremur en annarra sveitarfélaga er sú að borgin er fjölmennasta sveitarfélagið auk þess sem gagnasöfnun rannsóknarinnar sem síðar verður lýst, fór fram á Borgarbókasafni Reykjavíkur.

Nú virðist sem Mannréttindastofa Reykjavíkurborgar hafi tekið yfir þennan málaflokk fyrir borgina í heild. Hún hefur gefið út stefnumótun og aðgerðaráætlun í málefnum innflytjenda sem samþykkt var í borgarstjórn í maí 2006 og tók gildi í ár, 2009, og er til ársins 2012. Þar stendur um framtíðarsýn Reykjavíkurborgar; „Reykjavík er alþjóðleg borg þar sem lífsgæðum, óskum og þörfum borgarbúa er skipað í öndvegi“. Markmið stefnu borgarinnar eru meðal annarra; „að Reykjavíkurborg fagni komu fólks frá öðrum löndum og með ólíkan bakgrunn“ og „að Reykjavíkurborg leiti allra leiða til að koma í veg fyrir fordóma og að íbúum sé mismunað vegna uppruna eða trúarbragða“ (Mannréttindaskrifstofa. 2009).

Sumar stofnanir innan sveitarfélaga hafa einnig sínar eigin fjölmenningarstefnur, til að mynda leikskólar. Fjölmenningarstefna á leikskólum verður skoðuð frekar en annarra stofnanna þar sem rannsóknin, sem á eftir fylgir, snéri að bókum fyrir börn á leikskólaaldri.

Börnum af erlendum uppruna fjölga stöðugt á Íslandi. Einstaklingum innan þessa fjölbreytta hóps gengur misvel að fóta sig við nýjar aðstæður á nýjum stað og þessi fjölbreytileiki gerir það að verkum að erfitt getur reynst að skapa skýra og ákveðna stefnu fyrir þennan hóp sem hentar öllum. (Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Samkvæmt Hagstofu Íslands voru 1521 barn með erlent móðurmál, í leikskólum á Íslandi árið 2008. Þar af voru 1018 á höfuðborgarsvæðinu einu saman (Hagstofa

Íslands, 2009). Það er því ljóst að barnahópurinn sem þarf að koma til móts við er stór og fjölbreyttur á leikskólum landsins. Leikskólarnir, og í raun skólasamfélagið allt, stendur því frammi fyrir stóru og veigamiklu verkefni sem, eins og samfélagið sjálft, tekur örum breytingum í takt við breytta tíma.

Leikskólar landsins starfa eftir aðalnámsskrá og í henni er að finna ýmsar áherslur sem flokka má sem fjölmenningarlegar. Í námsskránni kemur fram að leikskólarnir séu fyrir öll börn óháð andlegu eða líkamlegu atgervi, trú eða menningu og unnið er samkvæmt hugmyndafræði sem kallast; Skóli án aðgreiningar. Sú hugmyndafræði miðar að því að tillit sé tekið til þarfa allra barna, bæði í kennsluáðferðum og skipulagi leiksólastarfs í hverjum leikskóla. Í Reykjavík er öllum leikskólum borgarinnar jafnframt skylt að framfylgja stefnu hennar um fjölmenningarlegt samfélag. (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2006).

Sérstakur verkefnastjóri starfar á leikskólasviði Reykjavíkurborgar vegna fjölmenningar í leikskólum. Hann sinnir meðal annars fræðslu og ráðgjöf bæði fyrir börn og foreldra af erlendum uppruna sem og starfsfólk leikskóla. Einnig hefur verkefnastjórinn umsjón með fjölmenningarvef leikskóla, www.allirmed.is, (Mannréttindaskrifstofa, 2009) en þar er einmitt að finna greiningarlykil sem við höfðum til hliðsjónar við gerð greiningarlykilsins sem notaður var við rannsóknina sem lýst verður á eftir

2.1.2 Þýðing fjölmenningar í leikskólastarfi

Markmið okkar með skrifum á þessari ritgerð er að kanna þýðingu fjölmenningarlegra bóka í nútíma samfélagi og jafnframt að kanna birtingarmyndir fjölmenningar í bókum fyrir börn á leikskólaaldri. Barnabækur eru stór hluti leikskólastarfsins og því verður þýðing fjölmenningar í skólastarfi, aðallega leikskólastarfi, skoðuð.

Flestir fræðimenn á sviði menntamála taka undir þá staðhæfingu að fái barn traustan og góðan grunn á fyrstu skólastigunum þá greiði hann veginn fyrir því sjálfstrausti og öryggi sem það þarf til að þroskast og menntast. Einn mikilvægasti þátturinn í þessum grunni er móðurmálið, að börn nái góðum tókum á því móðurmáli sem kennslan fer fram á. Öllum börnum er mikilvægt að fá tækifæri til að dafna sem einstaklingar og að sérkenni þeirra séu virt og viðurkennd, bæði af öðrum börnum og fullorðnum. Ef barn öðlast ekki sjálfstraust og finnur ekki til öryggis á leikskólaaldri flytur það óöryggið með sér á næsta skólastig. Börnum

getur liðið illa í skóla finni þau fyrir skorti á viðurkenningu eða fyrir fordómum. Ef allt skólastarf gengur út frá því að íslenskt þjóðerni sé hið eðlilega og allt annað þjóðerni sé því óeðlilegt, þá er verið að senda þau skilaboð að menningarlegur fjölbreytileiki sé óvelkominn (Hanna Ragnarsdóttir, 2002).

Kennarar og annað starfsfólk menntastofnanna þurfa að taka á síauknum fjölbreytileika og að haga kennslu þannig að allir fái að njóta sín. Rannsóknir hérlendis hafa sýnt að þau börn sem helst eigi erfitt uppdráttar í leikskólum séu þau sem tilheyri jaðarhópum á borð við börn af erlendum uppruna (Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hrönn Pálmadóttir, 2008). Séu kennarar ekki undirbúnir til að taka við margbreytilegum nemendahópi getur það komið niður á námsárangri nemenda hans. Það skiptir máli að hugsa fyrst út frá sjálfum sér, eigin gildum og viðmiðum áður en maður fer að reyna að læra og skilja gildi og viðmið annarra menninga (Davis, Brown, Liedel-Rice, Soeder, 2005).

Hvers vegna ættu skólar að notast við fjölmenningarlega kennsluhætti? Ýmsir telja að börn veiti hlutum eins og litarhætti og tungumáli annarra ekki athygli en þrátt fyrir að þau minnst ekki á það, taka þau eftir því. Með umræðu og aukinni athygli á fjölbreytni mannlífsins er ekki verið að taka nokkra út og benda á þá til aðgreiningar, heldur er nauðsynlegt að velja viðfangsefni og bækur sem koma inn á fjölbreytnina á jákvæðan hátt. Slíkt starf í skólum hvetur börn til að læra að meta það sem öðruvísi er, hvort sem það er útlit, lífstíll eða menning (Leikskólasvið Reykjavíkur, e.d.).

Fjölmenningarleg kennsla hefur alltaf verið hugsuð sem kennslufræðilegt afl til að berjast gegn kynþáttafordómum og ójafnrétti (Ching, 2005). Börn á leikskólaaldri eru afar móttækileg fyrir því sem gerist í kringum þau og geta fordómar og ranghugmyndir mótast í hugum þeirra strax á unga aldri. Ekkert barn fæðist með fordóma gagnvart öðrum heldur eru þeir lærð hegðun. Þess vegna er afar mikilvægt að fullorðið fólk sé meðvitað um skoðanir sínar og viðhorf og passi sig að yfirfæra ekki eigin fordóma á börn því erfitt getur reynst að uppræta fordóma seinna á ævinni ef þeir hafa náð að festa rætur í barnæsku (Hanna Ragnarsdóttir, 2002).

Hanna Ragnarsdóttir (2005) bendir á að þær breytingar sem þurfi að eiga sér stað innan skólasamfélagsins svo að allar fjölskyldur íslensks samfélags geti unað sér sem best, séu ekki einungis nýir kennsluhættir og námsefni, heldur séu viðhorf

og hugsunarháttur einn stærsti þátturinn í að slík markmið náist. Hún nefnir að mikilvægt sé að breytingar séu gerðar á námskrá, kennslufræðum, námsmati, heildarskipulagi og stjórnun skólans en einnig umhverfi og námsefni. Mikilvægt er að kanna skilaboð, bæði augljós og óljós sem koma fram í því námsefni sem notað er. Börn verða að skynja það frá umhverfi sínu að þau séu öll jafn mikilvæg og að jöfn virðing sé borin fyrir þeim öllum.

Ein ástæða þess að fólk telji að fjölmenningarleg kennsla eða fjölmenningarlegt viðhorft sé ekki nauðsynlegt í skólastarfi er kynþáttablinda. Kynþáttablinda er hugtak sem merkir að litið er fram hjá mismun sem rekja má til þjóðernis eða kynþátta. Slíkt á sér oftast stað undir misskilinni góðsemi þeirra sem telja að jafnrétti sé það að koma eins fram við alla, í stað þess að líta á jöfnuð sem virðingu fyrir margbreytileikanum og sérkennum einstaklinga. Sérkenni einstaklinga geta verið þættir á borð við litarhátt, menningu og þjóðerni (Þórdís Þórðardóttir, 2007).

Sumir telja að fjölmenningarlegar breytingar á námsefni, bókum og öðrum efnivið sem notaður er við skólastarf felir í sér ógnun við það sem íslenskt er og að það muni víkja fyrir hinu útlenda. Það er ekki raunin heldur er hugmyndin með aukinni fjölmenningu í starfinu einfaldlega sú að opna skólasamfélagið fyrir alla samfélagsmeðlimi og að ekki sé gert ráð fyrir einni menningu eða einsleitum hóp. Fjölmenningarleg hugsun í skólum gengur því út á jafnrétti allra barnanna og að enginn teljist sérstakur eða öðruvísi þó hann sé ekki fæddur eða uppalinn Íslendingur (Hanna Ragnarsdóttir, 2005).

Sjálfstæði, að finnast maður ekki vera öðrum háður og ráða yfir eigin aðstæðum, er mikilvægur þáttur í þróun sjálfsmyndarinnar en tilfinningin fyrir sjálfstæði getur verið skert þegar maður upplifir sig utangátta í umhverfi sínu. Ef börn af erlendum uppruna upplifa íslenskt þjóðerni sem venjulegt og sjálf sig sem frávik eða óvenjulegt er verið að senda þessum börnum þau skilaboð að þau séu ekki partur af samfélaginu (Hanna Ragnarsdóttir, 2002).

Skólar á öllum skólastigum standa frammi fyrir mikilli áskorun þegar kemur að því að standa vörð um jafnan hag allra nemenda sinna. Að okkar mati er afar nauðsynlegt fyrir alla þá sem taka þátt í þessari áskorun að líta sjálfa sig, verkefnið sjálft og framvindu þess gagnrýnum augum og endurskoða það í sífellu. Námsefnið sem ætlað er til kennslu ber einnig að líta gagnrýnum augum og starfsmenn

leikskóla verða að þora að hafa skoðun á málinu og kanna hvort nemendahópurinn allur geti endurspeglað sig í þeim bókum og því námsefni sem er til staðar. Bækur verður að endurnýja með fjölmenningu að leiðarljósi í stað þess að endurnýta í sífellu gamalt efni sem úteltist með breyttum nemendahópi.

Til að átta sig betur á áhrifum fjölmenningarstarfs er rætt um þróunarverkefni og rannsókn sem Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir framkvæmdu á leikskólanum Lækjarborg árið 2004. Verkefninu og rannsókninni er betur lýst í kaflanum *Rannsóknir um fjölmenningu* hér að neðan.

2.2 Barnabækur

Til að skilja hvernig lestur á fjölmenningarlegum barnabókum getur haft sérstaka þýðingu fyrir börn í nútímasamfélagi, er nauðsynlegt að skilja uppbyggingu og gerð barnabóka. Barnabækur eru ólíkar að gerð og gæðum og er margt sem á þar hlut að máli.

Raunin er sú að í hvert skipti sem við lesum góðar bókmenntir breytir það okkur og við sjáum heiminn í öðru ljósi. Því má segja að bókmenntir séu öflugt tæki til að skilja menningu og reynslu sem er ólík okkar eigin (Davis o.fl., 2005). Louise Rosenblatt (2005) beindi rannsóknum sínum aðallega að persónulegum viðbrögðum lesanda við sögum og ljóðum. Rosenblatt taldi að ákveðin samskipti ættu sér stað milli textans og lesandans. Hún sagði ritverk ekki hafa sömu merkingu fyrir alla þar sem bakgrunnur og skoðanir lesandans hafa áhrif á túlkun þeirra.

Val barna á lesefni stjórnast sjaldnast af eigin áhugahvöt og er í flestum tilfellum frekar tengt þrýstingi úr ýmsum áttum, frá foreldrum og starfsmönnum uppeldisstofnanna. Börn og barnabækur lifa nokkurs konar samlífi, ef svo má að orði komast. Í uppvexti venjast börnin ákveðnum hugmyndum sem verða hluti að meðvitund þeirra. Börnin tengja allt barnaefni við þekkingu sína og reynslu af lífinu. Bækur, eins og annað efni fyrir börn, gefa því börnum ímyndir sem sem þau síða leika eftir í daglegu lífi. Gott dæmi um þetta er heilsuátakið í kringum Latabæ, en börn taka boðskapinn sem þar er að finna þó nokkuð alvarlega. (Þórdís Þórðardóttir, 2007).

Mótun sjálfsmýndar barna er stór þáttur í þroskaferli þeirra og nauðsynlegt þess að börn læri að byggja upp jákvæða sjálfsmýnd. Til að slíkt sé hægt verður hún að byggja á raunhæfu en jákvæðu mati á eigin getu, hæfileikum og möguleikum.

Bækur geta, á óbeinan hátt, aðstoðað börn við að auka við reynslu sína og þroska, og þannig opnað fyrir þeim nýja möguleika að bæði ytra og innra lífi. Til þess að barnabækur hafi þessi jákvæðu og þroskandi áhrif, þurfa þær að uppfylla ákveðin skilyrði. Til að byrja með verða börn að geta samsamað sig efni bókar á einn eða annan hátt, því það gefur börnum öryggistilfinningu að kannast við aðstæður, atvik, tilfinningar eða hugsanir í bókum eða öðru miðluðu efni ef því er að skipta. Nákvæm eftirlíking við það sem börnin þekkja er þó ekki nauðsynleg né æskileg heldur bara að börn finni einhverja tengingu við líf sitt, innra eða ytra. Lítil börn setja ekki mörk á milli raunveruleika og ímyndunar, og hugarflugið skipar stóran sess í innra lífi þeirra („Lestur góðra bóka“, 1997).

Það sem gerir bók að barnabók er ekki hvað er sagt heldur hvernig það er sagt og að samband sögumanns og lesanda hans, eða þess sem hann talar til, sé náíð og einlægt. Börn læra allt sem fyrir þeim er haft og því eru bækur oft notaðar til að kenna börnum góða siði. Skemmtilegar sögur geta haft alvarlegan og neikvæðan undirtón og því hægt að nota þær til að innræta litlum lesendum óæskilegar og vafasamar hugmyndir um eitt og annað, þó oftast sé það gert á óljósan hátt. Oft hafa bækur sem virðast einfaldar og einlægar misjafnlega dulin skilaboð. Af þessum ástæðum er áhugavert að kanna barnabækur og rýna í hvaða hugmyndir koma þar fram og hvernig mynd er gefin af samfélögum (Silja Aðalsteinsdóttir, 1999).

Barnabækur eru öflugt tæki til að aðstoða erlend börn við að aðlagast breyttum aðstæðum og sætta sig við breytinguna sem hefur orðið á lífi þeirra, oftast að þeim óspurðum. Það hefur jákvæð áhrif á börn að upplifa að saga, lík þeirra eigin, sé nógu merkileg til að fjallað sé um hana í bók og læra um að aðrir hafa gengið í gegnum það sama (Baghban, 2007). Barnabókakostur, sem lýsir menningarheimum á áreiðanlegan hátt, er mis mikill og góður eftir löndum. Í gegnum bækur geta börn öðlast meira en yfirborðsþekkingu um aðra menningarheima. Bækur bjóða þeim inn í söguheim þar sem þau geta fengið innsæi inn í tilfinningar og upplifanir fólks víðsvegar um heiminn. Börnin upplifa þannig að við erum öll jafn mannleg og læra um leið að meta menningarlegar margbreytileika. Lestur bóka sem lýsa heiminum á rangan veg og ýta undir neikvæðar staðalímyndir er jafn áhrifamikill og lestur vandaðra bóka sem lýsa menningarheimum á réttmætan hátt (Short, 2009).

Góðar barnabækur prófa lesendur sína, bæði þá sem lesa textann og þá sem aðeins geta hlustað og lesið í myndirnar. Góð barnabók spyr spurninga með táknum og vísunum í menningu, sögu og umhverfi. Þroski hvers og eins ræður því svo hve mikið af þessum skírskotum kemst til skila. En þótt eitthvað af þeim eða meirihlutinn fari fyrir ofan garð og neðan þá á það ekki að bitna á sögunni sem slíkri. Reyndar er það stundum þannig að ýmsar vísanir eru einungis ætlaðar fullorðnum, þótt um barnabók sé að ræða, því eins og komið verður inn á síðar þá er mikilvægt að sá sem les barnabækur fyrir börn hafi gaman af þeim líka (Margrét Tryggvadóttir, 1999).

Helstu raddir barnabóka eru texti og myndskreytingar og til að skilja betur hvernig þær raddir miðla boðskap bókanna til barna verður að skilja hvernig þær tala til lesandans.

2.2.1 Textar og myndskreytingar í barnabókum

Texti segir oft ekki alla söguna í barnabókum heldur tengir hann myndirnar og býr til eina heild. Myndabækur eru minnst tvíradðar, og er þá átt við að textinn sé ein rödd og myndirnar önnur rödd. Mikilvægt er að samræmi sé á milli texta og mynda og að þessar tvær raddir virki hvor aðra. (Margrét Tryggvadóttir, 1999).

Textar í myndbókum geta verið flóknari en talmál því myndskreytingarnar bæta hann upp og auka við skilning barnanna. Höfundar verða að passa upp á að samræmi sé á milli mynda og texta. Sé textinn langur verða myndirnar að vera þeim mun veglegri og flóknari svo barnið hafi stjórn á svokallaðri flettipörf sinni. Barn hefur ekki þolinmæði til þess að hlusta á lesturinn því ef það er búið að rannsaka myndskreytingarnar og þá er tilgangur og áhrif bókarinnar ekki þau sömu. Höfundar, hvort sem þeir fjalla um fjölmenningarlegt efni eður ei, verða að hafa þetta samræmi milli mynda og texta í huga ef metnaður er fyrir því að koma boðskap verka sinna á framfæri og gera þau áhrifameiri (Margrét Tryggvadóttir, 1999).

Fyrir allra yngstu börnin hafa orð enga merkingu en þau horfa og sjá. Lítil börn gera sér hugmynd um eitthvað áður en þau geta sett það í orð. Áður en börn læra að tala og lesa eiga myndir því greiðan aðgang að barnshuganum, því myndir geta talað til barna þótt þau geti ekki lýst þeim. Áhrif mynda geta því verið mikil. Þær geta haft sterk áhrif á tilfinningar barna og mótað smekk þeirra og viðhorf.

Myndskreytingar geta einnig vakið upp spurningar og opnað börnum nýjar leiðir. Þeim er ætlað að auðga texta barnabóka, gæða hann lífi og gefa bókinni aukið gildi með því að frysta viss augnablik í sögunni en geta einnig dregið niður textann, sett honum skorður og þar með dregið úr túlkunarmöguleikum hans. Áhrif myndanna er þó óhemju sterkt og mun sterkara nú en áður því myndin er orðin mun fyrirferðameiri þáttur en hún var fyrir nokkrum áratugum síðan. (Ragnheiður Gestsdóttir, 1992).

Í sumum tilfellum geta myndskreytingar verið takmarkandi og þrengjandi fyrir textann í stað þess að auðga og víkka túlkunarmöguleika hans. Í þeim tilfellum er sökin myndlistarmannsins, fremur en höfundar hverju sinni. Myndskreytingar viðast einnig gjarnan innihalda fastmótaðar staðalmyndir og einfalda túlkun á texta. Þeir listamenn sem eiga tilhneigingu til slíks verða að vera frumlegri í túlkun á textanum og leggja eitthvað frá eigin brjósti og jafnvel bæta við söguna í gegnum myndskreytingarnar. Listfengi bóka felst, meðal annars, í frumleika myndskreytinganna, ólíkt því sem er að finna í mörgum fjöldaframleiddum og klisjukenndum bókaflokkum eða endurútgáfum ævintýra. Myndskreytingar eiga ekki bara að vera fallegar myndir heldur tjáningarmiðill sem nýta mætti betur (Silja Aðalsteinsdóttir, 1999).

Það er því ekki sama hvað börn eru látin lesa með tilliti til gerðar mynda og texta því þau eru að upplagi fordómalaus og skoða bækur á þann hátt. Þau skoða allar myndir og fyrir þeim eru allir þættir verksins jafnir, hvort sem um ræðir aðalpersónur eða aukapersónur. Þau sjá líka fleiri smáatriði en þeir fullorðnu vegna þess hve opinn hugur þeirra er og eiga auðveldara með að að greina aukasögurnar sem stundum eru faldar í bakgrunninum heldur en sá sem les textann og þykist þar með vita hvað á að sjá og tengja við atburðarrásina í sögunni (Silja Aðalsteinsdóttir, 1999).

2.2.2 Saga íslenskra barnabóka

Þar sem rannsókn okkar byggir á íslenskum barnabókum þótti okkur rétt að fara stuttlega yfir sögu barnabóka og þróun þeirra hérlandis.

Smæð Íslands og fæð íbúa er stór hluti ástæðu þess að þróun í barnabókaútgáfu er langt á eftir því sem er að gerast í löndunum í kringum okkur. Barnabækur eru afar dýrar í framleiðslu en tækniframfarir og nýjungar í

prentvinnslu hafa verið örar síðastliðin ár og því hefur kostnaðurinn við framleiðsluna lækkað töluvert. Þar sem lengi vel var ekki fjárhagslega mögulegt að framleiða barnabækur hérlendis, voru í langan tíma bara á boðstólnum erlendar bækur sem prentaðar voru í fjölþjóðlegu samprenti margra þjóða. Fjölþjóðlegt samprent er þegar útgefendur frá mörgum löndum láta prenta bækur fyrir sig á sama tíma og skipta aðeins út textanum, til að spara peninga (Margrét Tryggvadóttir, 1999). Í dag, þegar framleiðslukostnaður er orðinn lægri og markaðurinn stærri er ekki hægt að nota það sem afsökun til að gefa ekki út fjölmenningarlegt efni fyrir börn.

Upp úr 1970 varð mikið rætt um bækur og börn hérlendis. Vakin var athygli á því hve slæmt það væri hve stór hluti bókakosts fyrir börn væru þýddar bækur. Einnig kom fram óánægja með gæði bókanna. Þær bækur sem þóttu meðal þeirra bestu og flokkast sem klassískar erlendis voru ekki þær bækur sem voru þýddar fyrir íslensk börn. Oftast var um að ræða ódýra verksmiðjuframleidda bókaflökka sem höfðu heldur til söfnunaráratu barna frekar en einhvers annars og því auðveldir í markaðssetningu. Í framhaldi af þessari umræðu hefur framleiðsla íslenskra barnabóka aukist jafnt og þétt og talsvert magn er nú í boði fyrir bókelsk börn, og árlega bætast við fleiri titlar (Margrét Tryggvadóttir, 1999).

Er meðalmennska áberandi í barnabókum? Sumir eru á þeirri skoðun að það sé listræn og hugmyndafræðileg kreppa í útgáfu barnabóka og svo virðist sem verið sé að gefa út sömu bækurnar ár eftir ár. Enn aðrir eru á þeirri skoðun að stór hluti barnabóka séu fullar af klisjum og tuggum og telja ástæðurnar fyrir því helst vera tvær, markaðslögmál og vanmat á tilfinningalegum og vitsmunalegum þroska barna. Í framleiðslu barnaefnis er oft gengið út frá því að sé efnið ekki ofureinfaldað og yfirborðskennt því þá kaupir foreldrar það ekki og börnin skilji það ekki (Ragnheiður Gestsdóttir, 1992).

Markaðshugsunin heldur líka aftur af því efni sem gefið er út og þess er gætt að það brjóti ekki í bága við neitt sem gæti valdið spurningum og umróti. Það efni sem nær því til neytandans er því oft á tíðum afar staðnað efni í staðlaðri útfærslu. Það getur því reynst erfitt fyrir börn að finna samsvörun við eigið líf, umhverfi sem þau þekkja eða jafnvel tilfinningar og drauma í fjölþjóðaframleiddu efni þar sem allar sögupersónur eru afar hlutlausar. Myndir og það mál sem þær tala er bara að hluta til alþjóðlegt. Það er því mikilvægt að listafólk sem kemur að útgáfu

barnaefnis og barnabóka noti innlend sérkenni og móti efnið að hverju samfélagi fyrir sig (Ragnheiður Gestsdóttir, 1992). Með því eigum við ekki við það að höfundar og listafólk skrifi og myndskreyti aðeins með stöðluðum útelum hugmyndum um Ísland heldur tengi sögunar við fjölbreytileika samfélagsins.

Það er ekki alslæmt að okkar mati að sögupersónur séu hlutlausar, eða jafnvel í forni alþjóðlegra teiknimyndahetja, eins og er að finna í Disney bókunum, því þá geta börn af öllum þjóðernum endurspeglad sig í sögunni. Þannig geta börn víðsvegar að notið sömu sögunnar án þess að litarháttur og menning eins né neins komi þar við sögu. Fjöldaframleiddar bækur hafa því jafnt kosti sem galla, allt eftir því hvernig á það er litið.

2.3 Fjölmenning í barnabókum

Hvernig bækur flokkast sem fjölmennningarlegar bækur? Fjölmennningarlegar bækur eru um, og helst eftir fólk sem eru meðlimir hóps sem flokkast sem minnihlutahópur frá hinum ríkjandi meirihluta í viðkomandi samfélagi. Fjölmennningarlegar barnabókum eiga að fá börn til að véfengja neikvæðar staðalímyndir og málfar sem ýtir undir ójafnrétti eða ósanngjarna aðför að persónum innan sögunnar (DeNicolo og Franquiz, 2006).

Fjölmennningarlegar bækur eru öflugt tæki til fjölmennningarlegrar kennslu og skapa umræður um völd, kynþætti og menningu. Við val á fjölmennningarlegum bókum er forsendan oftast sú að þær ýti undir menningarlega vitund og næmni. Forsendan sem leitað er eftir þegar valdar eru fjölmennningarlegar bækur er sú að textinn og myndskreytingar sýni umhverfi á réttmætan hátt, að höfundur sýni söguhetjurnar á jákvæðan hátt og að texti og myndir staðfesti fjölbreytileika innan menningarhóps. Sagan á jafnframt að sýna menningarlegt samhengi og atburði á eðlilegan hátt, höfundur þarf að lýsa einstaklingum og samfélögum á ósvikinn hátt og bókin má ekki ýta undir staðalmyndir eða upphefja reynslu minnihlutahópa. Fjölmenning í þessu samhengi einbeitir sér að áþreifanlegum þáttum og hundsar hugmyndafræði sem veldur valdaskiptingu innan samfélaga (Ching, 2005).

Barnabókahöfundurinn Sigrún Eldjárn hefur unnið að því að brjóta niður fordóma og úrelt samfélagsgildi í verkum sínum. Fyrir utan sérkenni hennar að hafa mjög jafna kynjaskiptingu og að kvenkyns sögupersónur lenda í jafn miklum ævintýrum og karlkyns sögupersónur þá eru verk Sigrúnar nánast þau einu héraendis

þar sem aðrir kynþættir en sá hvíta sjást (Silja Aðalsteinsdóttir, 1999).

Kynþáttafordómar eru sjaldséðir í íslenskum bókum, ef *Negrastrákarnir* eru undanskildir. Margrét Tryggvadóttir telur þó ekki að víðsýni og fordómaleysi íslenskra höfunda sé um að þakka heldur einfaldlega fjarveru annarra kynþátta en þess hvíta í íslenskum barnabókum (Margrét Tryggvadóttir, 1999). Það væri gaman að sjá fleiri íslenska höfunda láta sig þetta varða og flétta margbreytileika samfélagsins betur inn í bækur sínar. Það ættu þeir að gera vegna mikilvægis þessara bóka fyrir unga og marbreytilega samborgara þeirra.

2.3.1 Mikilvægi fjölmenningarlegra barnabóka

Í gegnum barnabækur, meðal annars, læra börn siðalögmál. Í mörgum tilfellum er það efni sem er í boði fyrir börn af vestrænum toga og hentar einkum börnum af vestrænum uppruna. Gildi hinnar vestrænu miðstéttar skína í gegn um líkamlegt útlit og hegðan og gjörðir sögupersónunnar. Vestrænar hugmyndir um, til að mynda, heiður eru ekki eins og í öðrum menningarheimum og þar sem börn um allan heim skoða sama fjöldaframleidda barnaefnið geta þessi misvillandi skilaboð ruglað þau í ríminu (Þórdís Þórðardóttir, 2007).

Eins og áður hefur komið fram þá geta fordómar og ranghugmyndir skotið sér rótum hjá mjög ungum börnum. Flest börn á aldrinum þriggja til sex ára hafa öðlast djúpan skilning á sjálfum sér og umhverfi sínu og eiga því auðvelt með að tileinka sér þau viðhorf sem eru við lýði í umhverfi þeirra og fullorðnir í kringum þau aðhyllast (Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Barnabækur eru einungis ein birtingarmynd ímynda og orðræðna í hverju samfélagi fyrir sig, líkt og allt annað ritað mál og myndir. Þessar ímyndir eru viss endurspeglun á ráðandi viðhorf og geta ýmist endurskapað þau eða mótmælt þeim. Barnabækur byggja á félagslegum og menningarlegum skilningi á því hvar eigin þjóð stendur í samanburði við aðrar. Bæði textar og myndir gegna því hlutverki að túlka ímynd samfélaga og þjóða og sýn þeirra á eigin einkenni (Kristín Loftsdóttir, 2007).

Fræðifólk hefur lengi viljað benda á mátt ímynda í því að viðhalda og skapa staðalmyndir. Dæmi um slíkt gæti verið hvert hlutverk kynjanna sé og að kynþættir séu líffræðilega ákvarðaðir (Kristín Loftsdóttir, 2005), en ekki félagslega eins og raunin er. Það er ljóst að barnabækur, líkt og námsbækur sem og aðrir miðlar, séu þáttur í því að fólk sé flokkað á ákveðinn hátt. Sköpun sjálfsvera og skilgreining á

„okkur“ og „hinum“ eru undir áhrifum ímynda og orðræðna ýmissa miðla, þar á meðal barnabóka (Kristín Loftsdóttir, 2007).

Sú þekking sem barnabækur veita eru oftast samþykktar heilshugar og án gagnrýni af börnum og þessi sama þekking er svo oftast en ekki samþykkt sem eðlilegur og gagnlegur grunnur að samfélagslegri menntun barnanna (Kristín Loftsdóttir, 2007). Leikskólar á Íslandi eru flestir reknir af sveitarfélögum og fylgja þeir allir sameiginlegri námskrá þar sem talin eru upp þau skilyrði sem þeir þurfa að uppfylla í starfi sínu. Því má segja að þær barnabækur sem eru notaðar í íslensku leikskólastarfi séu tengdar ríkisvaldinu og þá má ætla að innhald þeirra hampi skoðunum þess og gildum.

Ching (2005) segir mikilvægt að höfundar sem skrifa fjölmenningarlegar bækur og ætla sér að lýsa menningu geri það á sem áreiðanlegastan hátt því annars mætti líta á verknaðinn sem menningarlegan þjófnað. Ching vill meina að fólk verði helst að hafa upplifað menninguna og tekið þátt í henni áður en það getur farið að miðla henni til annarra. Dæmi um menningarlegan þjófnað gæti verið Hollendingur sem lýsir Íslendingum sem eskimóum í snjóhúsum.

Sem dæmi um mikilvægi þess að innleiða fjölmenningarlega hugsun og umburðarlyndi fyrir ólíkum menningarhópum má nefna að eftir árásina á tvíburaturnana í New York hefur viðhorf til araba breyst gífurlega. Kvikmyndir, tölvuleikir og fjölmiðlar gefa í mörgum tilfellum bæði neikvæða og einsleita mynd af þessum menningarhópi og sýnir hann sem „vonda karlana“ sem ógna velferð hins vestræna heims. Raunin er sú að arabar eru mjög fjölbreyttur menningarhópur. Innan arabamenningarinnar eru margvísleg trúarbrögð og hefðir og í raun er tungumálið, arabíska, það eina sem sameinar þá sem menningarhóp (annað hvort sem eigið tungumál eða sem viðurkennt tungumál forfeðra þeirra). Kennarar geta unnið gegn þessari þróun með því að innleiða barnabækur sem lýsa arabískri menningu og skapa jákvæðar og raunsæjar ímyndir á trúverðugan hátt. Það er mikilvægt að öll börn fái kynningu á daglegu lífi, hugsunum og tilfinningum arabískra barna til að vinna gegn staðalímyndum sem hafa skapast í kjölfar þessara hræðilegu atburða (Al-Hazza og Lucking, 2007).

Deilan um áreiðanleika fjölmenningar í barnabókum er helst sú að óljóst er hvaða menningarhópa bækurnar eiga að endurspegla. Eiga fjölmenningarlegar bækur að endurspegla alþjóðlegan hóp fólks, alla kynþætti eða minnihlutahópa

samfélagsins á borð við fatlaða og samkynhneigða eða eiga þær ef til vill að fjalla um samskipti milli menningarhópa. Raunin er sú að það er engin sérsök viðmiðun fyrir fjölmennningarlegar barnabækur, nema að þær aðgreina sig með tilgangi sínum. Fræðimaðurinn Mingshui Cai telur þessa tegund bókmennta aðgreina sig frá öðrum þar sem þær fjalla um og eru eftir fólk sem er utan hins ráðandi meirihluta, oft á tíðum litað fólk, en slík viðhorf hafa verið gagnrýnd fyrir að ýta undir aðgreiningu þessara hópa. Svar Cai við þeirri gagnrýni er að markmið fjölmennningar sé að draga úr valdi ráðandi hópa með valdeflingu jaðarhópa og leið til að miða að jafnrétti (Khorana, 2005).

Einn mikilvægasti þátturinn í umræðunni um fjölmenningu varðar menningarlegan áreiðanleika og eru margar skoðanir í gangi varðandi hæfni höfunda til að ná fram einkennum annarra menningarheima á réttmætan hátt. Sem dæmi um hversu mikið hitamál menningarlegt réttmæti er innan þessarar umræðu má nefna hugtakið „menningarþjófnaður“ sem minnst var á hér framfar. (Khorana, 2005).

2.4 Rannsóknir um fjölmenningu

Sem dæmi um hvernig nota má fjölmennningarlegar bækur til að auka skilning barna á menningarheimum sem eru ólíkir þeirra eigin er gott að skoða rannsóknir sem gerðar hafa verið um efnið. Kathy Short (2009) gerði rannsókn í Bandaríkjunum um hvernig mætti á áhrifaríkan hátt fá börn til að lesa alþjóðlegar bækur til að byggja upp fjölmennningarlegan skilning. Slíkur skilningur felur í sér meira en að kenna mannleg samskipti eða bæta við bók um lönd í námsefni barna, en slíkt verður oftast til þess að styrkja staðalímyndir í stað þess að skapa nýjan skilning um menningarleg sjónarmið. Hún telur því betra að miða að því að kynnast menningarheimum á dýpri hátt en að kynnast til að mynda einungis landfræðilegum upplýsingum auk þekkingar um matar- eða hátíðarvenjur.

Rannsóknin fór þannig fram að bækur þar sem sögupersónur áttu í erfiðleikum með sjálfsmynd sína voru lesnar upp fyrir nemendur á ýmsum aldri. Nemendurnir brugðust við með því að kanna menningarleg einkenni sín á margvíslegan hátt. Börnin gerðu kort af lífshlaupi sínu eða komu með hluti að heiman og gerðu safn-uppstillingu. Þessi þátttaka varð til þess að nemendurnir

gerðu sér grein fyrir því að þátttaka þeirra í fjölskyldu- og samfélagslífi mótar þá í þær manneskjur sem þeir síðar verða (Short, 2009).

Bækurnar sem voru lesnar fyrir nemendurna fjölluðu annars vegar um þeirra eigin menningu, en slíkt var nauðsynlegt til að byggja upp skilning, en síðar var farið að lesa um aðra menningarheima og fjölbjódlegar bækur í bland. Tilgangurinn var sá að nemendurnir sæju að þeirra sjónarhorn á veröldina væri einungis eitt af mörgum og ekki endilega það eina rétta. Þetta var til að mynda gert með því að láta nemendur setja saman kort af eigin lífshlaupi með hjálp 10-15 alþjóðlegra myndabóka. Þannig sáu nemendurnir að þeirra eigið lífshlaup, og annarra bekkjarfélaga, einskorðaðist ekki endilega við eina ákveðna menningu (Short, 2009).

Gæði bóka skiptir gríðarlegu máli. Rannsakendur létu nemendur til að mynda kynna sér kóreska menningu og var ein kóresk bók lesin upphátt og síðan flettu nemendur í bókum sem safnað hafði verið saman um kóreska menningu. Niðurstaðan var sú að sá bókakostur sem var til staðar í Bandaríkjunum um kóreska menningu byggist allur á sögulegum skáldskap og þjóðsögum og lítið um nútímaímyndir. Kóresk menning er því steipt á fortíðarstall með myndum af litlum þorpum og hefðbundnum kóreskum klæðnaði. Rannsakendur keyptu því nýlegri bækur frá Suður-Kóreu og nýrri bækur sem þýddar voru á ensku og þar var að finna mun nútímalegri og raunverulegri mynd af kóreskri menningu en í fyrri bókunum (Short, 2009).

Gagnrýninn lestur bóka er afar mikilvægur. Brasilíski uppeldisfræðingurinn Paulo Freire benti réttilega á að án gagnrýnnar hugsunar við lestur bóka verður upplifunin yfirborðskennd og lesandinn fær aðeins einangraðar upplýsingar sem eru ef til vill ekki réttmætar. Hann taldi nemendur verða að glíma við orð og hugmyndir í stað þess að dreypa létt á þeim. Það er mikilvægt að fara ekki í kring um hluti á borð við kynþætti, húðlit eða fordóma, og verja þannig barnunga lesendur fyrir því að velta þessum hlutum fyrir sér. Litarháttur er mikilvægur þáttur af sjálfsmýnd einstaklinga og með því að segja að „það skipti ekki máli hvernig við lítum út“ gerum við lítið úr því að fólk með ólíkan litarhátt mætir ólíku viðmóti og þar með reynsluheimi þeirra einstaklinga sem mæta fordómum vegna litarháttar (Short, 2009).

Á Íslandi hafa einnig verið gerðar rannsóknir um fjölmenningu. Á árunum 2001-2004 stóðu Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (2004) fyrir þróunarverkefninu Fjölmenningarleikskóli á leikskólanum Lækjarborg, en því var ætlað að prófa áfram ýmsar aðferðir til að skapa fjölmenningarlegt umhverfi á leikskólum. Í kjölfar verkefnisins gerðu þær rannsókn á áhrifum fjölmenningarlegra starfshátta á starfsfólk, foreldra og börn leikskólans.

Markmið verkefnisins var; að börnin lærðu að fólk er ólíkt en allt jafn mikils virði, að leikskólastarfið endurspegladi fjölmenningarlegt samfélag, að gera heimamál og menningu að sjálfsögðum þætti í leikskólastarfinu og að starfsfólkið yki þekkingu sýna og færni til að sinna fjölbreyttum hópi barna og foreldra. Þetta var gert með því að auka fræðslu til starfsfólks og samstarf við foreldra. Mikið var lagt upp úr því að gera umhverfi barnanna fjölmenningarlegt og áhersla lögð á að vinna með samskipti, vináttu og fjölmenningarlegan skilning barnanna (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2004).

Í verkefninu var lögð áhersla á að umhverfi leikskólans endurspegladi fjölmenningu og tók það til þátta eins og leikfanga, bóka, leikefni og annars efnis. Það var gert með því að kaupa inn nýtt efni til leikskólans sem tengdist fjölmenningu. Þess var gætt að það efni sem var í boði hefði ekki einungis skírskotun til íslenskrar menningar og að bækur og brúður sýndu ekki einungis hvítan litarhátt. Til að tengja heimameningu við leikskólastarfið voru einnig unnin ýmis verkefni í samstarfi við foreldra en samstarf við þá var meðal annars aukið með lengri foreldrafundum þar sem áhugi leikskólans á þeim og barninu var gerður ljós (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2004).

Verkefnisstjórar þróunarverkefnisins gerðu eigindlega rannsókn til að meta áhrif fjölmenningarlegra starfshátta á starfsfólk, börn og foreldra. Niðurstöðurnar voru þær að starfsfólk sagðist í fyrstu hafa verið óöruggt en hafa smám saman fengið meira sjálfstraust. Áhugi starfsfólks hafði aukist og gagnrýnin vinnubrögð orðin algengari. Starfsfólk nálgast börnin öðruvísi en áður, sérstaklega börn af erlendum uppruna. Í stað þess að þau lentu til hliðar lagði starfsfólk sig fram við að efla þessi börn og ýta undir áhugavöt þeirra. Starfsmenn töluðu um að aukin foreldrasamskipti væru helsti kostur verkefnisins. Foreldrar virtust einnig afar ánægðir með starfið og erlendu foreldrarnir voru tilbúnir að taka þátt þrátt fyrir að sumir þyrftu að vinna mikið, byggju við erfiðar aðstæður og vissu minna um

verkefnið en íslensku foreldrarnir. Sumir foreldrar lýstu neikvæðum tilfinningum í upphafi verkefnisins en sögðu þær hafa horfið þegar hún fór að fylgjast með starfinu (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2004).

Rannsóknin leiddi í ljós að áhugi barnanna var afar mikill og virðing þeirra fyrir náunganum og aukinn áhugi á okunnum löndum og menningum gerði vart við sig. Erlendu börnin sýndu mun meira sjálfsöryggi og opnuðu sig meira eftir að leið á starfið. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu einnig að markmiðum verkefnisins var náð að mestu leyti og heppnaðist því vel (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2004).

2.5 Gagnrýni

Sumir setja spurningamerki við það að lestur fjölmenningarlegra bóka auki skilning milli menninga – en það er eitt helsta aðalsmerki fjölmenningarbóka. Janice Dressel gerði rannsókn þar sem hún kannaði hvort menningarleg vitund nemenda efldist við lestur fjölmenningarlegra bóka og komst að því að aðallega hvítum nemendum finnst gaman að lesa um karaktera sem eru ólíkir þeim. Í rannsókn sinni sá hún að börn áttu erfitt með að færa reynslu karaktera í bókum upp á raunverulegt fólk. Hún taldi samskipti fólks með ólíkan menningarlegan bakgrunn hentugri til að vekja fjölmenningarlega vitund meðal nemenda. Nemendur áttu ekki bara erfitt með að skilja betur ólíka menningu heldur einnig sína eigin eftir lestur fjölmenningarlegra bóka. Einnig héldu þau áfram að líta á sig sjálf sem normið (Hendrickson, 2004).

Aðrir, sem gagnrýna fjölmenningar barnabækur setja út á ritskoðun barnabóka og telja hana standa í vegi fyrir því að barnabókahöfundar geti um frjálst höfuð strokið. Peter Hollingdale segir að krafan um pólitískt réttlæti í barnabókum sé orðin svo mikil að það hafi leitt til þess að sögupersónur séu nánast kynlausar, kynþáttalausar og stéttarlausar (Silja Aðalsteinsdóttir, 1999). Þó sumir fræðimenn segi um menningarlegt réttmæti að réttmæt lýsing á menningarheimi ákveðins hóps geti eingöngu komið frá einstaklingi innan þeirrar menningar er það álit annarra að með þessum hugsunarhætti sé fjölmenningarleg ritskoðun farin að hafa áhrif á ritfrelsi höfunda. Það er þeirra starf höfunda að finna upp aðstæður og persónur, svo af hverju ætti að vera óæskilegt að skrifa utan eigin menningar. Að sama skapi benda aðrir fræðimenn á að þó höfundur bókar sé partur af ákveðinni menningu er ekki gefið að bókin sé endilega góð eða réttmæt (Khorana, 2005). Til samanburðar má nefna að karlmenn skrifa oft um konur og reynslu þeirra og öfugt með góðum

árangri. Að okkar mati fara gæði ritverka fremur eftir innsæi rithöfunda en það er ekki endilega gefið með uppruna einstaklings en getur aftur á móti skapast með rannsóknar- og undirbúningsvinnu.

3. Athugun

Í þessum kafla verður sagt frá athugun sem gerð var á birtingarmyndum fjölmenningar í eitt hundrað nýlegum íslenskum barnabókum. Fyrst verður fjallað um rannsóknaraðferð (3.1), þar sem gerð greiningarlykilsins er lýst og greiningarlykillinn sjálfur með útskýringum. Þar verður einnig gagnasöfnun lýst ásamt lista yfir rannsóknargögn. Næst verður rætt um úrvinnslu gagna (3.2) og að lokum stuttur umræðukafla (3.3).

3.1 Rannsóknaraðferð

Tilgangur rannsóknarinnar er að svara rannsóknarspurningum númer tvö og þrjú. Eins og kom fram í inngangi þá eru rannsóknarspurningarnar þessar;

- 1) Hvaða þýðingu hafa fjölmenningarlegar barnabækur í nútíma samfélagi?
- 2) Hverjar eru birtingarmyndir fjölmenningar í íslenskum barnabókum?
- 3) Er munur á barnabókum eftir íslenska og erlenda höfunda hvað varðar sýnileika annarra litarháttá en þess hvíta?

Til að svara rannsóknarspurningunum var gerður greiningarlykill og hann notaður til að greina eitt hundrað barnabækur sem valdar voru af handahófi á barnabókadeild Borgarbókasafnsins í Reykjavík.

3.1.1 Gerð greiningarlykils

Svokallaður gátlisti af heimasíðunni allirmed.is var notaður til hliðsjónar við gerð fyrsta uppkasts greiningarlykilsins. Gátlistinn þótti okkur of flókinn og of ítarlegur til að nýta í þessa rannsókn og margar spurninganna í honum komu efni rannsóknarinnar ekki við. Sá greiningarlykill virtist frekar virka sem hjálpartæki fyrir einstaklinga eða kennara sem vilja leita að fjölmenningarlegum bókum, en til greiningar í rannsóknnum af þessari gerð. Nokkrar útgáfur lykilsins litu dagsins ljós sem urðu ekki endanlegar af ólíkum ástæðum.

Fyrsta uppkast að lyklinum var keimlíkur þeim sem er að finna á fyrrnefndri heimasíðu. Sá lykill reyndist strax við fyrstu prófun vera, eins og áður sagði, of

langur og ítarlegur til að kallast nothæfur í okkar rannsókn. Önnur og styttri útgáfa lykilsins varð næst til, en fór sömu leið og sú fyrri sökum þess að spurningarnar voru og flóknar til að nota til greiningar á hundrað bókum. Tímaraminn sem var til ráðstöfunar fyrir greiningarhlutann var einfaldlega ekki nógu langur til að tími gæfist fyrir svo flókinn lykil og erfitt fyrir tvær manneskjur að greina bækurnar eins, með lykil af þessu tagi.

Á meðan prufulyklar komu og fóru, prófuðum við okkur áfram með nokkrar prufubækur. Nýjar spurningar bættust við á meðan aðrar voru látnar hverfa þegar misræmi kom upp í greiningu bókanna. Þannig gekk þetta í nokkra stund eða þangað til við greindum allar prufubækur, sem voru fimm talsins, nákvæmlega eins. Til gamans má geta að í upphafi gagnasöfnunar tóku rannsakendur í fjórum tilfellum sömu bókina, þar sem fleiri en eitt eintak var til af sumum bókunum, og greindu hana með lokaútgáfu greiningarlykilsins. Sú óvænta áreiðanleikaprófun reyndist sanna fyrri prófanir því bækurnar voru greindar nánast orðrétt eins.

Þegar greiningin hófst voru bækurnar lesnar með greiningalykilinn til hliðsjónar og hann svo fylltur út í kjölfarið eftir hverja bók. Þar sem við vorum orðnar sáttar við áreiðanleika greiningarlykilsins, í kjölfar prófanna á handahófsvöldum bókum, þá greindum við fimmtíu bækur hvor. Að því loknu drógum við þrjár bækur af handahófi af þeim sem hin hafði greint og endurtókum leikinn til að kanna áreiðanleika og reyndist hann fullnægjandi.

Barnabækurnar sem notaðar voru til prófunar og finstillingar á lyklinum voru ekki endilega gefnar út á því níu ára tímabili sem rannsóknin beindist að heldur valdar af handahófi á barnadeild Borgarbókasafnsins. Í forprófunum á lyklinum var aðalatriðið ekki útkoma greiningarinnar, heldur áreiðanleikinn, eða að báðir rannsakendur, sem og aðrir, myndu svara öllum spurningum eins. Markmið okkar við gerð greiningarlykilsins var ekki aðeins það að hann næði að grípa helstu einkenni fjölmenningar í barnabókunum heldur líka að hann væri áreiðanlegur. Áreiðanleiki lykilsins er mikilvægur og er vísun í nákvæmni. Að lykillinn sé áreiðanlegur merkir að sömu niðurstöður eigi að fást, sé hann notaður á sömu barnabók, óháð hver notar hann eða hvenær hann er notaður.

Til hliðsjónar og aðstoðar við notkun lykilsins var hann prentaður út með nánari útskýringum á spurningunum sem í honum eru. Þannig afmörkuðum við spurningarnar og ákváðum hvaða skilningur og merking væri lögð í spurningarnar

og hugtökin sem þar koma fram. Þetta var gert svo að allir geti svarað öllum spurningum á sama eða svipaðan hátt. Til að áreiðanleiki rannsóknar sé sem mestur verða spurningar og hugtök að vera skýr og vel afmörkuð. Áreiðanleiki lykilsins veitur að miklu leiti á því að þetta fylgiskjal sé notað meðfram greiningu því mismunandi er hvaða merkingu fólk leggur í spurningar og hugtök.

Lokaútgáfa lykilsins inniheldur tuttugu og tvær spurningar. Lyklinum er ætlað að fá fram tæknileg atriði um hverja bók, eins og útgáfuár, kyn höfundar og fjölda aðalsögupersóna, með stuttum einföldum svörum. Svo eru í honum opnar spurningar sem taka á helstu atriðum sem koma inn á fjölmenningu í barnabókum. Orð, orðasambönd og/eða myndskreytingar sem sýna eða vísa á einhvern hátt til þjóðar, menningar, litarháttar eða trúar, er hægt að minnst á og lýsa í svari opnu spurninganna.

Við erum því nokkuð vissar um að greiningarlykillinn sem notaður var við þessa rannsókn sé gott tæki til að meta hvernig fjölmenning birtist yngstu þegnum Íslands í gegnum bókakost.

3.1.2 Gagnasöfnun

Hundrað bækur voru valdar af handahófi og greindar með greiningalykli sem var sérstaklega hannaður fyrir þessa rannsókn og síðar var unnið úr gögnunum. Ástæða þess að þessi tímarammi var valinn sérstaklega, frá 2000 til 2008, er sú að við vildum takmarka okkur við nýjustu bækurnar en afmarka okkur þó ekki of mikið. Einnig voru rannsókninni sett takmörk með því að miða bækurnar við að þær væru við hæfi barna á leikskólaaldri, sem við teljum vera á bilinu 1-6 ára.

Gögnum fyrir rannsóknina var safnað á Borgarbókasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Safnkostur þar, ætlaður börnum á leikskólaaldri, er mjög fjölbreyttur og því auðvelt að nálgast nýjustu barnabækurnar. Önnur hæð safnsins er að stórum hluta tileinkaður bókum fyrir börn og unglinga. Bækur ætlaðar yngstu börnunum eru staðsettar í einu horni hæðarinnar, barnahorninu, og meirihluti bókanna fyrir þann aldurshóp er raðaður í lágan hringlaga bókaskáp. Rannsakendur gengu hring eftir hring og tóku bækur af handahófi. Þær bækur voru teknar til hliðar en þær eldri eru settar aftur á sinn stað þar til bækurnar sem gefnar voru út á þessu tímabili voru orðnar hundrað talsins.

3.1.3 Rannsóknargögnin

Þær bækur sem valdar voru af handahófi voru eftirfarandi, í stafrófsröð og með útgáfuári í sviga fyrir aftan;

Afabókin (2007), *Afhverju Hvernigson og regnboginn* (2002), *Albert* (2007), *Allra fyrsta orðabókin mín* (2007), *Allra fyrstu orðin mín* (2007), *Amma og þjófurinn á safninu* (2004), *Andri þ* (2003), *Á dýrabaki* (2006), *Barbapabbi* (2006), *Benni og Lena í leikskóla* (2007), *Bína bálreiða* (2006), *Bína lærir orð, hljóð og stafi* (2008), *Blómið og býflugan* (2004), *Dag einn* (2007), *Dagur í lífi Lúlú* (2008), *Drekastappan* (2000), *Drekinn sem varð bálreiður* (2007), *Dúddi litli* (2008), *Dýrin í Tónadal* (2000), *Eggið* (2003), *Elli og skilnaðurinn* (2004), *Elmar og týndi bangsinn* (2000), *Emmu finnst gaman í leikskólanum* (2006), *En hvað það var skrítið* (2007), *Ég get lesið; Skemmtisögur* (2008), *Ég vil fisk* (2007), *Ég vildi að ég væri* (2005), *Fallegi flughvalurinn og Leifur óheppni* (2007), *Farðu nú að sofa* (2001), *Fjölskyldubókin* (2007), *Fyrstu dýrin mín* (2005), *Fyrstu orðin mín* (2008), *Gíri stýri* (2001), *Gluggavofan* (2001), *Góða nótt sofðu rótt* (2007), *Gralli og dýrin í Afríku* (2007), *Græni loftsbeldsstrákurinn* (2008), *Hér kemur Doddi, hjól handa Eyrnastórum* (2007), *Hiavata og stóri örninn* (2005), *Hjartagull; ævintýri um ættleiðingu* (2006), *Hjálparhendur* (2003), *Hnoðri eignast vini* (2001), *Hundurinn, kötturinn og músin* (2007), *Hundurinn sem átti að verða stór* (2005), *Hvar* (2006), *Hver dagur með þér dásamlegur er* (2003), *Hver er flottastur* (2008), *Hvernig konurnar stöðvuðu blásturinn* (2007), *Hænur eru hermikrákur* (2005), *Í grænni lautu* (2003), *Jóa litla* (2001), *Jói og baunagrasið* (2006), *Kormákur og kattþeytillinn* (2004), *Kýrin sem hvarf* (2000), *Leyndarmálið hennar ömmu* (2003), *Litli bangsi* (2004), *Litli björn lærir að synda* (2004), *Lína langsokkur á Kattarattaey* (2005), *Lotta skotta og frekjudósirnar* (2008), *Lubbi lundi* (2008), *Mamma Mö rennir sér á sleða* (2002), *Mamma Mö rólar* (2004), *Max fer á leikvöllinn* (2006), *Mitt er betra en þitt* (2006), *Mjallhvít* (2007), *Moli og eggíð* (2006), *Nei, sagði litla skrímslið* (2005), *Oj bara! Varstu að freta Fróði* (2005), *Pabbi minn* (2006), *Pabbi minn* (2004), *Pétur og Putti konungur* (2001), *Prinsinn og drekinn* (2004), *Raggi litli og froskurinn Alvitur* (2006), *Rasmus Klumpur verður brunavörður* (2008), *Rauða húfan* (2004), *Regnboginn* (2005), *Riddarinn ógurlegi og góðhjartaði drekinn hans* (2008), *Rósalind prinsessa og leyndarmál hennar* (2008), *Sagan af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar* (2006),

Sagan um Pomperipossu (2001), *Skólinn hans Barbapabba* (2007), *Smárarnir* (2007), *Snuðra og Tuðra í búðarferð* (2006), *Snuðra og Tuðra í miðbænum* (2006), *Spóla systir* (2006), *Stafakarlararnir* (2006), *Stór skrímli gráta ekki* (2006), *Svona stór* (2001), *Teljum dýr 1,2 og 3* (2007), *Tindátinn staðfasti* (2005), *Tíu litlir kenjakrakkar* (2007), *Verndarengill leysir málið* (2006), *Við erum litlu snillingarnir* (2008), *Við förum öll saman í safaríferð* (2005), *Þegar Brandur litli týndist* (2001), *Þetta er nú meiri trukkanurinn* (2005), *Þú ert frábær* (2007), *Ömmubókin* (2007) og *Öskubuska* (2007).

3.1.4 Greiningarlykillinn

Hér á eftir er greiningarlykillinn í heild sinni ásamt nánari útskýringum á spurningum hans, merkingu þeirra eða þeim upplýsingum sem þeim var ætlað að fá fram. Margar hverjar útskýra sig sjálfar en aðrar eru óljósari eða innihalda gildishlaðin orð eða orðatiltæki sem geta haft fjölbreytta merkingu í hugum fólks. Þessar útskýringar var notast við við greiningu bókanna. Tilgangurinn var aðallega tvíþættur, annars vegar til einföldunar og afmörkunar fyrir okkur sjálfar og hins vegar til að auka áreiðanleika hans. Með nákvæmum útskýringum á því hvað hverri spurningu er ætlað að fá fram eiga allir að geta fengið sömu niðurstöður ákveði þeir að nota lykilinn á sömu bækur og voru greindar í þessari rannsókn. Hér fyrir neðan er greiningarlykillinn í heild sinni. Spurningarnar sjálfar eru hér með skáletri og í stað svara eru útskýringar á hverri spurningu fyrir sig.

Greiningarlykill:

- 1) *Hver er titill bókarinnar?* Hvaða titill er á forsiðu bókarinnar?
- 2) *Er bókin ætluð börnum á leikskólaaldri?* Með leikskólaaldri er átt við börn á aldrinum 1-6 ára.
- 3) *Hvaða ár er bókin fyrst gefin út?* Hér er átt við hvenær fyrstu eintök bókarinnar komu út, hvort sem um ræðir erlendis eða hérlendis.
- 4) *Er bókin endurútgefin?* Hefur sagan verið gefin út af bókaútgáfu í öðru og seinna upplagi en því fyrsta?
 - a. *Ef já, hvencær?* Hvaða ár eru nýjustu eintök bókarinnar gefin út?

- 5) *Höfundur bókar?* Hver skrifaði texta bókarinnar?
- 6) *Er bókin skrifuð eða þýdd yfir á íslensku?* Var bókin samin á íslensku eða var hún þýdd yfir á íslensku?
- 7) *Hværrar þjóðar og kynþáttar er höfundur (ef vitað)?* Hvert er ríkisfang höfunda og hvaða litarhátt hafa þeir. Ef slíkt er ekki ljóst er þeim flett upp á almennum leitarvélum á internetinu. Ef engar upplýsingar er að finna þar þá er spurningunni einfaldlega ósvarað.
- 8) *Er texti í bókinni?* Eru orð í bókinni?
 - a. *Ef já, er söguþráður í bókinni?* Með söguþræði er átt við að orð, setningar og/eða blaðsíður séu framhald hver af annarri og séu í ákveðinni röð sem hafi merkingu.
- 9) *Hversu margar aðalpersónur eru í bókinni?* Persóna flokkast sem aðalpersóna ef sagan snýst að mestu leyti um hana.
- 10) *Hversu margar aukapersónur eru í bókinni?* Persóna flokkast sem aukapersóna ef minnst er á hana í texta sem einstakling og hún spilar þar hlutverk. Hún þarf einnig að standa ein og sér en ekki bara sem partur af hóp.
- 11) *Eru aðalsögupersóna(ur) mennskar?* Eru teikningar augljóslega í líkingu við mannfólk og hafi raunverulegan húðlit?
 - a. *Ef nei, hafa þær persónuleika og/eða mannlega eiginleika?* Hér er átt við hvort sögupersónur tali, hugsji og hafi tilfinningar líkt og mannfólk.
- 12) *Kemur fram í texta hvaða landi, þjóð, trú eða menningu sögupersónur tilheyra?* Kemur fram í texta bókarinnar hvort einhverjar af sögupersónum hafi tengingu við raunveruleg lönd, trú eða þjóðir (ekki ævintýralönd)?

- a. *Ef já hvaða og hvernig?* Hvaða landi/löndum er lýst eða gefin
augljós vísbending um og hvernig er það gert?

13) *Eru myndskreytingar í bókinni?* Eru teikningar eða myndir í bókinni?

14) *Sýna myndskreytingar hvaða landi, þjóð, trú eða menningu*

sögupersónurnar tilheyra? Gefa myndskreytingar góða vísbendingu um
ákveðinn stað, trú eða menningu?

- a. *Ef já hvaða og hvernig?* Hvaða landi, þjóð eða trú er lýst eða gefin
augljós vísbending um og hvernig er það gert?

15) *Sýna myndskreytingar ákveðinn kynþátt/kynþætti?* Eru myndskreytingar af
sögupersónum með ákveðinn húðlit. Hér er ekki nauðsynlegt að
myndskreytingar eigi að tákna mannfólk, hér er líka átt við teikningar af t.d.
dúkkum, álfum og englum svo dæmi séu tekin, nóg er að sögupersónan hafi
raunverulegan húðlit. Raunverulegur húðlitur eru hvítur, brúnn, svartur eða
gulur, en ekki appelsínugulur og fjólublár líkt og dæmi eru um í
barnabókum.

- a. *Ef já, hvern/hverja?* Hvaða (raunverulegu) húðlitir koma fram á
myndskreytingum. Hvaða húðlitur sést á myndskreytingum, einn eða
fleiri?

16) *Hver er skipting kynþátta í bókinni?* Hér eigum við aðallega við skiptingu
kynþátta meðal sögupersóna, sem hafa raunverulegan húðlit. En stundum er
um matsatriði að ræða, t.d. þegar sögupersónur eru dýr en ekki menn en þó
sjást menn á myndskreytingum þá gætum við minnst á litarhátt þeirra ef
okkur finnst það viðeigandi.

17) *Þæta myndskreytingar við söguna á fjölmennningarlegan hátt (þ.e. koma
fram atriði sem ekki er minnst á í texta)?* Á fjölmennningarlegan hátt þýðir að

myndskreytingar sýni menningu og kynþætti sem ekki flokkast á jákvæðan hátt og endurspegli breiðan ólíkan hóp fólks með ólíkan menningarlegan bakgrunn. Einnig gæti bók flokkast sem fjölmenningarleg ef hún lýsir öðrum menningarheimi eða manneskju sem ekki tilheyrir ráðandi íslenskrri menningu (vestræn og hvítur litarháttur).

18) *Er í texta eða myndum að finna dulin, eða skýr, skilaboð sem geta talist lítillækkandi eða fordómfull gagnvart þeim kynþáttum og/eða menningarhópum sem eiga í hlut? Sýna texti eða myndskreytingar skilaboð sem kallast mega virðingarsnaud, niðrandi eða dónaleg fyrir þá kynþætti eða menningarhópa sem eiga í hlut.*

a. *Ef já, á hvaða hátt? Hvernig koma þessi skilaboð fram?*

19) *Styðja athafnir og/eða aðstæður sögupersóna staðlaðar hugmyndir um ákveðna kynþætti og/eða menningarhópa? Hér miðum við við okkar eigin upplifun af staðalmyndum, eins og að Kínverjar borði bara hrísgrjón eða að fólk í Afríku sé allt hálfklætt og berfætt, múslimar séu hryðkuverkamenn og komi illa fram við konur o.s.frv*

a. *Ef já, hvernig þá? Hvers konar staðalmyndir koma fram?*

20) *Er kynþáttum og menningarhópum gert mishátt undir höfði? Er sagt frá eða myndskreytt á þann hátt að ákveðnir hópar fólks virki ómerkilegri en aðrir?*

21) *Má greina beinan eða óbeinan fjölmenningarlegan boðskap í sögunni? Með beinum fjölmenningarlegum boðskap er átt við að bókin feli í sér boðskapinn að mikilvægt sé að bera virðingu fyrir fólki sem er ólíkt manni sjálfum hvað varðar menningu, trú og kynþátt eða fræðir lesandann um ólíka menningu á jákvæðan hátt. Óbeinn fjölmenningarlegur boðskapur er aftur á móti þegar bókin sýnir umburðarlyndi og jákvæðni gagnvart fjölbreytileika*

samfélagsins, hvort sem það er raunverulegt eða tilbúið en einnig ef hún er þannig skrifuð að allir geta speglað sig í sögunni eða sett sig í spor sögupersóna.

a. *Ef já, hvernig þá?* Hvernig birtist þessi boðskapur?

22) *Annað*: Það sem mikilvægt er að taka fram en hefur ekki komið fram í spurningalistanum.

3.2 Úrvinnsla gagna

Úrvinnsla gagna fór þannig fram að teljanlegum svörum var raðað upp í töflu þar sem auðvelt var að skoða þau svör sem fram komu við greiningu hvernar bókar fyrir sig. Dæmi um svör sem voru sett inn í niðurstöðutöfluna voru til dæmis kyn höfunda, hvort þeir væru íslenskir eða erlendir, fjöldi sögupersónu og hvort ákveðinn kynþáttur hafi sést á myndskreytingum. Þegar búið var að telja saman svörin þá voru þau helstu og áhugaverðustu að okkar mati skrifaðar upp og sumar hverjar settar fram á myndrænu formi, en súlu- og skífurit gera niðurstöðurnar oft skiljanlegri og áhrifameiri en ella.

Úrvinnsla svaranna við opnu spurningum greiningarlykilsins var með öðru móti. Farið var í gegnum öll eigindlegu svörin og þau sem þóttu athyglisverð og markverð voru dregin saman og flokkuð eftir spurningum og rýnt í hverjar áhugaverðustu niðurstöðurnar væru. Við skrifuðum síðan textann upp í sameiningu og fléttuðum inn í okkar hugmyndum um efnið.

3.3 Til umhugsunar

Þegar leið á úrvinnslu gagnanna, eftir að greining bókana hafði farið fram, vögnuðu hugmyndir að öðrum spurningum eða betrun á núverandi spurningum greiningarlykilsins. Sem dæmi má nefna að eftir á að hyggja hefðum við viljað spyrja um höfund myndskreytinga, en ekki bara höfund texta. Athyglisvert hefði verið að sjá hve stór hluti höfunda myndskreyttu sjálfir og hve stór hluti fékk annan aðila til þess. Einnig hefði verið áhugavert að vita hver menningarlegur bakgrunnur væri.


Ein þeirra spurninga sem hefði bætt greiningalykilinn hefði verið að kanna litarhátt sögupersóna. Hugsunin var upphaflega sú að tilgreina litarhátt persóna í svari, en gerðum okkur síðar grein fyrir því að betra hefði verið að hafa sérstakar spurningar til að leita eftir slíku. Slík vinnubrögð minnka líkur á því að upplýsingar misfarist eða týnist og auka því áreiðanleika rannsóknarinnar. Við teljum okkur hafa gert okkur grein fyrir mistökunum í tæka tíð og því töpuðust þessar upplýsingar ekki í þetta skipti en vilji einhver nýta lykilinn til frekari rannsókna má benda á að betra væri að bæta þessari spurningu við.

4. Niðurstöður

Í þessum kafla verða settar fram helstu niðurstöður athugunarinnar. Kafli 4.1 er um tölulegar niðurstöður athugunarinnar en í kafla 4.2 verða áhugaverðustu niðurstöður úr opnum spurningum ræddar, til að mynda um fjölmennningarlegan boðskap bókanna.

4.1. Tölulegar niðurstöður


Bækurnar sem voru greindar með greiningalyklinum voru hundrað talsins og valdar, eins og áður sagði, af handahófi. Einungis barnabækur gefnar út á árunum 2000-2008 voru teknar með í athugunina. Allar bækurnar töldum við ætlaðar börnum á leikskólaaldri, og við val bókanna var fyrst tekið til athugunar hvort bókin félli að því viðmiði.



Mynd 1. Fjöldi bóka eftir útgáfuári.

Eins og sjá má á mynd 1 reyndust langflestar bækurnar sem valdar voru, vera gefnar út á árunum 2005-2008 eða 69% bókanna. Flestar þeirra bóka voru


gefnar út árið 2007, eða 24%. Þessar tölur miða að síðasta útgáfuári en margar bókanna eða, 35 af 100, voru endurútgefnar á rannsóknartímabilinu, 2000-2008, og því gildar sem rannsóknargögn. Endurútgefnu bækurnar voru upphaflega gefnar út allt frá miðbiki síðustu aldar, bókinn *En hvað það var skrytið* var fyrst gefin út árið 1955 og endurútgefin 2007 og *Barbapabbi* kom fyrst út 1970 og endurútgefin árið 2006.



Mynd 2. Kynjaskipting höfunda í þeim 100 bókum sem athugaðar voru.

Kynjaskipting höfunda var mjög jöfn, þó að konur væru í örlitlum meirihluta. Bækur þar sem höfundar voru af báðum kynjum voru einungis 8% og innan hópsins þar sem ekki er vitað um kyn höfundar fannst annað hvort ekki staðfesting á því með leit á vefleitarvélum eða að höfundur var ekki gefinn upp. Í þeim tilfellum voru bækurnar í sumum tilfellum gefnar út af samsteypum á borð við Disney.


Bækur sem skrifaðar voru á íslensku voru 42 talsins og því 58 bækur sem voru þýddar. Allar bækurnar innihéldu bæði myndskreytingar og texta en 9% bókanna innihéldu ekki ákveðinn söguþráð, en samkvæmt greiningarlyklinum voru það bækur þar sem setningar standa einar og sér og koma ekki í ákveðinni röð.



Mynd 3. Skipting höfunda eftir þjóðerni

Á mynd 3 má sjá skiptingu höfunda eftir þjóðerni. Langflestar bækurnar eru skrifaðar eftir íslenska höfunda og því er sá hópur áberandi stærstur. Það er einna helst athyglisvert að sjá að allir höfundar koma frá löndum sem teljast til hins vestræna heims, jafnvel í dálknum „blandað“ þar sem höfundar einnar bókar voru af fleiri en einu þjóðerni. Í þeim bókum þar sem ekki er vitað um þjóðerni höfundar er það að stórum hluta vegna þess að bækur hafa engan sérstakan höfund og eru gefnar út í vestrænu landi af stórri samsteypu. Bækurnar, þar sem þjóðerni höfunda er þekkt, koma allar frá höfundum úr tveimur heimsálfum, 73% frá Evrópu og 10% frá Norður Ameríku. Í úrtakinu eru því engar bækur eftir höfunda frá fjölmennustu heimsálfunum. Það má því ætla að íslensk börn hafi ekki greiðan aðgang að bókum eftir höfunda frá Afríku, Asíu, Suður Ameríku og Ástralíu og fari því varhluta af innsýn í aðra menningarheima, eða jafnvel sinn eiginn, komi þau þaðan.

Í 77 bókum var hægt að greina ákveðinn litahátt og reyndist um 56 þeirra innihalda einungis hvítan litahátt. Á mynd 4 má sjá skiptingu annarra litahátta en þess hvíta í þeirri 21 bók sem þá stendur eftir.




Mynd 4. Skipting litarháttanna í þeirri 21 bók þar sem hægt var að greina litarhátt, annan en hvítan.

Í næstflestum tilfellum, eða í 10 bókum koma bæði fyrir hvítur og dökkur litarháttur. Hvítur og svartur litarháttur kemur fyrir í helmingi færri bókum, eða 5 talsins. Hvítur og asískur litarháttur kemur aðeins fyrir einu sinni eins og svartur litarháttur en tvisvar kemur fyrir að bæði hvítur, svartur og asískur litarháttur birtist í sömu bókinni. Það veður óneitanlega athygli að hvítur kynþáttur komi fram í 96% þeirra bóka þar sem hægt var að greina ákveðinn litarhátt en einungis um 4% þeirra bóka hafi aðeins dökkan eða svartan kynþátt.

Aðalsögupersónurnar voru 132 talsins, en af þeim voru 82 mennskar þrátt fyrir að allar sögupersónurnar hafi átt það sameiginlegt að bera mannlega eiginleika. Athygli veður að yfirgnæfandi meirihluti aðalsögupersóna eru hvítar. Í fjórum bókanna eru aðalsögupersónur dökkar eða svartar á hörund. Það vakti einnig athygli okkar að engin bókanna innihélt einungis asískan litarhátt og engin aðalsögupersóna var af asískum uppruna.

Mynd 5. Koma fram upplýsingar um land, þjóð, menningu og trú í myndskreytingum og texta?



Mynd 5 sýnir hvernig upplýsingar um land þjóð menningu og trú koma fram í texta annars vegar og myndskreytingum hins vegar. Í 85% bókanna var ekki hægt að sjá í texta hvaða landi, þjóð, trú eða menningu sagan tilheyrði og í 79% bókana var það einnig ógreinanlegt á myndskreytingum. Í þeim tilfellum þar sem myndskreytingar og texti sögðu til um þessa hluti var alltaf um að ræða land, þjóð og menningu en hvergi var vísun í trú sögupersónanna. Texti sýndi í sumum tilfellum mjög skýrt hvar sagan átti að eiga sér stað og í 6 tilfellum af 12 benti hann til þess að sagan gerðist á Íslandi, í 2 skiptum af 12 að sagan gerðist í Afríku en í önnur skipti var það óljósara en gaf samt ákveðna hugmynd um vestræna þjóð, indíánasamfélag, norrænt land, hitabeltiseyju og asískt land.

Niðurstöður þess hvort myndskreytingar gæfu vísbendingu um staðsetningu sögunnar voru keimlíkar niðurstöðunum sem texti bókanna leiddi í ljós. Þar voru 6 af 18 bókum sem virtust gerast á Íslandi, nokkrar bókanna gerðust greinilega í vestrænum samfélögum og að lokum bentu myndskreytingar nokkurra bóka til þess að sagan gerðist í Afríku, Asíu og á suðrænni hitabeltiseyju.

4.2 Birtingamyndir fjölmenningar

Greiningarlykillinn inniheldur sex opnar spurningar og verður farið yfir helstu svör og áhugaverðustu niðurstöður sem komu fram. Aðallega verður einblínt á svörin við spurningum númer 17, 21 og 22 í greiningarlyklinum, en þær spurningar koma einna mest inn á fjölmenningarleg atriði bókanna.

4.2.1 Hvað sýna myndskreytingar umfram texta

Spurning númer 17 í greiningarlyklinum er þessi; Bæta myndskreytingar við söguna á fjölmenningarlegan hátt (þ.e. koma fram atriði sem ekki er minnst á í texta)?

23 bækur af 100 voru myndskreyttar á þann hátt að annar kynþáttur en hvítur sást á myndum án þess að texti sögunnar léti uppi slíkar upplýsingar. Þegar myndskreytingar bæta við textann á þann hátt teljum við það jákvætt í fjölmenningarlegum skilningi. Við teljum að þegar annar litarháttur en hvítur sést án þess að það þurfi að nefna sérstaklega í texta þá sé það merki um að fjölbreytileiki meðal fólks sé sjálfsgæður hlutur, sem er jákvætt að okkar mati.

Aðeins tvær barnabækur, *Drekastappan* og *Tíu litlir kenjakrakkur* báðar eftir Sigrúnu Eldjárn, hafa aðalsögupersónur sem voru dökkar á hörund, þar sem hvítur kynþáttur kom einnig við sögu en ekki var minnst á litarhátt í texta bókanna. Í *Drekastöppunni* voru 7 aukapersónur sem allar voru hvítar á hörund en í *Tíu litlum kenjakrökkum* var um að ræða 10 aðalsögupersónur og enga aukapersónu. Skipting þeirra var sú að 7 krakkana voru hvítir, 2 svartir og 1 asískur í útliti.

Í hinum bókunum sem höfðu myndskreytingar af öðru fólki en hvítu, án þess að nokkuð um það kæmi fram í texta, var um að ræða aukapersónur en oftast þó ótilgreindar persónur sem ekki var minnst á í texta eða voru í bakgrunni og komu sögunni ekki beint við. Þrjár bókanna, allar eftir sama höfundinn, Todd Parr frá Bandaríkjunum, höfðu myndskreytingar sem sýndu óraunverulegan litarhátt. Um er að ræða bækurnar; *Afabókin*, *Ömmubókin* og *Fjölskyldubókin* en þær sýna afar fjölbreytta liti á persónum á borð við fjólbláan og appelsínugulan. Við greiningu þeirra allra var sett já við spurningunni um hvort myndskreytingar bættu við á fjölmenningarlegan hátt. Það var gert vegna þess að við teljum að öll börn, sama

hver litarháttur þeirra sé, geti speglað sig í sögunni sem gerir bókina fjölmenningarlega á óbeinan hátt að okkar mati.

4.2.2 Bækur sem minnst á kynþátt í texta

Tvær bókanna birtu einungis myndskreytingar af öðrum kynþáttum en hvítum og kom það fram í texta að ekki var um hvítt fólk að ræða. Þetta eru bækurnar *Híavata og stóri örninn* og *Við förum öll saman í safariferð*. Í texta bókarinnar um *Híavata*, sem Disney fyrirtækið gaf út, kom fram að um indíána var að ræða, en allar sögupersónur eru indíánar, og teljum við sem svo að þá sé hægt að gera ráð fyrir dekkri litarhætti en þess hvíta.

Í bókinni *Við förum öll saman í safariferð* eftir bandaríska höfundinn Laurie Krebs, eru allar sögupersónur svartar á hörund. Sögupersónurnar tíu eru fjölskylda og minnst var á eina þeirra á hverri opnu bókarinnar, þær voru því allar jafn mikilvægar sögunni og því allar flokkaðar sem aðalsögupersónur. Í bókinni var að finna ýmsan fróðleik um Tansaníu, líkt og um tungumálið svahilí. Sögupersónur báru hefðbundin tansanísk nöfn og merking þeirra útskýrð. Einnig er stutt umfjöllun í enda bókarinnar um þjóðflokkinn sem bókin er að segja frá, en hann heitir Masajar. Báðar þessar bækur, auk þriggja annarra í rannsókninni, reyndust ýta undir eða viðhalda staðalmyndum um ákveðna hópa fólks.

4.2.3 Fordómar og staðalímyndir

Engin þeirra hundrað barnabóka sem greindar voru í rannsókninni innihéldu fordóma en hins vegar máttum við sem svo að í einni bók, *Jói og baunagrasið* eftir Nick og Claire Page, hafi kynþáttum verið gert mishátt undir höfði. Aðalsögupersónan, Jói, og móðir hans eru dökk á hörund, og klæðnaður móðurinnar minnir á hefðbundinn spænskan klæðnað. Mæðginin voru fátæk í sögunni og áttu erfitt uppdráttar á meðan risinn, stóri hvíti og rauðhærði maðurinn, var ríkur. Svo rændu þau risann og höfðu það gott upp frá því. Það sem stakk okkur varðandi þessa sögu er að stóri vondi maðurinn var gerður hvítur á hörund og fátæka fólkið dökkt. Dökka fólkið er svo látið ræna hvíta manninn sem reynir að gera Jóa mein í tilraun til að stoppa hann. Einkennilegt þótti okkur skipting litarháttá á

myndskreytingum og teljum að slíkt færi neikvæð, undirliggjandi skilaboð til barna auk þess að ýta undir staðalmyndir.

Í öðrum fjórum barnabókum urðum við varar við áberandi notkun staðalmynda. Eins og segir í útskýringum greiningarlykilsins þá er viðmiðið okkar eigin upplifun af staðalmyndum og sem dæmi nefndum við að Kínverjar borði bara hrísgrjón eða að fólk í Afríku sé allt hálfklætt og berfætt og að múslímar séu hryðjuverkamenn sem komi illa fram við konur o.s.frv

Áðurnefnda bókin *Við förum öll saman í safariferð* er ein þessarra bóka. Myndskreytingar hennar sýna svart, hálfsköllótt, berfætt og klæðalítið fólk. Sumar sögupersónur voru einnig með stóra skartgripi víðsvegar um líkamann og báru spjót. Við teljum þetta vera hefðbundna staðalmynd vesturlandabjóða af Afríkubúum. Eins og flestum fullorðnum á að vera kunnugt þá er Afríka stór heimsálfa og þar búa ólíkir hópar fólks af ólíkum kynþáttum, sem bæði er fullklætt, skóað og tæknivætt.

Í bókinni *Hiavata og stóri örninn* sýndu myndskreytingar greinilega indíanasamfélag, en húðlitur sögupersóna, klæðaburður, indíanatjöld og fjaðrabönd sáu til þess. Indíanar eru að vísu með dekkri húðlit en hvítt fólk, svo ekki er um staðalmyndir að ræða þar, en flestir indíanar nútímans búa í húsum og bera ekki fjaðrir á höfðinu, ólíkt því sem börn gætu haldið í kjölfar barnaefnis sem oftast sýnir indíána í því ljósi.

Þriðja bókin, *Hjartagull; ævintýri um ættleiðingu* eftir Dan og Lottu Höjer, sýnir myndskreytingar af skáeygðu fólki með stráhatta, klyfjað þungum birgðum og seljandi mat á götum úti. Slíkt teljum við afar staðlaða ímynd okkar vesturlandabúa um daglegt líf í asísku landi. Í texta bókarinnar var þó á engan hátt hægt að greina lítilsvirðingu eða fordóma, því þvert á móti snérist sagan um ánægju og þakklæti norrænna hjóna að fá að ættleiða barn landi sem þeim fannst yndislegt og framandi.

Bókin *Lína langsokkur á Kattarattaey* eftir Karen Nyman (út frá texta eftir Astrid Lindgren), gerist að mestum hluta á eyju í heitu loftslagi. Íbúar eyjunnar eru allir svartir á hörund og eru ýmist í lendarskýlum eða strápilsum, og engu örðu, og búa í strákofum. Einnig eru eyjabúar, bæði karlar og konur, með lítið sem ekkert hár á höfði og með stóra skartgripi. Ekki ósvipuð mynd og kemur fram af svarta fólkinu í bókinni *Við förum öll saman í safariferð*.

Fjölmenningarlegur boðskapur bókanna

Til upprifjunar þá er 21. spurning greiningarlykilsins þessi; Má greina beinan eða óbeinan fjölmenningarlegan boðskap í sögunni? Með beinum fjölmenningarlegum boðskap er átt við að bókin feli í sér boðskapinn að mikilvægt sé að bera virðingu fyrir fólki sem er ólíkt manni sjálfum hvað varðar menningu, trú og kynþátt eða fræðir lesandann um ólíka menningu á jákvæðan hátt. Óbeinn fjölmenningarlegur boðskapur er aftur á móti þegar bókin sýnir umburðarlyndi og jákvæðni gagnvart fjölbreytileika samfélagsins, hvort sem það er raunverulegt eða tilbúið en einnig ef hún er þannig skrifuð að allir geta speglað sig í sögunni eða sett sig í spor sögupersóna.

Fyrst er frá því að segja að engin bókanna hundrað innhélt beinan fjölmenningarlegan boðskap að okkar mati. Við teljum reyndar, í ljósi þessara niðurstaðna, að erfitt gæti reynst að finna slíkar barnabækur þótt vilji væri fyrir hendi. Ætli þær sé ekki helst að finna inn á stofnunum sem sérhæfa sig í fjölmenningu, líkt leikskólinn Lækjaborg sem fjallað var um í rannsóknarkaflanum.

Óbeinan fjölmenningarlegan boðskap var hins vegar að finna í sex bókum, sem okkur þykir sláandi lág tala. Af þessum sex bókum voru fimm þeirra eftir erlenda höfunda (þrjár eftir sama höfund) og ein eftir íslenskan höfund. Flesta þeirra, eða sex talsins, höfðu ekki beinan fjölmenningarlegan boðskap heldur er gert út á fjölbreytileikann og hann gerður að jákvæðu og mikilvægu atriði í sögunni.

Afabókin, Ömmubókin og Fjölskyldubókin eru eins og áður sagði eftir sama höfund, Todd Parr. Þær eru athygliverðar á þann hátt að manneskjurnar í þeim öllum hafa ekki raunverulegan húðlit heldur eru í hinum ýmsu litum eins og fjólubláar, appelsínugular og grænar. Við túlkum það sem svo að litarháttur sé aukaatriði og fjölbreytileikanum fagnað. Annað dæmi um einkennilega og óraunverulega liti er að finna í bókinni *Elmar og týndi bangsinn* eftir David McKee. Þar er aðalsögupersónan marglitur köflóttur fill, og aðal-aukapersónan svart-hvítur köflóttur fill, á meðan önnur dýr voru í eðlilegum litum. Líta má á að köflóttu fílarnir tveir séu birtingarmynd minnihlutahópa en um leið eru þeir söguhetjurnar og því er hægt að túlka sem svo að sagan sé fjölmenningarleg. Það skortir heldur ekki litadýrðina í bókinni *Skólinn hans Barbababba* eftir höfundana Annette Tison og Talus Taylor. Barba fjölskyldan er í öllum regnbogans litum og í öllum stærðum og gerðum, eða getur í það minnsta breytt sér í hvaða lögun sem er. Þó öll hafi þau

ólíkan litarhátt þá eru þau samt ein stór fjölskylda og lifa saman í sátt og samlyndi. Slíkan boðskap teljum við vafalaust fjölmennningarlegan á óbeinan hátt þar sem greinileg jákvæðni er gagnvart fjölbreytileika og öll börn óháð menningu og kynþætti geta notið bókarinnar og lifað sig inn í söguna.

Bókin *Tíu litlir kenjakrakkar* fjallar um tíu börn. Útlit sögupersóna er afar ólíkt hvort sem þau hafa sama litarhátt eða ekki. Myndskreytingar í bókinni sýna hvít börn með ljósan, dökkan og rauðan háralit, svört börn og börn sem eru asísk í útliti. Öll börnin bera alíslensk nöfn, þ.e. nöfn sem löng hefð er fyrir hérlendis, þrátt fyrir að hafa annan litarhátt en hvítan. Slíkt teljum við vera jákvæð skilaboð til barna, að Íslendingar í dag séu fjölbreyttur hópur fólks og komi í ýmsum stærðum, gerðum og litum. Í bókinni var minnst á fjölbreytileika barnanna í textanum og virtust þau öll vera jafn mikilvæg sögunni. Bæði þessi atriði, auk þeirra fyrrgreindu, ýta að okkar mati undir jákvæðan fjölmennningarlegan boðskap til barna.

Í víðari skilningi, en líst er í spurningu númer 21, má segja að í bókum þar sem sögupersónur af ólikum litarháttum lifi og leiki saman á jafnréttisgrundvelli, eins og sjá má í bókinni *Lína langsokkur á Kattarattaey*, sé að finna fjölmennningarlegan boðskap. Slíkar sögur minna á fjölbreytileika fólks og benda á að fólk með mismunandi litarhætti geti lifað saman í sátt og samlyndi.

Það er vissulega áhugaverð niðurstaða, og áhyggjuefni um leið, að af þeim sex bókum þar sem við greindum fjölmennningarlegan boðskap var í öllum tilfellum um að ræða óbeinan boðskap þar sem litagleði á hörundi sögupersóna, sem oft voru ekki einu sinni mennskar (Barbafólkið og fillinn Elmar), er túlkuð sem fjölmennningarlegur boðskapur.

4.2.4 Annað

Í lok greiningarlykilsins höfðum við pláss til athugasemda eftir greiningu á hverri bók. Hugsunin var sú að þar væri hægt að minnast á ýmis atriði sem spurningarnar náðu ekki yfir en okkur fannst þó vert að minnast á. Hér á eftir koma fram ýmsar athugasemdir og upplýsingar um nokkrar af bókunum sem ekki hafa komið fram í formlegu spurningum lykilsins. Við ætlum að birta nokkur svör sem helst komu inn á fjölmennningarleg atriði sem greiningarlykillinn náði ekki til.

Tvær bækur eftir bandaríska, hvíta, höfundinn Bruce McMillan lentu í úrtakinu. Bruce skrifaði bækurnar *Hvernig konurnar stöðvuðu blásturinn* og *Hænur*

eru *hermikrákur*. Í báðum þessum bókum er greinilegt í texta að sögurnar eiga að gerast á Íslandi en í annarri bókinni er það ljóst af myndskreytingum að dæma, en í hinni er það sagt í sögutexta. Markmið fyrrgreindu bókarinnar er sagt vera að útskýra trjáleysi íslenskra sveita en á myndskreytingum í þeirri bók má sjá bæði peysuföt og hefðbundnar íslenskar lopapeysur. Þeirri síðarnefndu er ætlað endurspeglar að íslenska menningu og „vekja aðdáunarbrós yfir ráðkænsku íslensku kvenþjóðarinnar“. En í báðum bókum Bruce sjást einungis hvítar, digurvaxnar, konur auk húsdýra. Athygli vakti að í úrtakinu lentu tvær þýddar bækur um Ísland eftir sama erlenda höfundinn.

Gralli og dýrin í Afríku, eftir Bergljótu Arnalds er titill einnar bókarinnar sem var tekin til greiningar. Það vakti athygli okkar að þrátt fyrir titilinn þá sáust ekki nein merki um framandi menningu né fólk sem var dökkt á hörund. Einungis tvær af sögupersónum eru mennskar og er önnur þeirra hvít galdranorn en hin veiðimaður sem er ávalt í skugga. Það vakti athygli okkar að sá sem myndskreytti bókina var svartur maður frá Afríku, en það var mynd af honum inni í bókarkápunni, sem gerir það enn óvæntara að afrísk menning hafa ekki prýtt myndskreytingar á neinn hátt.

Mikið hefur verið rætt í þessum kafla um bókina *Tíu litlir kenjakrakkar*, eftir Sigrúnu Eldjárn, en titill hennar fær líklegast flesta til að hugsa til hinnar klassísku og umdeildu bókar *Tíu litlir negrastrákar*. Orðin kenjar merkir eitthvað sem er undarlegt og óvenjulegt en minnir óneitanlega mikið á landsheitið Kenýa, þar sem einmitt meirihluti íbúa er svartur á hörund sem styrkir svo enn frekar tenginguna við orðið „negrastrákar“. Sagan um kenjakrakkana er byggð upp á vísum sem ríma og fjalla um hvernig krakkarnir tínast úr hópnum einn í einu, líkt og sagan um negrastrákana gerði. En þrátt fyrir þessa sameiginlegu þætti þá eru sögurnar um margt ólíkar. Sagan um kenjakrakkana er alls ekki fordómafull heldur skemmtileg og litrík bók um skondna krakka sem hittast svo öll í lokin sæl og glöð. Bæði vísurnar og myndskreytingarnar eru eftir Sigrúnu Eldjárn sem hefur að okkar mati með þessari bók bætt skemmtilegu framlagi við þær fjölmennningarlegu barnabækur sem eru í boði hérlendis.

Útgáfufélag þjóðkirkjunnar gaf árið 2006 út bókina *Verndarengill leysir málið*, en höfundur hennar er þýskur maður að nafni Ursel Scheffer. Það sem vakti athygli okkar var að einungis sáust hvítar manneskjur á myndskreytingum sem

endurspeglar ekki fjölbreytileika íslensks þjóðfélags. Er það okkar skoðun að stofnun eins og þjóðkirkjan eigi að vera meðvitaðari um mikilvægi birtingarmynda fjölmenningar í því efni sem hún gefur út. Önnur bók sem tengist kristinni trú er bókin *Þú ert frábær*. Höfundur bókarinnar heitir Max Lucado og er bandarískur prestur.

Í þessum hluta greiningarlykilsins kom ýmislegt áhugavert fram sem þó á ekki heima í ritgerð um fjölmenningarlegar barnabækur og fær því ekki að standa hér. Niðurstöður rannsóknarinnar í heild benda til þess að birtingarmyndir fjölmenningar í barnabókum fyrir leikskólabörn á Íslandi séu af afar skornum skammti.

5. Samantekt og umræða

Í þessum kafla ritgerðarinnar verða teknar saman helstu niðurstöður og rannsóknarspurningunum svarað. Að lokum kemur umræða þar sem gerð verður grein fyrir hugsunum og þankagangi höfunda eftir skrif.

5.1. Samantekt

Fyrsta rannsóknarspurningin fjallaði um hver væri þýðing fjölmenningarlegra barnabóka í nútíma samfélagi. Niðurstaða okkar er sú að hún er ótvírætt afar mikil bæði fyrir einstaklinga og fyrir þjóðfélagið í heild. Í fræðilega yfirlitinu koma margsinnis fram atriði sem ýmist sanna eða ýta undir þá niðurstöðu, bæði skrif fræðimanna og rannsóknir.

Hanna Ragnarsdóttir (2002) segir að mikilvægt sé fyrir börn að fá að dafna sem einstaklingar og finna viðurkenningu bæði frá fullorðnum og jafningjum og á það við bæði heima og í skólastarfi, en bækur eru stór hluti þess. Fjölmenningarlegum bókum er ætlað að ýta undir menningarlega vitund og næmni og lýsa einstaklingum og samfélögum á ósvikinn hátt og mega ekki ýta undir staðalmyndir eða upphefja reynslu minnihlutahópa (Ching 2005). Hanna (2002) segir jafnframt að við mótun sjálfsmyndar barna sé mikilvægt að börnin upplifi sig sem part af umhverfi sínu og finnist þau hafa stjórn á aðstæðum. Ef börn geta aldrei endurspeglad sig í myndum eða texta þeirra bóka sem þau skoða og hlusta á er hætt við að þau upplifi sig utangátta.

Börn sem eiga á hættu að lenda á jaðrinum, erlend og þau sem falla utan við normið, (Elsa Sigríður og Hrönn Pálmadóttir, 2008) fá ekki eins mikið út úr leikskólastarfi ef þeirra veruleika er ekki sýnd sú virðing að birtast jafn oft og annarra í bókum sem eru lesnar og skoðaðar, þar sem bækur eru afar stór hluti starfsins. Lýsi bókakostur leikskóla aðeins ráðandi menningu og taki ekki mið af fjölbreyttum nemendahópi sínum er því verið að brjóta á þessum börnum samkvæmt Leikskólalögum (78/1994) sem kveða á um að hlúa eigi að öllum börnunum andlega og líkamlega og stuðla að umburðarlyndi og víðsýni þeirra. Þýðing fjölmenningarlegra barnabóka í nútímasamfélagi er því gríðarleg.

Þórdís Þórðardóttir (2007) bendir einnig á að í gegnum bækur læri börn siðalögmál og því má með fjölmenningarlegum bókum kenna víðsýni og umburðarlyndi fyrir fólki sem er ólíkt okkur sjálfum. Niðurstöður þróunarverkefnisins á Lækjarborg og rannsóknarinnar sem gerð var í kjölfarið (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2004) sýna að börn sem vinna með fjölmenningarlegar bækur og annað efni beri þess merki og að boðskapurinn komist til skila.

Mikilvægt er að velja bækur sem koma inn á mannlegan fjölbreytileika á réttmætan og jákvæðan hátt svo börn læri að meta það sem er nýtt og öðruvísi (Leikskólasvið Reykjavíkur, e.d.) og sömuleiðis mikilvægt að meta allt innihald bókanna, bæði texta og myndir því bæði sagnaformin innihalda sögu og boðskap til barnanna, sérstaklega fyrir allra yngstu börnin því fyrir þeim hafa orð enn enga merkingu og myndskreytingarnar sjá um að segja söguna (Margrét Tryggvadóttir, 1999). Bækur, eins og aðrir miðlar eru þáttur í því að fólk sé flokkað á ákveðinn hátt (Kristín Loftsdóttir, 2005) og því eru fjölmenningarlegar bækur öflugt tæki til að koma í veg fyrir að ranghugmyndir og fordómar fyrir því sem framandi er læsi sér í huga ungra barna, sem fæðast fordómalaus. Uppræting fordóma og uppbygging víðsýnna samfélags eru stór og afar mikilvæg verkefni og fjölmenningarlegar bækur eru þýðingarmikill, en jafnframt aðeins einn lítill þáttur í því starfi.

Rannsóknarspurning númer tvö spurði um hverjar birtingarmyndir fjölmenningar í íslenskum barnabókum væri, sem gefnar voru út ár árunum 2000-2008. Það gefur auga leið að þar sem engin af þeim hundrað handahófsvöldum bókum sem teknar voru til greiningar hafi beinan fjölmenningarlegan boðskap að birtingarmyndir hans séu ekki ýkja margar. Þær bækur sem innhéldu óbeinan fjölmenningarlegan boðskap voru einungis sex talsins. Fimm eftir erlenda höfunda og bara ein eftir íslenskan höfund. Það sem verra er að helmingur þeirra, eða þrjár talsin, voru eftir sama höfundinn, Todd Parr. Þessar þrjár bækur, *Fjölskyldubókin*, *Afabókin* og *Ömmubókin*, hafa allar myndskreytingar af fólki, með afar barnalegum teikningum þó, sem hafa óraunverulega húðliti. Það er einmitt af þeirri ástæðu sem þær voru flokkaðar sem fjölmenningarlegar, því þannig geta þær átt við hvaða samfélag og hvaða kynþátt sem er.

Hinar tvær sem eru eftir erlenda höfunda og óbeina fjölmenningarlega boðskapinn eru *Elmar og týndi bangsinn* og *Skólinn hans Barbapabba*. Báðar bækurnar fjalla ekki um raunverulega hluti heldur eru litríkar verur. Þær falla því þennan flokk af sömu ástæðu og hinar þrjár, að fjölbreytileiki og það sem öðruvísi er sé sýnt á jákvæðan hátt, sem geri það að verkum að börn hvaðanæva úr heiminum geti tileinkað sér þær.

Eina bókin eftir íslenskan höfund, sem flokkast sem fjölmenningarleg er eftir Sigrúnu Eldjárn og er það bókin *Tíu litlir kenjakrakkar*. Sú bók sýnir fjölbreytileika íslensks samfélags á frekar réttmætan hátt að okkar mati. Krakkarnir í sögunni er mjög ólík í útliti og eru tvö þeirra svört og eitt asískt, en öll jafn merkileg sögunni.

Birtingarmyndir fjölmenningar í íslenskum barnabókum, sem gefnar voru út á árunum 2000-2008 eru samkvæmt þessari rannsókn afar fátæklegar og ávalt er um óbeinan boðskap að ræða sem þarfnast í raun að lesandinn víðsýnn með opinn huga svo jákvæðnin gagnvart fjölbreytileikanum skili sér.

Þriðja og síðasta ritgerðarspurningin um hvort munur væri á barnabókum íslenskra og erlendra höfunda hvað varðaði sýnileika annarra litarháttanna en þess hvíta. Af þeim 39 bókum sem voru eftir íslenska höfunda, voru sögupersónur allar hvítar á hörund í 25 þeirra. Í 8 þeirra sjást aðrir kynþættir en sá hvíti og í 6 bókum á það ekki við að tala um kynþátt, þar sem sögupersónur eru ekki mennskar. Það sem meira er þá er í þessum átta bókum þar sem dekkri húðlitur en hvítur birtist þá er oftast en ekki um að ræða ótilgreindar manneskjur í bakgrunni sem ekki er minnst á í sögunni.

Þær bækur sem hafa erlenda höfunda eru 57 talsins. Skipting kynþátta í þessu bókum er sá að í 14 þeirra sást einungis hvítur kynþáttur, 28 þeirra kom fram dökkur litarháttur og í 15 þeirra átti það ekki við að tala um kynþátt. Þær 4 bækur sem eftir standa eru hafa annað hvort ekki ákveðinn höfund eða hafa höfund sem flokkast sem bæði íslenskur og erlendur og fellur því í hvorugan flokkinn.

Um 49% bóka eftir erlenda höfunda sýna dökkan kynþátt á myndskreytingum en einungis rétt rúm 20% bóka eftir íslenska höfunda sýna annan kynþátt en hvítan. Það er því ljóst að erlendir höfundar eru í það minnsta líklegri til að sýna dökkt fólk á myndskreytingum í bókum sínum.

5.2 Umræða

Þegar við lítum til baka eftir þessi skrif stendur helst upp úr breytt sýn okkar á það efni sem er í boði fyrir börn. Þrátt fyrir að ritgerðin sjálf hafi snúist um barnabækur sérstaklega, finnur maður að eftir að hafa lifað og hræst í málefnum fjölmenningarlegrar hugsunar að maður lítur allt efni, bæði ætlað börnum og fullorðnum, gagnrýnni augum en áður.

Niðurstöður athugunarinnar komu okkur töluvert á óvart. Að okkar mati ætti það að vera sjálfsagður hlutur fyrir börn hvaðanæva að geta nálgast efni þar sem þeirra menning er miðpunkturinn. Við teljum að undarlegt sé að barnabókakostur þjóðarinnar endurspegli þegna hennar ekki betur en raun ber vitni og virðist einungis gera ráð fyrir afmörkuðum lesendahópi. Þó vissulega sé hann stærstur ætti fleira en aðeins markaðshugsjón að vera tekin til skoðunar þegar aukið er við barnabókaflórana á Íslandi. Það getur ekki verið vilji okkar að þeir sem hingað koma til að verða samborgarar okkar upplifi sig eins og gesti, þrátt fyrir að vera staddir á stað sem þeir kalla heimili sitt. Væri ekki ákjósanlegast að búa þannig að öllum Íslendingum, nýjum og gömlum, innfæddum og aðfluttum, að þeim líði vel heima hjá sér og gætu verið stoltir af sjálfum sér og séreinkennum sínum hver svo sem þau eru.

Við teljum mikilvægi fjölmenningarlegra bókmennta ótvírætt, ástandið óviðunandi og spyrjum okkur því hvað sé til ráða? Að okkar mati er mjög mikilvægt að hrinda af stað umræðu um málefnið og vekja fólk til umhugsunar því vitneskja og fræðsla er að okkar mati fyrsta skrefið í átt að framförum, hvert svo sem verkefnið er.

Heimildaskrá

- Al-Hazza, T. og Lucking, B. (2007). Celebrating Diversity Through Explorations of Arab Children's Literature. *Childhood Education*, 83 (3), 132-135.
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2004). Fjölmenningarstarf í leikskóla – af þróunarverkefni og rannsókn. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun*. Kennaraháskóli Íslands. Ritrynd grein birt 30. desember 2004.
- Baghban, M. (2007). Immigration in Childhood: Using Picture Books to Cope. *The Social studies*, 98 (2), 71-77.
- Ching, S. H. D. (2005). Multicultural Children's Literature as an Instrument of Power. *Language Arts*, 83 (2), 128-137.
- Davis, K. L., Brown, B. G., Liedel-Rice, A., Soeder, P. (2005). Experiencing Diversity through Children's Multicultural Literature. *Kappa Delta Pi Record*, 41 (4), 176-180.
- DeNicolo, C. P., Fraquiz, M. E. (2006). "Do I have to say it?": Critical Encounters with Multicultural Children's Literature. *Language Arts*, 84 (2), 157-171. Sótt 3. febrúar 2009 af <http://proquest.umi.com/pqdweb?index=31&did=941788121&SrchMode=1&id=10&Fmt=3&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1235346047&clientId=58032>
- Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hrönn Pálmadóttir. (2008). Efling - Samræður leikskólakennara um fjölbreyttan barnahóp. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Kennaraháskóli Íslands. Ritrynd grein birt 1. desember 2008.
- Fishman, D. A. (2004). MAINSTREAMING ETHNICITY: Horace Kallen, the Strategy of Transcendence, and Cultural Pluralism. *The Southern Communication Journal*, 69 (2), 157-173.
- Guðrún Pétursdóttir. (2005). Allir geta eitthvað, enginn getur allt. *Skólavarðan*, 5 (1), 31.

Guðrún Pétursdóttir. (30. mars 2006). Hvað er fjölmenningarhyggja? Verður hún að lokum til þess að allir í heiminum tilheyri sömu þjóðinni? *Vísindavefurinn*. Sótt 15. ágúst 2009 af <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=5746>

Hagstofa Íslands. (2009) Lykiltölur mannfjöldans 1703-2009. Sótt 20 júlí 2009 af <http://hagstofa.is/?PageID=622&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN00000%26ti=Lykilt%F6lur+mannfj%F6ldans+1703%2D2009+%26path=../Database/mannfjoldi/Yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Hagstofa Íslands. (2009). Erlendir ríkisborgarar 1950-2009. Sótt 20 júlí 2009 af <http://hagstofa.is/?PageID=626&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN04001%26ti=Erlendir+r%EDkisborgarar+1950%2D2009+%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=fj%F6ldi>

Hagstofa Íslands. (2009). Börn í leikskólum með erlent móðurmál. Sótt 20 júlí 2009 af <http://hagstofa.is/?PageID=780&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO01103%26ti=B%F6rn+%ED+leiksk%F3lum+me%F0+erlent+m%F3%F0urm%E11+1998%2D2008++%26path=../Database/skolamal/IsNemundur/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/hlutfall>

Hanna Ragnarsdóttir. (2005). Skólaþróun í fjölmenningarsamfélagi. *Skólavarðan*, 5 (6), 5-6.

Hanna Ragnarsdóttir. (2002). „Markvisst leikskólastarf í fjölmenningarlegu samfélagi.“ *Uppeldi og menntun*, 11, 51–77.

Hendrickson, L. (2004). Teaching and Learning about Multicultural Literature: Students Reading Outside Their Culture in a Middle School Classroom/ Encountering Children's Literature: An Arts Approach/ Interpreting Literature with Children. *Childrens Literature Association Quarterly*, 29, 139-144.

Kristín Loftsdóttir. (2005). Menntaðar og villtar þjóðir: Afríka í texta íslenskra námsbóka. *Uppeldi og menntun*, 14(1), 71–101.

Kristín Loftsdóttir. (2007). Hin mörgu andlit Íslands: Framandleiki og fjölmenning í námsbókum. *Netla – Vef tímartit um uppeldi og menntun*. Kennaraháskóli Íslands. Ritrynd grein birt 30. desember 2007.

Khorana, M. G. (2005). Stories Matter: The Complexity of Cultural Authenticity in Children's Literature. *Children's Literature Association Quarterly*, 30, 215-220. Sótt 21. febrúar, 2009, af

<http://proquest.umi.com/pqdweb?index=8&did=941788521&SrchMode=1&sid=4&Fmt=3&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1235346453&clientId=58032>

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar. (e.d.). Fjölmenning í leikskólum – enginn eins en allir með. Sótt 15 ágúst 2009 af http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197_view-53/

Lestur góðra bóka eykur möguleika barna á að ná velgengni í lífinu (1997, maí).
Uppeldi, 1(10), bls.13.

Lög um leikskóla nr. 78/1994

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar. (2009). Horft til framtíðar – stefnumótun og aðgerðaráætlun í málefnum innflytjenda. Sótt 15 ágúst 2009 af http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/myndir/borgarstjorn/LOKAUTGAF_A_STEFNUMOTUN.pdf

Margrét Tryggvadóttir. (1999). Setið í kjöltunni – um myndabækur sem bókmenntaform, greiningu þeirra og sérstöðu íslenskra myndabóka. Í Silja Aðalsteinsdóttir (ritstjóri), *Raddir barnabókanna* (bls 101-136). Reykjavík: Mál og menning

Menntasvið Reykjavíkurborgar. (2006). Fjölmenningarstefna fyrir leikskóla í Reykjavík. Sótt 1. ágúst 2009 af http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/utgafur/leikskolar/skyrslurogstefnur/fjolmenningarstefna.leikskola-2.pdf

Ragnheiður Gestsdóttir. (1992). Áhrif máls og mynda á sjálfsmynd barna. *Tímarit Máls og Menningar*, 53(1), 26-33.

Reykjavíkurborg. (2001). Fjölmenningarstefna. Sótt 15. ágúst 2009 af http://fundir2.reykjavik.is/default.asp?cat_id=272

Rosenblatt, L. M. (2005). From "What Facts Does This Poem Teach You?". *Voices From the Middle*, 12 (3), 43-47. Sótt 12. febrúar af <http://proquest.umi.com/pqdweb?index=6&did=821067011&SrchMode=1&sid=7&Fmt=4&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1235476871&clientId=58032>

Short, K.G. (2009). Critically Reading the Word and the World. *Bookbird*. 47(2). 1-10.

Silja Aðalsteinsdóttir. (1999). Raddir barnabókanna – um frásagnatækni í barnabókum. *Raddir barnabókanna* (bls. 79-100). Reykjavík: Mál og Menning.

Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins (33/1944).

Unnur Dís Skaptadóttir. (2003). Vestfirsk fjölmenning: Um menningarlega fjölbreytni í sjávarþorpum. Ársrit *Sögufélags Ísfirðinga*, (43), 311-323.

Unnur Dís Skaptadóttir. (2004). Innflytjendur á Íslandi. *Homo*, bls 21-23.

Þórdís Þórðardóttir. (2007). Menningarlæsi ungra barna. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V*. (273-297). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Útdráttur

Ritgerð þessi er bæði heimildaritgerð og rannsókn í senn og fjallar um fjölmenningu í barnabókum sem ætlaðar eru börnum á leikskólaaldri. Markmið ritgerðarinnar var að svara þremur rannsóknarspurningum; Hvaða þýðingu hafa fjölmenningarlegar barnabækur í nútíma samfélagi? Hverjar eru birtingarmyndir fjölmenningar í barnabókmenntum fyrir börn á leikskólaaldri, sem gefnar voru út á árunum 2000-2008?; og er munur á barnabókum eftir íslenska og erlenda höfunda hvað varðar sýnileika annarra litarháttanna en þess hvíta? Innihald ritgerðarinnar hentar einna helst foreldrum og starfsmönnum uppeldisstofnanna, en þó getur hver sem er haft gagn og gaman að því að glugga í hana.

Fræðilegi hluti ritgerðarinnar skiptist í þrjú kafla; Fjölmenning, Barnabókmenntir og Fjölmenning í barnabókmenntum. Þessum kafla er ætlað að svara fyrstu rannsóknarspurningunni, en niðurstöður bentu til að þýðing fjölmenningarlegra bóka væri mikil í nútímasamfélagi, til dæmis í leikskólum þar sem jafnt verður að koma fram við öll börnin.

Seinni hluti ritgerðarinnar er rannsóknarhlutinn. Valdar voru hundrað bækur af handahófi í barnadeild Borgarbókasafns Reykjavíkur í ágúst 2009, barnabækur fyrir leikskólabörn sem voru gefnar út á árunum 2000-2008 á Íslandi. Hann skiptist, líkt og sá fræðilegi í þrjú meginhluta; Rannsóknaraðferð, Úrvinnsla gagna og Niðurstöður. Þessi hluti er gerður með það að markmiði að svara rannsóknarspurningum númer tvö og þrjú. Niðurstöður leiddu í ljós að birtingarmyndir í íslenskum barnabókum fyrir börn á leikskólaaldri eru af afar skornum skammti og að erlendir höfundar eru líklegri en íslenskir til að sýna annan litarhátt en hvítan.

Að lokum er samantekt og umræða þar sem efni ritgerðarinnar er dregið saman og niðurstöður ræddar. Í lokin verða svo settar fram okkar hugmyndir og þankagangur eftir skrifin.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	1
Efnisyfirlit.....	2
1. Inngangur.....	3
1.1 Rannsóknarspurningar.....	4
2. Fræðilegt yfirlit.....	5
2.1 Fjölmenning.....	5
2.1.1 Fjölmenningarsamfélagið Ísland.....	7
2.1.2 Þýðing fjölmenningar í leikskólastarfi.....	9
2.2 Barnabækur.....	12
2.2.1 Textar og myndskreytingar í barnabókum.....	14
2.2.2 Saga íslenskra barnabóka.....	15
2.3 Fjölmenning í barnabókum.....	17
2.3.1 Mikilvægi fjölmenningarlegra barnabóka.....	18
2.4 Rannsóknir um fjölmenningu.....	20
2.5 Gagnrýni.....	23
3. Athugun.....	25
3.1 Rannsóknaraðferð.....	25
3.1.1 Gerð greiningarlykils.....	25
3.1.2 Gagnasöfnun.....	27
3.1.3 Rannsóknargögnin.....	28
3.1.4 Greiningarlykillinn.....	29
3.2 Úrvinnsla gagna.....	33
3.3 Til umhugsunar.....	33
4. Niðurstöður.....	35
4.1 Tölulegar niðurstöður.....	35
4.2 Birtingamyndir fjölmenningar.....	40
4.2.1 Hvað sýna myndskreytingar umfram texta.....	40
4.2.2 Bækur sem minnst á kynþátt í texta.....	41
4.2.3 Fordómar og staðalímyndir.....	41
4.2.4 Annað.....	44
5. Samantekt og umræða.....	47
5.1 Samantekt.....	47
5.2 Umræða.....	50
Heimildaskrá.....	51

1. Inngangur

Með betri tækni og aukinni hnattvæðingu eru lönd og þjóðir að verða sífellt fjölmenningarlegri og samanstanda af fjölbreyttu gildismati, siðum og viðhorfum. Íslenskt samfélag hefur ekki farið varhluta af þessari þróun og íslenska þjóðin verður æ fjölbreytilegri og menningarflóran, sem hér er að finna, stækkar og eykst með hverjum nýjum íbúa.

Á Íslandi var fjöldi erlendra ríkisborgara 23.421 manns árið 2008, eða rúmlega 7% þjóðarinnar sé miðað við mannfjöldataölur þann 1. janúar 2008 en þá er ekki meðtalin sá fjöldi sem nú hefur öðlast íslenskan ríkisborgararétt, ólst upp erlendis eða börn sem eiga foreldra frá ólíkum menningarheimum (Hagstofa, 2009). Fólk sem hingað flytur erlendis frá er afar ólíkt og hefur ólíkan menningarlegan bakgrunn. Hingað flytja einnig börn á öllum aldri sem verða þátttakendur í íslensku skólakerfi og því teljum við mikilvægt að skólarnir, á öllum stigum, séu meðvitaðir um þennan hóp og að staðið sé vörð um hag þessara barna líkt og annarra.

Þekking, skilningur og virðing fyrir menningarheimum sem eru ólíkir okkar eigin er mikilvægur þáttur þess að við getum öll lifað saman á friðsælum jafnréttisgrundvelli. Menning er svo stór hluti sjálfsmyndarinnar að við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því að ekki allir deila sömu trú, gildum, hefðum og venjum og við erum vön. Með því að kynna okkur ólíka menningarheima, aukum við þekkingu okkar og skilning, en þessir tveir þættir eru einna stærstir þegar kemur að því að uppræta fordóma og leggja grunn að jöfnum réttindum og tækifærum fyrir alla, alls staðar. Börnum og fullorðnum af erlendum uppruna, og í raun öllum þeim sem ekki falla undir hið ríkjandi norm, verður að líða eins og þau séu eðlilegur partur af samfélaginu og geti verið stolt af uppruna sínum og menningu.

Við völdum að skoða birtingarmyndir fjölmenningar í barnabókum sérstaklega, og þau viðhorf sem þar er að finna gagnvart framandleika og fordómum, því við teljum mikilvægt að skoða á gagnrýninn hátt það efni sem borið er á borð fyrir börn á leikskólaaldri. Okkur lék forvitni á að vita hvert framboðið væri á bókum fyrir börn á leikskólaaldri sem sýndu ekki bara vestrænan veruleika og hvít börn. Einnig vildum við kanna hvort barnabókaflóran á undanförunum árum,

lýsti veruleika ólíks fólks frá ólíkum svæðum heims og einnig hvort munur væri á bókum sem eru skrifaðar af íslenskum eða erlendum höfundum.

Við ákváðum að miða rannsóknina við bækur fyrir börn á leikskólaaldri því barnabækur fá mikla dreifingu og eru mikið lesnar bæði í heimahúsum og innan stofnanna þar sem barnabækur eru afar stór hluti leikskólastarfsins hérlandis. Í leikskólanum er lesið fyrir börnin, þau ræða það sem fram fer í bókunum og ýmislegt bendir til þess að þær spili stórt hlutverk í menningarsköpun barna (Þórdís Þórðardóttir, 2007). Að okkar mati eykur það enn mikilvægi þess að þær endurspegli á jákvæðan hátt og viðurkenni fjölbreytileika samfélagsins.

Leikskólinn er fyrsta skólastig skólakerfisins og markmið hans eru meðal annars að gefa börnum kost á að njóta fjölbreyttra uppeildiskosta á meðan leitast er við að hlúa að þeim andlega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins. Lögum samkvæmt á leikskólinn að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og leggja grundvöll að því að þau verði ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í stöðugri þróun (Lög 78/1994).

1.1 Rannsóknarspurningar

Rannsóknarspurningarnar sem við lögðum upp með voru þrjár;

1. Hvaða þýðingu hafa fjölmennningarlegar barnabækur í nútíma samfélagi?
2. Hverjar eru birtingamyndir fjölmennningar í barnabókum fyrir börn á leikskólaaldri, sem gefnar voru út á árunum 2000-2008?
3. Er munur á barnabókum eftir íslenska og erlenda höfunda hvað varðar sýnileika annarra litarháttanna en þess hvíta?

Í lok ritgerðarinnar verður rannsóknarspurningunum svarað og öðrum merkilegum niðurstöðum og upplýsingum gerð greinagóð skil. Efnið er að okkar mati afar mikilvægt málefni sem vert er að kanna fyrir litla og nýja þjóðfélagsþegna hvaðan sem þeir koma svo við getum öll unað okkur sem best á jöfnum grundvelli.

2. Fræðilegt yfirlit

Þessi kafli skiptist í sjö undirkafla, en hlutverk þeirra er annars vegar að byggja grunn fyrir rannsókn sem lýst verður í næstu köflum, en fyrst og fremst er þeim ætlað að svara fyrstu rannsóknarspurningunni sem spyr um þýðingu fjölmenningarlegra barnabóka í nútímasamfélagi. Skipting kaflanna er þessi; kafli um fjölmenningarhugtakið, þýðingu og sögu þess (2.1), kafli um Ísland í fjölmenningarlegu samhengi (2.2), kafli um þýðingu fjölmenningar í leikskólum (2.3), kafli um barnabækur (2.4), kafli um fjölmenningu í barnabókum (2.5), kafli um rannsóknir um fjölmenningu (2.6) og að lokum gagnrýniskafli (2.7).

2.1 Fjölmenning

Hugtakið fjölmenning er flestum kunnugt en ef til vill ekki öllum ljóst. Hugtakið er ráðandi í gegnum alla ritgerðina og því mikilvægt að gera því góð skil, bæði í sögulegu samhengi og merkingu.

Að baki fjölmenningarhugtakinu liggur jafnréttishugsjón með virðingu fyrir öllu fólki. Það var fyrst notað árið 1941 til að berjast gegn yfirburðum vestrænnar menningar (Þórdís Þórðardóttir, 2007). Horace Kallen kom fram með fjölmenningarhugtakið í Bandaríkjunum á árum fyrri heimstyrjaldarinnar til að svara ört vaxandi þjóðerniskennd sem var farin að hreiðra um sig meðal Bandaríkjamanna. Fjölmenningarhugtakið var að hans mati öflugt tæki minnihlutahópa gegn því að neyðast til að aðlaga sig nýrri menningu og missa þannig tengsl við eigin uppruna og hefðir. Að mati Kallen gat þjóðin vel haldið einkennum sínum á sama tíma og hún gæfi erlendri menningu svigrúm til að þrífast og blómstra (Fishman, 2004). Hugtakinu er þó fyrst og fremst ætlað að viðurkenna og endurspeglar á jákvæðan hátt þann fjölbreytileika sem kemur fram í samfélögum nútímans sem samanstanda af breiðum og ólíkum hópum fólks með ólíkan menningarlegan bakgrunn (Unnur Dís Skaptadóttir, 2003).

Í Bretlandi var hugtakið fyrst notað í tengslum við allan þann fjölda farandverkamanna sem þangað flyktist á fimmta áratugnum. Seinna, á sjötta og

sjöunda áratugnum, var það helst notað í tengslum við námsárangur og aðlögun barna sem ekki höfðu enskuna að móðurmáli. Á níunda áratugnum var hugtakið tengt kynþáttafordómum og væntingum kennara til nemenda en um og eftir aldamótin fór athyglin að beinast að kynþáttafordómum í skólasamfélaginu (Þórdís Þórðardóttir, 2007).

Venjulega heyrum við hvorki né sjáum orðið *fjölmenning* standa eitt og sér. Oftast er orðið notað í tengingu við önnur orð á borð við; skóli, samfélag og bækur. Hugtakið vísar til þess að fólk af ólíkum uppruna og hluti af margskonar menningu búi og starfi saman og að samskipti manna á milli séu á jafnréttisgrundvelli (Guðrún Pétursdóttir, 2006).

Hugtakið fjölmenning, sama hvaða merking er sett í það, er sífellt að verða algengara, bæði í töluðu og rituðu máli. Aukna notkun hugtaksins má rekja til ört vaxandi fjölbreytileika innan nútíma samfélaga. Ekki eru fræðimenn á eitt sáttir um skilgreiningu orðsins, en hugtakið hefur bæði átt sína fylgismenn en einnig hlotið gagnrýni víða. Sumir gagnrýnendur fjölmenningarhugtaksins segja hugtakið vera óljóst og illa skilgreint. Í grein eftir Kristínu Loftsdóttur (2007) vísar hún í mannfræðinginn Jack David Eller sem taldi að í stað þess að líta á fjölmenningu sem fræðigrein væri réttara að líta á hana sem hreyfingu sem kræfist endurbóta, ekki ósvipað hugmyndum Horace Kallen.

Þessi fjölbreytileiki sem fjölmenningarhugtakinu er ætlað að lýsa einskorðast ekki aðeins við þjóðerni því einstaklings- og heimamenning er afar ólík þó allir séu af sama þjóðerni. Fólk býr við ólíkar aðstæður, ólík fjölskyldumynstur og ólíkan veruleika. Einstaklings- og heimamenning er sú menning sem hver og einn er fyrir áhrifum frá og tileinkar sér frá sínum nánustu og heimilisaðstæðum sínum. Hópur barna getur því talist fjölmenningarlegur þótt öll séu þau af sama þjóðerni þar sem enginn hefur eins heimamenningu. Heimamenningin ákvarðast af fjölskyldumynstri, menntun fjölskyldumeðlima, fjárhag og mismunandi hæfileikum hvers og eins. (Guðrún Pétursdóttir, 2005).

Til frekari útskýringar á hugtakinu segir Guðrún Pétursdóttir félagsfræðingur (2006) frá fjölmenningarhyggju, en það er viss hugmyndafræði eða stefna innan samfélaga sem miðar að virkum samskiptum milli ólíkra menningarhópa. Til þess að það sé möguleiki þurfa allir að vera metnir jafnréttáir og mikilvægir og hafa sömu möguleika á farsælu lífi. Til að fjölbreytileikinn sé

nýttur sem best sem verðmæti samfélagsins, gerir fjölmenningarhyggjan út á að hann skuli endurspeglast í mannauði opinberra stofnanna og að valdaskipting sé alls staðar óháð uppruna og menningu.

Fjölmenningarhugtakinu skal ekki ruglað saman við hugtakið margmenning, en ekki er um sama fyrirbæri að ræða. Í bókinni „*All different – all equal*“ sem Evrópuráðið gaf út árið 2004, er gerður greinamunur á margmenningarlegum samfélögum og fjölmenningarlegum samfélögum, og eru samskipti og jafnrétti þar lykilbreytur. Samkvæmt skilgreiningu ráðsins er *fjölmenningarlegt* samfélag það samfélag þar sem fólk af ólíku þjóðerni, með ólíka menningu, uppruna og trú býr á sama svæði og hefur opin samskipti sín á milli. Samskiptin eru á jafnréttisgrundvelli og einkennast af virðingu og umburðarlyndi. Allir eru jafn mikilvægir og enginn æðri eða verðugri en annar. *Margmenningarleg* samfélög eru af sama toga fyrir utan að í þeim er hið ólíka og óalgenga litið hornauga og fólki jafnvel mismunað vegna þessa. Minnihlutahópar eru látnir afskiptalausir án viðurkenningar og mats á verðleikum. Oft eru lög sem banna mismunun í þessum samfélögum, en þeim er ekki endilega framfylgt. Það er því ekki nóg að ólíkir hópar fólks deili landsvæði til að samfélag teljist fjölmenningarlegt heldur þurfa þar að eiga sér stað samskipti á jafnréttisgrundvelli (Guðrún Pétursdóttir, 2006). Í framhaldinu er áhugavert að skoða hvoru megin Ísland flokkast, er það margmenningarlegt eða fjölmenningarlegt samfélag. Hver er stefna Íslendinga í þessum málum?

2.1.1 Fjölmenningarsamfélagið Ísland

Fjölmenningarhugtakið flækir og ögrar fyrri hugmyndum um einsleita þjóð. Sumir velta fyrir sér hvort áhersla á fjölmenningu verði til þess að auðvelda erlendum einstaklingum aðgengi að íslensku samfélagi eða hvort hún leiði til einangrunar hópa út frá þjóðernislegum uppruna þeirra. Hér skiptir stefna stjórnvalda höfuð máli (Unnur Dís Skaptadóttir, 2004). Meginhlutverk þessa verkefnis er að kanna fjölmenningu í íslenskum barnabókum og því er áhugavert að skoða hver stefna ríkis og sveitarfélaga er í þessum efnum.

Engin sérstök lög, eða ákveðna fjölmenningarstefnu eða lög er að finna á Íslandi. Við orðaleit á alþingisvefnum (www.althingi.is) kom í ljós að orðið fjölmenning kemur hvergi fyrir í íslenskum lögum. Til að finna ákvæði sem tekur á menningarlegum margbreytileika þarf að líta allt til upphafs lagasetningar á Íslandi.

Samkvæmt 65. grein Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands (33/1944) skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Það er því ljóst að Ísland hefur frá upphafi Lýðveldisins haft lög gegn misrétti þó hvergi sé að finna ákveði um refsiaðgerðir, sé þeim ekki framfylgt.

Sum sveitarfélög hafa markað sér stefnu í þessum málum og má þar nefna fjölmenningsstefnu Reykjavíkurborgar. Sú stefna er þó komin til ára sinna en hún var samin árið 2001 og gildi til ársins 2004. Stefnan hafði það að leiðarljósi að reykvískt samfélag geti notið fjölbreytileika mannlífs og menningar í samfélagi þar sem ríkti jafnrétti, víðsýni og virðing í samskiptum fólks af ólíkum uppruna (Reykjavíkurborg, 2001). Ástæða þess að við lítum til Reykjavíkur fremur en annarra sveitarfélaga er sú að borgin er fjölmennasta sveitarfélagið auk þess sem gagnasöfnun rannsóknarinnar sem síðar verður lýst, fór fram á Borgarbókasafni Reykjavíkur.

Nú virðist sem Mannréttindastofa Reykjavíkurborgar hafi tekið yfir þennan málaflokk fyrir borgina í heild. Hún hefur gefið út stefnumótun og aðgerðaráætlun í málefnum innflytjenda sem samþykkt var í borgarstjórn í maí 2006 og tók gildi í ár, 2009, og er til ársins 2012. Þar stendur um framtíðarsýn Reykjavíkurborgar; „Reykjavík er alþjóðleg borg þar sem lífsgæðum, óskum og þörfum borgarbúa er skipað í öndvegi“. Markmið stefnu borgarinnar eru meðal annarra; „að Reykjavíkurborg fagni komu fólks frá öðrum löndum og með ólíkan bakgrunn“ og „að Reykjavíkurborg leiti allra leiða til að koma í veg fyrir fordóma og að íbúum sé mismunað vegna uppruna eða trúarbragða“ (Mannréttindaskrifstofa. 2009).

Sumar stofnanir innan sveitarfélaga hafa einnig sínar eigin fjölmenningsstefnur, til að mynda leikskólar. Fjölmenningsstefna á leikskólum verður skoðuð frekar en annarra stofnanna þar sem rannsóknin, sem á eftir fylgir, snéri að bókum fyrir börn á leikskólaaldri.

Börnum af erlendum uppruna fjölga stöðugt á Íslandi. Einstaklingum innan þessa fjölbreytta hóps gengur misvel að fóta sig við nýjar aðstæður á nýjum stað og þessi fjölbreytileiki gerir það að verkum að erfitt getur reynst að skapa skýra og ákveðna stefnu fyrir þennan hóp sem hentar öllum. (Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Samkvæmt Hagstofu Íslands voru 1521 barn með erlent móðurmál, í leikskólum á Íslandi árið 2008. Þar af voru 1018 á höfuðborgarsvæðinu einu saman (Hagstofa

Íslands, 2009). Það er því ljóst að barnahópurinn sem þarf að koma til móts við er stór og fjölbreyttur á leikskólum landsins. Leikskólarnir, og í raun skólasamfélagið allt, stendur því frammi fyrir stóru og veigamiklu verkefni sem, eins og samfélagið sjálft, tekur örum breytingum í takt við breytta tíma.

Leikskólar landsins starfa eftir aðalnámsskrá og í henni er að finna ýmsar áherslur sem flokka má sem fjölmenningarlegar. Í námsskránni kemur fram að leikskólarnir séu fyrir öll börn óháð andlegu eða líkamlegu atgervi, trú eða menningu og unnið er samkvæmt hugmyndafræði sem kallast; Skóli án aðgreiningar. Sú hugmyndafræði miðar að því að tillit sé tekið til þarfa allra barna, bæði í kennsluáðferðum og skipulagi leiksólastarfs í hverjum leikskóla. Í Reykjavík er öllum leikskólum borgarinnar jafnframt skylt að framfylgja stefnu hennar um fjölmenningarlegt samfélag. (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2006).

Sérstakur verkefnastjóri starfar á leikskólasviði Reykjavíkurborgar vegna fjölmenningar í leikskólum. Hann sinnir meðal annars fræðslu og ráðgjöf bæði fyrir börn og foreldra af erlendum uppruna sem og starfsfólk leikskóla. Einnig hefur verkefnastjórinn umsjón með fjölmenningarvef leikskóla, www.allirmed.is, (Mannréttindaskrifstofa, 2009) en þar er einmitt að finna greiningarlykil sem við höfðum til hliðsjónar við gerð greiningarlykilsins sem notaður var við rannsóknina sem lýst verður á eftir

2.1.2 Þýðing fjölmenningar í leikskólastarfi

Markmið okkar með skrifum á þessari ritgerð er að kanna þýðingu fjölmenningarlegra bóka í nútíma samfélagi og jafnframt að kanna birtingarmyndir fjölmenningar í bókum fyrir börn á leikskólaaldri. Barnabækur eru stór hluti leikskólastarfsins og því verður þýðing fjölmenningar í skólastarfi, aðallega leikskólastarfi, skoðuð.

Flestir fræðimenn á sviði menntamála taka undir þá staðhæfingu að fái barn traustan og góðan grunn á fyrstu skólastigunum þá greiði hann veginn fyrir því sjálfstrausti og öryggi sem það þarf til að þroskast og menntast. Einn mikilvægasti þátturinn í þessum grunni er móðurmálið, að börn nái góðum tókum á því móðurmáli sem kennslan fer fram á. Öllum börnum er mikilvægt að fá tækifæri til að dafna sem einstaklingar og að sérkenni þeirra séu virt og viðurkennd, bæði af öðrum börnum og fullorðnum. Ef barn öðlast ekki sjálfstraust og finnur ekki til öryggis á leikskólaaldri flytur það óöryggið með sér á næsta skólastig. Börnum

getur liðið illa í skóla finni þau fyrir skorti á viðurkenningu eða fyrir fordómum. Ef allt skólastarf gengur út frá því að íslenskt þjóðerni sé hið eðlilega og allt annað þjóðerni sé því óeðlilegt, þá er verið að senda þau skilaboð að menningarlegur fjölbreytileiki sé óvelkominn (Hanna Ragnarsdóttir, 2002).

Kennarar og annað starfsfólk menntastofnanna þurfa að taka á síauknum fjölbreytileika og að haga kennslu þannig að allir fái að njóta sín. Rannsóknir hérlendis hafa sýnt að þau börn sem helst eigi erfitt uppdráttar í leikskólum séu þau sem tilheyri jaðarhópum á borð við börn af erlendum uppruna (Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hrönn Pálmadóttir, 2008). Séu kennarar ekki undirbúnir til að taka við margbreytilegum nemendahópi getur það komið niður á námsárangri nemenda hans. Það skiptir máli að hugsa fyrst út frá sjálfum sér, eigin gildum og viðmiðum áður en maður fer að reyna að læra og skilja gildi og viðmið annarra menninga (Davis, Brown, Liedel-Rice, Soeder, 2005).

Hvers vegna ættu skólar að notast við fjölmenningarlega kennsluhætti? Ýmsir telja að börn veiti hlutum eins og litarhætti og tungumáli annarra ekki athygli en þrátt fyrir að þau minnist ekki á það, taka þau eftir því. Með umræðu og aukinni athygli á fjölbreytni mannlífsins er ekki verið að taka nokkra út og benda á þá til aðgreiningar, heldur er nauðsynlegt að velja viðfangsefni og bækur sem koma inn á fjölbreytnina á jákvæðan hátt. Slíkt starf í skólum hvetur börn til að læra að meta það sem öðruvísi er, hvort sem það er útlit, lífstíll eða menning (Leikskólasvið Reykjavíkur, e.d.).

Fjölmenningarleg kennsla hefur alltaf verið hugsuð sem kennslufræðilegt afl til að berjast gegn kynþáttafordómum og ójafnrétti (Ching, 2005). Börn á leikskólaaldri eru afar móttækileg fyrir því sem gerist í kringum þau og geta fordómar og ranghugmyndir mótast í hugum þeirra strax á unga aldri. Ekkert barn fæðist með fordóma gagnvart öðrum heldur eru þeir lærð hegðun. Þess vegna er afar mikilvægt að fullorðið fólk sé meðvitað um skoðanir sínar og viðhorf og passi sig að yfirfæra ekki eigin fordóma á börn því erfitt getur reynst að uppræta fordóma seinna á ævinni ef þeir hafa náð að festa rætur í barnæsku (Hanna Ragnarsdóttir, 2002).

Hanna Ragnarsdóttir (2005) bendir á að þær breytingar sem þurfi að eiga sér stað innan skólasamfélagsins svo að allar fjölskyldur íslensks samfélags geti unað sér sem best, séu ekki einungis nýir kennsluhættir og námsefni, heldur séu viðhorf

og hugsunarháttur einn stærsti þátturinn í að slík markmið náist. Hún nefnir að mikilvægt sé að breytingar séu gerðar á námskrá, kennslufræðum, námsmati, heildarskipulagi og stjórnun skólans en einnig umhverfi og námsefni. Mikilvægt er að kanna skilaboð, bæði augljós og óljós sem koma fram í því námsefni sem notað er. Börn verða að skynja það frá umhverfi sínu að þau séu öll jafn mikilvæg og að jöfn virðing sé borin fyrir þeim öllum.

Ein ástæða þess að fólk telji að fjölmenningarleg kennsla eða fjölmenningarlegt viðhorft sé ekki nauðsynlegt í skólastarfi er kynþáttablinda. Kynþáttablinda er hugtak sem merkir að litið er fram hjá mismun sem rekja má til þjóðernis eða kynþáttar. Slíkt á sér oftast stað undir misskilinni góðsemi þeirra sem telja að jafnrétti sé það að koma eins fram við alla, í stað þess að líta á jöfnuð sem virðingu fyrir margbreytileikanum og sérkennum einstaklinga. Sérkenni einstaklinga geta verið þættir á borð við litarhátt, menningu og þjóðerni (Þórdís Þórðardóttir, 2007).

Sumir telja að fjölmenningarlegar breytingar á námsefni, bókum og öðrum efnivið sem notaður er við skólastarf felir í sér ógnun við það sem íslenskt er og að það muni víkja fyrir hinu útlenda. Það er ekki raunin heldur er hugmyndin með aukinni fjölmenningu í starfinu einfaldlega sú að opna skólasamfélagið fyrir alla samfélagsmeðlimi og að ekki sé gert ráð fyrir einni menningu eða einsleitum hóp. Fjölmenningarleg hugsun í skólum gengur því út á jafnrétti allra barnanna og að enginn teljist sérstakur eða öðruvísi þó hann sé ekki fæddur eða uppallinn Íslendingur (Hanna Ragnarsdóttir, 2005).

Sjálfstæði, að finnast maður ekki vera öðrum háður og ráða yfir eigin aðstæðum, er mikilvægur þáttur í þróun sjálfsmyndarinnar en tilfinningin fyrir sjálfstæði getur verið skert þegar maður upplifir sig utangátta í umhverfi sínu. Ef börn af erlendum uppruna upplifa íslenskt þjóðerni sem venjulegt og sjálf sig sem frávik eða óvenjulegt er verið að senda þessum börnum þau skilaboð að þau séu ekki partur af samfélaginu (Hanna Ragnarsdóttir, 2002).

Skólar á öllum skólastigum standa frammi fyrir mikilli áskorun þegar kemur að því að standa vörð um jafnan hag allra nemenda sinna. Að okkar mati er afar nauðsynlegt fyrir alla þá sem taka þátt í þessari áskorun að líta sjálfa sig, verkefnið sjálft og framvindu þess gagnrýnum augum og endurskoða það í sífellu. Námsefnið sem ætlað er til kennslu ber einnig að líta gagnrýnum augum og starfsmenn

leikskóla verða að þora að hafa skoðun á málinu og kanna hvort nemendahópurinn allur geti endurspeglað sig í þeim bókum og því námsefni sem er til staðar. Bækur verður að endurnýja með fjölmenningu að leiðarljósi í stað þess að endurnýta í sífellu gamalt efni sem úteltist með breyttum nemendahópi.

Til að átta sig betur á áhrifum fjölmenningarstarfs er rætt um þróunarverkefni og rannsókn sem Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir framkvæmdu á leikskólanum Lækjarborg árið 2004. Verkefninu og rannsókninni er betur lýst í kaflanum *Rannsóknir um fjölmenningu* hér að neðan.

2.2 Barnabækur

Til að skilja hvernig lestur á fjölmenningarlegum barnabókum getur haft sérstaka þýðingu fyrir börn í nútímasamfélagi, er nauðsynlegt að skilja uppbyggingu og gerð barnabóka. Barnabækur eru ólíkar að gerð og gæðum og er margt sem á þar hlut að máli.

Raunin er sú að í hvert skipti sem við lesum góðar bókmenntir breytir það okkur og við sjáum heiminn í öðru ljósi. Því má segja að bókmenntir séu öflugt tæki til að skilja menningu og reynslu sem er ólík okkar eigin (Davis o.fl., 2005). Louise Rosenblatt (2005) beindi rannsóknum sínum aðallega að persónulegum viðbrögðum lesanda við sögum og ljóðum. Rosenblatt taldi að ákveðin samskipti ættu sér stað milli textans og lesandans. Hún sagði ritverk ekki hafa sömu merkingu fyrir alla þar sem bakgrunnur og skoðanir lesandans hafa áhrif á túlkun þeirra.

Val barna á lesefni stjórnast sjaldnast af eigin áhugahvöt og er í flestum tilfellum frekar tengt þrýstingi úr ýmsum áttum, frá foreldrum og starfsmönnum uppeldisstofnanna. Börn og barnabækur lifa nokkurs konar samlífi, ef svo má að orði komast. Í uppvexti venjast börnin ákveðnum hugmyndum sem verða hluti að meðvitund þeirra. Börnin tengja allt barnaefni við þekkingu sína og reynslu af lífinu. Bækur, eins og annað efni fyrir börn, gefa því börnum ímyndir sem sem þau síða leika eftir í daglegu lífi. Gott dæmi um þetta er heilsuátakið í kringum Latabæ, en börn taka boðskapinn sem þar er að finna þó nokkuð alvarlega. (Þórdís Þórðardóttir, 2007).

Mótun sjálfsmýndar barna er stór þáttur í þroskaferli þeirra og nauðsynlegt þess að börn læri að byggja upp jákvæða sjálfsmýnd. Til að slíkt sé hægt verður hún að byggja á raunhæfu en jákvæðu mati á eigin getu, hæfileikum og möguleikum.

Bækur geta, á óbeinan hátt, aðstoðað börn við að auka við reynslu sína og þroska, og þannig opnað fyrir þeim nýja möguleika að bæði ytra og innra lífi. Til þess að barnabækur hafi þessi jákvæðu og þroskandi áhrif, þurfa þær að uppfylla ákveðin skilyrði. Til að byrja með verða börn að geta samsamað sig efni bókar á einn eða annan hátt, því það gefur börnum öryggistilfinningu að kannast við aðstæður, atvik, tilfinningar eða hugsanir í bókum eða öðru miðluðu efni ef því er að skipta. Nákvæm eftirlíking við það sem börnin þekkja er þó ekki nauðsynleg né æskileg heldur bara að börn finni einhverja tengingu við líf sitt, innra eða ytra. Lítil börn setja ekki mörk á milli raunveruleika og ímyndunar, og hugarflugið skipar stóran sess í innra lífi þeirra („Lestur góðra bóka“, 1997).

Það sem gerir bók að barnabók er ekki hvað er sagt heldur hvernig það er sagt og að samband sögumanns og lesanda hans, eða þess sem hann talar til, sé náð og einlægt. Börn læra allt sem fyrir þeim er haft og því eru bækur oft notaðar til að kenna börnum góða siði. Skemmtilegar sögur geta haft alvarlegan og neikvæðan undirtón og því hægt að nota þær til að innræta litlum lesendum óæskilegar og vafasamar hugmyndir um eitt og annað, þó oftast sé það gert á óljósan hátt. Oft hafa bækur sem virðast einfaldar og einlægar misjafnlega dulin skilaboð. Af þessum ástæðum er áhugavert að kanna barnabækur og rýna í hvaða hugmyndir koma þar fram og hvernig mynd er gefin af samfélögum (Silja Aðalsteinsdóttir, 1999).

Barnabækur eru öflugt tæki til að aðstoða erlend börn við að aðlagast breyttum aðstæðum og sætta sig við breytinguna sem hefur orðið á lífi þeirra, oftast að þeim óspurðum. Það hefur jákvæð áhrif á börn að upplifa að saga, lík þeirra eigin, sé nógu merkileg til að fjallað sé um hana í bók og læra um að aðrir hafa gengið í gegnum það sama (Baghban, 2007). Barnabókakostur, sem lýsir menningarheimum á áreiðanlegan hátt, er mis mikill og góður eftir löndum. Í gegnum bækur geta börn öðlast meira en yfirborðsþekkingu um aðra menningarheima. Bækur bjóða þeim inn í söguheim þar sem þau geta fengið innsæi inn í tilfinningar og upplifanir fólks víðsvegar um heiminn. Börnin upplifa þannig að við erum öll jafn mannleg og læra um leið að meta menningarlegar margbreytileika. Lestur bóka sem lýsa heiminum á rangan veg og ýta undir neikvæðar staðalímyndir er jafn áhrifamikill og lestur vandaðra bóka sem lýsa menningarheimum á réttmætan hátt (Short, 2009).

Góðar barnabækur prófa lesendur sína, bæði þá sem lesa textann og þá sem aðeins geta hlustað og lesið í myndirnar. Góð barnabók spyr spurninga með táknum og vísunum í menningu, sögu og umhverfi. Þroski hvers og eins ræður því svo hve mikið af þessum skírskotum kemst til skila. En þótt eitthvað af þeim eða meirihlutinn fari fyrir ofan garð og neðan þá á það ekki að bitna á sögunni sem slíkri. Reyndar er það stundum þannig að ýmsar vísanir eru einungis ætlaðar fullorðnum, þótt um barnabók sé að ræða, því eins og komið verður inn á síðar þá er mikilvægt að sá sem les barnabækur fyrir börn hafi gaman af þeim líka (Margrét Tryggvadóttir, 1999).

Helstu raddir barnabóka eru texti og myndskreytingar og til að skilja betur hvernig þær raddir miðla boðskap bókanna til barna verður að skilja hvernig þær tala til lesandans.

2.2.1 Textar og myndskreytingar í barnabókum

Texti segir oft ekki alla söguna í barnabókum heldur tengir hann myndirnar og býr til eina heild. Myndabækur eru minnst tvíradðar, og er þá átt við að textinn sé ein rödd og myndirnar önnur rödd. Mikilvægt er að samræmi sé á milli texta og mynda og að þessar tvær raddir virki hvor aðra. (Margrét Tryggvadóttir, 1999).

Textar í myndbókum geta verið flóknari en talmál því myndskreytingarnar bæta hann upp og auka við skilning barnanna. Höfundar verða að passa upp á að samræmi sé á milli mynda og texta. Sé textinn langur verða myndirnar að vera þeim mun veglegri og flóknari svo barnið hafi stjórn á svokallaðri flettipörf sinni. Barn hefur ekki þolinmæði til þess að hlusta á lesturinn því ef það er búið að rannsaka myndskreytingarnar og þá er tilgangur og áhrif bókarinnar ekki þau sömu. Höfundar, hvort sem þeir fjalla um fjölmenningarlegt efni eður ei, verða að hafa þetta samræmi milli mynda og texta í huga ef metnaður er fyrir því að koma boðskap verka sinna á framfæri og gera þau áhrifameiri (Margrét Tryggvadóttir, 1999).

Fyrir allra yngstu börnin hafa orð enga merkingu en þau horfa og sjá. Lítil börn gera sér hugmynd um eitthvað áður en þau geta sett það í orð. Áður en börn læra að tala og lesa eiga myndir því greiðan aðgang að barnshuganum, því myndir geta talað til barna þótt þau geti ekki lýst þeim. Áhrif mynda geta því verið mikil. Þær geta haft sterk áhrif á tilfinningar barna og mótað smekk þeirra og viðhorf.

Myndskreytingar geta einnig vakið upp spurningar og opnað börnum nýjar leiðir. Þeim er ætlað að auðga texta barnabóka, gæða hann lífi og gefa bókinni aukið gildi með því að frysta viss augnablik í sögunni en geta einnig dregið niður textann, sett honum skorður og þar með dregið úr túlkunarmöguleikum hans. Áhrif myndanna er þó óhemju sterkt og mun sterkara nú en áður því myndin er orðin mun fyrirferðameiri þáttur en hún var fyrir nokkrum áratugum síðan. (Ragnheiður Gestsdóttir, 1992).

Í sumum tilfellum geta myndskreytingar verið takmarkandi og þrengjandi fyrir textann í stað þess að auðga og víkka túlkunarmöguleika hans. Í þeim tilfellum er sökin myndlistarmannsins, fremur en höfundar hverju sinni. Myndskreytingar viðast einnig gjarnan innihalda fastmótaðar staðalmyndir og einfalda túlkun á texta. Þeir listamenn sem eiga tilhneigingu til slíks verða að vera frumlegri í túlkun á textanum og leggja eitthvað frá eigin brjósti og jafnvel bæta við söguna í gegnum myndskreytingarnar. Listfengi bóka felst, meðal annars, í frumleika myndskreytinganna, ólíkt því sem er að finna í mörgum fjöldaframleiddum og klisjukenndum bókaflokkum eða endurútgáfum ævintýra. Myndskreytingar eiga ekki bara að vera fallegar myndir heldur tjáningarmiðill sem nýta mætti betur (Silja Aðalsteinsdóttir, 1999).

Það er því ekki sama hvað börn eru látin lesa með tilliti til gerðar mynda og texta því þau eru að upplagi fordómalaus og skoða bækur á þann hátt. Þau skoða allar myndir og fyrir þeim eru allir þættir verksins jafnir, hvort sem um ræðir aðalpersónur eða aukapersónur. Þau sjá líka fleiri smáatriði en þeir fullorðnu vegna þess hve opinn hugur þeirra er og eiga auðveldara með að að greina aukasögurnar sem stundum eru faldar í bakgrunninum heldur en sá sem les textann og þykist þar með vita hvað á að sjá og tengja við atburðarrásina í sögunni (Silja Aðalsteinsdóttir, 1999).

2.2.2 Saga íslenskra barnabóka

Þar sem rannsókn okkar byggir á íslenskum barnabókum þótti okkur rétt að fara stuttlega yfir sögu barnabóka og þróun þeirra hérlandis.

Smæð Íslands og fæð íbúa er stór hluti ástæðu þess að þróun í barnabókaútgáfu er langt á eftir því sem er að gerast í löndunum í kringum okkur. Barnabækur eru afar dýrar í framleiðslu en tækniframfarir og nýjungar í

prentvinnslu hafa verið örar síðastliðin ár og því hefur kostnaðurinn við framleiðsluna lækkað töluvert. Þar sem lengi vel var ekki fjárhagslega mögulegt að framleiða barnabækur hérlendis, voru í langan tíma bara á boðstólnum erlendar bækur sem prentaðar voru í fjölþjóðlegu samprenti margra þjóða. Fjölþjóðlegt samprent er þegar útgefendur frá mörgum löndum láta prenta bækur fyrir sig á sama tíma og skipta aðeins út textanum, til að spara peninga (Margrét Tryggvadóttir, 1999). Í dag, þegar framleiðslukostnaður er orðinn lægri og markaðurinn stærri er ekki hægt að nota það sem afsökun til að gefa ekki út fjölmenningarlegt efni fyrir börn.

Upp úr 1970 varð mikið rætt um bækur og börn hérlendis. Vakin var athygli á því hve slæmt það væri hve stór hluti bókakosts fyrir börn væru þýddar bækur. Einnig kom fram óánægja með gæði bókanna. Þær bækur sem þóttu meðal þeirra bestu og flokkast sem klassískar erlendis voru ekki þær bækur sem voru þýddar fyrir íslensk börn. Oftast var um að ræða ódýra verksmiðjuframleidda bókaflökka sem höfðu heldur til söfnunaráratu barna frekar en einhvers annars og því auðveldir í markaðssetningu. Í framhaldi af þessari umræðu hefur framleiðsla íslenskra barnabóka aukist jafnt og þétt og talsvert magn er nú í boði fyrir bókelsk börn, og árlega bætast við fleiri titlar (Margrét Tryggvadóttir, 1999).

Er meðalmennska áberandi í barnabókum? Sumir eru á þeirri skoðun að það sé listræn og hugmyndafræðileg kreppa í útgáfu barnabóka og svo virðist sem verið sé að gefa út sömu bækurnar ár eftir ár. Enn aðrir eru á þeirri skoðun að stór hluti barnabóka séu fullar af klisjum og tuggum og telja ástæðurnar fyrir því helst vera tvær, markaðslögmál og vanmat á tilfinningalegum og vitsmunalegum þroska barna. Í framleiðslu barnaefnis er oft gengið út frá því að sé efnið ekki ofureinfaldað og yfirborðskennt því þá kaupir foreldrar það ekki og börnin skilji það ekki (Ragnheiður Gestsdóttir, 1992).

Markaðshugsunin heldur líka aftur af því efni sem gefið er út og þess er gætt að það brjóti ekki í bága við neitt sem gæti valdið spurningum og umróti. Það efni sem nær því til neytandans er því oft á tíðum afar staðnað efni í staðlaðri útfærslu. Það getur því reynst erfitt fyrir börn að finna samsvörun við eigið líf, umhverfi sem þau þekkja eða jafnvel tilfinningar og drauma í fjölþjóðaframleiddu efni þar sem allar sögupersónur eru afar hlutlausar. Myndir og það mál sem þær tala er bara að hluta til alþjóðlegt. Það er því mikilvægt að listafólk sem kemur að útgáfu

barnaefnis og barnabóka noti innlend sérkenni og móti efnið að hverju samfélagi fyrir sig (Ragnheiður Gestsdóttir, 1992). Með því eigum við ekki við það að höfundar og listafólk skrifi og myndskreyti aðeins með stöðluðum útelum hugmyndum um Ísland heldur tengi sögurnar við fjölbreytileika samfélagsins.

Það er ekki alslæmt að okkar mati að sögupersónur séu hlutlausar, eða jafnvel í formi alþjóðlegra teiknimyndahetja, eins og er að finna í Disney bókunum, því þá geta börn af öllum þjóðernum endurspeglad sig í sögunni. Þannig geta börn víðsvegar að notið sömu sögunnar án þess að litarháttur og menning eins né neins komi þar við sögu. Fjöldaframleiddar bækur hafa því jafnt kosti sem galla, allt eftir því hvernig á það er litið.

2.3 Fjölmenning í barnabókum

Hvernig bækur flokkast sem fjölmennningarlegar bækur? Fjölmennningarlegar bækur eru um, og helst eftir fólk sem eru meðlimir hóps sem flokkast sem minnihlutahópur frá hinum ríkjandi meirihluta í viðkomandi samfélagi. Fjölmennningarlegar barnabókum eiga að fá börn til að véfengja neikvæðar staðalímyndir og málfar sem ýtir undir ójafnrétti eða ósanngjarna aðför að persónum innan sögunnar (DeNicolo og Franquiz, 2006).

Fjölmennningarlegar bækur eru öflugt tæki til fjölmennningarlegrar kennslu og skapa umræður um völd, kynþætti og menningu. Við val á fjölmennningarlegum bókum er forsendan oftast sú að þær ýti undir menningarlega vitund og næmni. Forsendan sem leitað er eftir þegar valdar eru fjölmennningarlegar bækur er sú að textinn og myndskreytingar sýni umhverfi á réttmætan hátt, að höfundur sýni söguhetjurnar á jákvæðan hátt og að texti og myndir staðfesti fjölbreytileika innan menningarhóps. Sagan á jafnframt að sýna menningarlegt samhengi og atburði á eðlilegan hátt, höfundur þarf að lýsa einstaklingum og samfélögum á ósvikinn hátt og bókin má ekki ýta undir staðalmyndir eða upphelja reynslu minnihlutahópa. Fjölmenning í þessu samhengi einbeitir sér að áþreifanlegum þáttum og hundsar hugmyndafræði sem veldur valdaskiptingu innan samfélaga (Ching, 2005).

Barnabókahöfundurinn Sigrún Eldjárn hefur unnið að því að brjóta niður fordóma og úrelt samfélagsgildi í verkum sínum. Fyrir utan sérkenni hennar að hafa mjög jafna kynjaskiptingu og að kvenkyns sögupersónur lenda í jafn miklum ævintýrum og karlkyns sögupersónur þá eru verk Sigrúnar nánast þau einu héraendis

þar sem aðrir kynþættir en sá hvíta sjást (Silja Aðalsteinsdóttir, 1999).

Kynþáttafordómar eru sjaldséðir í íslenskum bókum, ef *Negrastrákarnir* eru undanskildir. Margrét Tryggvadóttir telur þó ekki að víðsýni og fordómaleysi íslenskra höfunda sé um að þakka heldur einfaldlega fjarveru annarra kynþátta en þess hvíta í íslenskum barnabókum (Margrét Tryggvadóttir, 1999). Það væri gaman að sjá fleiri íslenska höfunda láta sig þetta varða og flétta margbreytileika samfélagsins betur inn í bækur sínar. Það ættu þeir að gera vegna mikilvægis þessara bóka fyrir unga og marbreytilega samborgara þeirra.

2.3.1 Mikilvægi fjölmenningarlegra barnabóka

Í gegnum barnabækur, meðal annars, læra börn siðalögmál. Í mörgum tilfellum er það efni sem er í boði fyrir börn af vestrænum toga og hentar einkum börnum af vestrænum uppruna. Gildi hinnar vestrænu miðstéttar skína í gegn um líkamlegt útlit og hegðan og gjörðir sögupersónunnar. Vestrænar hugmyndir um, til að mynda, heiður eru ekki eins og í öðrum menningarheimum og þar sem börn um allan heim skoða sama fjöldaframleidda barnaefnið geta þessi misvillandi skilaboð ruglað þau í ríminu (Þórdís Þórðardóttir, 2007).

Eins og áður hefur komið fram þá geta fordómar og ranghugmyndir skotið sér rótum hjá mjög ungum börnum. Flest börn á aldrinum þriggja til sex ára hafa öðlast djúpan skilning á sjálfum sér og umhverfi sínu og eiga því auðvelt með að tileinka sér þau viðhorf sem eru við lýði í umhverfi þeirra og fullorðnir í kringum þau aðhyllast (Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Barnabækur eru einungis ein birtingarmynd ímynda og orðræðna í hverju samfélagi fyrir sig, líkt og allt annað ritað mál og myndir. Þessar ímyndir eru viss endurspeglun á ráðandi viðhorf og geta ýmist endurskapað þau eða mótmælt þeim. Barnabækur byggja á félagslegum og menningarlegum skilningi á því hvar eigin þjóð stendur í samanburði við aðrar. Bæði textar og myndir gegna því hlutverki að túlka ímynd samfélaga og þjóða og sýn þeirra á eigin einkenni (Kristín Loftsdóttir, 2007).

Fræðifólk hefur lengi viljað benda á mátt ímynda í því að viðhalda og skapa staðalmyndir. Dæmi um slíkt gæti verið hvert hlutverk kynjanna sé og að kynþættir séu líffræðilega ákvarðaðir (Kristín Loftsdóttir, 2005), en ekki félagslega eins og raunin er. Það er ljóst að barnabækur, líkt og námsbækur sem og aðrir miðlar, séu þáttur í því að fólk sé flokkað á ákveðinn hátt. Sköpun sjálfsvera og skilgreining á

„okkur“ og „hinum“ eru undir áhrifum ímynda og orðræðna ýmissa miðla, þar á meðal barnabóka (Kristín Loftsdóttir, 2007).

Sú þekking sem barnabækur veita eru oftast samþykktar heilshugar og án gagnrýni af börnum og þessi sama þekking er svo oft en ekki samþykkt sem eðlilegur og gagnlegur grunnur að samfélagslegri menntun barnanna (Kristín Loftsdóttir, 2007). Leikskólar á Íslandi eru flestir reknir af sveitarfélögum og fylgja þeir allir sameiginlegri námskrá þar sem talin eru upp þau skilyrði sem þeir þurfa að uppfylla í starfi sínu. Því má segja að þær barnabækur sem eru notaðar í íslensku leikskólastarfi séu tengdar ríkisvaldinu og þá má ætla að innhald þeirra hampi skoðunum þess og gildum.

Ching (2005) segir mikilvægt að höfundar sem skrifa fjölmenningarlegar bækur og ætla sér að lýsa menningu geri það á sem áreiðanlegastan hátt því annars mætti líta á verknaðinn sem menningarlegan þjófnað. Ching vill meina að fólk verði helst að hafa upplifað menninguna og tekið þátt í henni áður en það getur farið að miðla henni til annarra. Dæmi um menningarlegan þjófnað gæti verið Hollendingur sem lýsir Íslendingum sem eskimóum í snjóhúsum.

Sem dæmi um mikilvægi þess að innleiða fjölmenningarlega hugsun og umburðarlyndi fyrir ólíkum menningarhópum má nefna að eftir árásina á tvíburaturnana í New York hefur viðhorf til araba breyst gífurlega. Kvikmyndir, tölvuleikir og fjölmiðlar gefa í mörgum tilfellum bæði neikvæða og einsleita mynd af þessum menningarhópi og sýnir hann sem „vonda karlana“ sem ógna velferð hins vestræna heims. Raunin er sú að arabar eru mjög fjölbreyttur menningarhópur. Innan arabamenningarinnar eru margvísleg trúarbrögð og hefðir og í raun er tungumálið, arabíska, það eina sem sameinar þá sem menningarhóp (annað hvort sem eigið tungumál eða sem viðurkennt tungumál forfeðra þeirra). Kennarar geta unnið gegn þessari þróun með því að innleiða barnabækur sem lýsa arabískri menningu og skapa jákvæðar og raunsæjar ímyndir á trúverðugan hátt. Það er mikilvægt að öll börn fái kynningu á daglegu lífi, hugsunum og tilfinningum arabískra barna til að vinna gegn staðalímyndum sem hafa skapast í kjölfar þessara hræðilegu atburða (Al-Hazza og Lucking, 2007).

Deilan um áreiðanleika fjölmenningar í barnabókum er helst sú að óljóst er hvaða menningarhópa bækurnar eiga að endurspegla. Eiga fjölmenningarlegar bækur að endurspegla alþjóðlegan hóp fólks, alla kynþætti eða minnihlutahópa

samfélagsins á borð við fatlaða og samkynhneigða eða eiga þær ef til vill að fjalla um samskipti milli menningarhópa. Raunin er sú að það er engin sérsök viðmiðun fyrir fjölmennningarlegar barnabækur, nema að þær aðgreina sig með tilgangi sínum. Fræðimaðurinn Mingshui Cai telur þessa tegund bókmennta aðgreina sig frá öðrum þar sem þær fjalla um og eru eftir fólk sem er utan hins ráðandi meirihluta, oft á tíðum litað fólk, en slík viðhorf hafa verið gagnrýnd fyrir að ýta undir aðgreiningu þessara hópa. Svar Cai við þeirri gagnrýni er að markmið fjölmennningar sé að draga úr valdi ráðandi hópa með valdeflingu jaðarhópa og leið til að miða að jafnrétti (Khorana, 2005).

Einn mikilvægasti þátturinn í umræðunni um fjölmenningu varðar menningarlegan áreiðanleika og eru margar skoðanir í gangi varðandi hæfni höfunda til að ná fram einkennum annarra menningarheima á réttmætan hátt. Sem dæmi um hversu mikið hitamál menningarlegt réttmæti er innan þessarar umræðu má nefna hugtakið „menningarþjófnaður“ sem minnst var á hér framfar. (Khorana, 2005).

2.4 Rannsóknir um fjölmenningu

Sem dæmi um hvernig nota má fjölmennningarlegar bækur til að auka skilning barna á menningarheimum sem eru ólíkir þeirra eigin er gott að skoða rannsóknir sem gerðar hafa verið um efnið. Kathy Short (2009) gerði rannsókn í Bandaríkjunum um hvernig mætti á áhrifaríkan hátt fá börn til að lesa alþjóðlegar bækur til að byggja upp fjölmennningarlegan skilning. Slíkur skilningur felur í sér meira en að kenna mannleg samskipti eða bæta við bók um lönd í námsefni barna, en slíkt verður oftast til þess að styrkja staðalímyndir í stað þess að skapa nýjan skilning um menningarleg sjónarmið. Hún telur því betra að miða að því að kynnast menningarheimum á dýpri hátt en að kynnast til að mynda einungis landfræðilegum upplýsingum auk þekkingar um matar- eða hátíðarvenjur.

Rannsóknin fór þannig fram að bækur þar sem sögupersónur áttu í erfiðleikum með sjálfsmynd sína voru lesnar upp fyrir nemendur á ýmsum aldri. Nemendurnir brugðust við með því að kanna menningarleg einkenni sín á margvíslegan hátt. Börnin gerðu kort af lífshlaupi sínu eða komu með hluti að heiman og gerðu safn-uppstillingu. Þessi þátttaka varð til þess að nemendurnir

gerðu sér grein fyrir því að þátttaka þeirra í fjölskyldu- og samfélagslífi mótar þá í þær manneskjur sem þeir síðar verða (Short, 2009).

Bækurnar sem voru lesnar fyrir nemendurna fjölluðu annars vegar um þeirra eigin menningu, en slíkt var nauðsynlegt til að byggja upp skilning, en síðar var farið að lesa um aðra menningarheima og fjölbjódlegar bækur í bland. Tilgangurinn var sá að nemendurnir sæju að þeirra sjónarhorn á veröldina væri einungis eitt af mörgum og ekki endilega það eina rétta. Þetta var til að mynda gert með því að láta nemendur setja saman kort af eigin lífshlaupi með hjálp 10-15 alþjóðlegra myndabóka. Þannig sáu nemendurnir að þeirra eigið lífshlaup, og annarra bekkjarfélaga, einskorðaðist ekki endilega við eina ákveðna menningu (Short, 2009).

Gæði bóka skiptir gríðarlegu máli. Rannsakendur létu nemendur til að mynda kynna sér kóreska menningu og var ein kóresk bók lesin upphátt og síðan flettu nemendur í bókum sem safnað hafði verið saman um kóreska menningu. Niðurstaðan var sú að sá bókakostur sem var til staðar í Bandaríkjunum um kóreska menningu byggist allur á sögulegum skáldskap og þjóðsögum og lítið um nútímaímyndir. Kóresk menning er því steipt á fortíðarstall með myndum af litlum þorpum og hefðbundnum kóreskum klæðnaði. Rannsakendur keyptu því nýlegri bækur frá Suður-Kóreu og nýrri bækur sem þýddar voru á ensku og þar var að finna mun nútímalegri og raunverulegri mynd af kóreskri menningu en í fyrri bókunum (Short, 2009).

Gagnrýninn lestur bóka er afar mikilvægur. Brasilíski uppeldisfræðingurinn Paulo Freire benti réttilega á að án gagnrýnnar hugsunar við lestur bóka verður upplifunin yfirborðskennd og lesandinn fær aðeins einangraðar upplýsingar sem eru ef til vill ekki réttmætar. Hann taldi nemendur verða að glíma við orð og hugmyndir í stað þess að dreypa létt á þeim. Það er mikilvægt að fara ekki í kring um hluti á borð við kynþætti, húðlit eða fordóma, og verja þannig barnunga lesendur fyrir því að velta þessum hlutum fyrir sér. Litarháttur er mikilvægur þáttur af sjálfsmýnd einstaklinga og með því að segja að „það skipti ekki máli hvernig við lítum út“ gerum við lítið úr því að fólk með ólíkan litarhátt mætir ólíku viðmóti og þar með reynsluheimi þeirra einstaklinga sem mæta fordómum vegna litarháttar (Short, 2009).

Á Íslandi hafa einnig verið gerðar rannsóknir um fjölmenningu. Á árunum 2001-2004 stóðu Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (2004) fyrir þróunarverkefninu Fjölmenningarleikskóli á leikskólanum Lækjarborg, en því var ætlað að prófa áfram ýmsar aðferðir til að skapa fjölmenningarlegt umhverfi á leikskólum. Í kjölfar verkefnisins gerðu þær rannsókn á áhrifum fjölmenningarlegra starfshátta á starfsfólk, foreldra og börn leikskólans.

Markmið verkefnisins var; að börnin lærðu að fólk er ólíkt en allt jafn mikils virði, að leikskólastarfið endurspeglaði fjölmenningarlegt samfélag, að gera heimamál og menningu að sjálfsögðum þætti í leikskólastarfinu og að starfsfólkið yki þekkingu sýna og færni til að sinna fjölbreyttum hópi barna og foreldra. Þetta var gert með því að auka fræðslu til starfsfólks og samstarf við foreldra. Mikið var lagt upp úr því að gera umhverfi barnanna fjölmenningarlegt og áhersla lögð á að vinna með samskipti, vináttu og fjölmenningarlegan skilning barnanna (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2004).

Í verkefninu var lögð áhersla á að umhverfi leikskólans endurspeglaði fjölmenningu og tók það til þátta eins og leikfanga, bóka, leikefni og annars efnis. Það var gert með því að kaupa inn nýtt efni til leikskólans sem tengdist fjölmenningu. Þess var gætt að það efni sem var í boði hefði ekki einungis skírskotun til íslenskrar menningar og að bækur og brúður sýndu ekki einungis hvítan litarhátt. Til að tengja heimameningu við leikskólastarfið voru einnig unnin ýmis verkefni í samstarfi við foreldra en samstarf við þá var meðal annars aukið með lengri foreldrafundum þar sem áhugi leikskólans á þeim og barninu var gerður ljós (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2004).

Verkefnisstjórar þróunarverkefnisins gerðu eigindlega rannsókn til að meta áhrif fjölmenningarlegra starfshátta á starfsfólk, börn og foreldra. Niðurstöðurnar voru þær að starfsfólk sagðist í fyrstu hafa verið óöruggt en hafa smám saman fengið meira sjálfstraust. Áhugi starfsfólks hafði aukist og gagnrýnin vinnubrögð orðin algengari. Starfsfólk nálgast börnin öðruvísi en áður, sérstaklega börn af erlendum uppruna. Í stað þess að þau lentu til hliðar lagði starfsfólk sig fram við að efla þessi börn og ýta undir áhugavöt þeirra. Starfsmenn töluðu um að aukin foreldrasamskipti væru helsti kostur verkefnisins. Foreldrar virtust einnig afar ánægðir með starfið og erlendu foreldrarnir voru tilbúnir að taka þátt þrátt fyrir að sumir þyrftu að vinna mikið, byggju við erfiðar aðstæður og vissu minna um

verkefnið en íslensku foreldrnir. Sumir foreldrar lýstu neikvæðum tilfinningum í upphafi verkefnisins en sögðu þær hafa horfið þegar hún fór að fylgjast með starfinu (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2004).

Rannsóknin leiddi í ljós að áhugi barnanna var afar mikill og virðing þeirra fyrir náunganum og aukinn áhugi á okunnum löndum og menningum gerði vart við sig. Erlendu börnin sýndu mun meira sjálfsöryggi og opnuðu sig meira eftir að leið á starfið. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu einnig að markmiðum verkefnisins var náð að mestu leyti og heppnaðist því vel (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2004).

2.5 Gagnrýni

Sumir setja spurningamerki við það að lestur fjölmenningarlegra bóka auki skilning milli menninga – en það er eitt helsta aðalsmerki fjölmenningarbóka. Janice Dressel gerði rannsókn þar sem hún kannaði hvort menningarleg vitund nemenda efldist við lestur fjölmenningarlegra bóka og komst að því að aðallega hvítum nemendum finnst gaman að lesa um karaktera sem eru ólíkir þeim. Í rannsókn sinni sá hún að börn áttu erfitt með að færa reynslu karaktera í bókum upp á raunverulegt fólk. Hún taldi samskipti fólks með ólíkan menningarlegan bakgrunn hentugri til að vekja fjölmenningarlega vitund meðal nemenda. Nemendur áttu ekki bara erfitt með að skilja betur ólíka menningu heldur einnig sína eigin eftir lestur fjölmenningarlegra bóka. Einnig héldu þau áfram að líta á sig sjálf sem normið (Hendrickson, 2004).

Aðrir, sem gagnrýna fjölmenningar barnabækur setja út á ritskoðun barnabóka og telja hana standa í vegi fyrir því að barnabókahöfundar geti um frjálst höfuð strokið. Peter Hollingdale segir að krafan um pólitískt réttlæti í barnabókum sé orðin svo mikil að það hafi leitt til þess að sögupersónur séu nánast kynlausar, kynþáttalausar og stéttarlausar (Silja Aðalsteinsdóttir, 1999). Þó sumir fræðimenn segi um menningarlegt réttmæti að réttmæt lýsing á menningarheimi ákveðins hóps geti eingöngu komið frá einstaklingi innan þeirrar menningar er það álit annarra að með þessum hugsunarhætti sé fjölmenningarleg ritskoðun farin að hafa áhrif á ritfrelsi höfunda. Það er þeirra starf höfunda að finna upp aðstæður og persónur, svo af hverju ætti að vera óæskilegt að skrifa utan eigin menningar. Að sama skapi benda aðrir fræðimenn á að þó höfundur bókar sé partur af ákveðinni menningu er ekki gefið að bókin sé endilega góð eða réttmæt (Khorana, 2005). Til samanburðar má nefna að karlmenn skrifa oft um konur og reynslu þeirra og öfugt með góðum

árangri. Að okkar mati fara gæði ritverka fremur eftir innsæi rithöfunda en það er ekki endilega gefið með uppruna einstaklings en getur aftur á móti skapast með rannsóknar- og undirbúningsvinnu.

3. Athugun

Í þessum kafla verður sagt frá athugun sem gerð var á birtingarmyndum fjölmenningar í eitt hundrað nýlegum íslenskum barnabókum. Fyrst verður fjallað um rannsóknaraðferð (3.1), þar sem gerð greiningarlykilsins er lýst og greiningarlykillinn sjálfur með útskýringum. Þar verður einnig gagnasöfnun lýst ásamt lista yfir rannsóknargögn. Næst verður rætt um úrvinnslu gagna (3.2) og að lokum stuttur umræðukafla (3.3).

3.1 Rannsóknaraðferð

Tilgangur rannsóknarinnar er að svara rannsóknarspurningum númer tvö og þrjú. Eins og kom fram í inngangi þá eru rannsóknarspurningarnar þessar;

- 1) Hvaða þýðingu hafa fjölmenningarlegar barnabækur í nútíma samfélagi?
- 2) Hverjar eru birtingarmyndir fjölmenningar í íslenskum barnabókum?
- 3) Er munur á barnabókum eftir íslenska og erlenda höfunda hvað varðar sýnileika annarra litarháttá en þess hvíta?

Til að svara rannsóknarspurningunum var gerður greiningarlykill og hann notaður til að greina eitt hundrað barnabækur sem valdar voru af handahófi á barnabókadeild Borgarbókasafnsins í Reykjavík.

3.1.1 Gerð greiningarlykils

Svokallaður gátlisti af heimasíðunni allirmed.is var notaður til hliðsjónar við gerð fyrsta uppkasts greiningarlykilsins. Gátlistinn þótti okkur of flókinn og of ítarlegur til að nýta í þessa rannsókn og margar spurninganna í honum komu efni rannsóknarinnar ekki við. Sá greiningarlykill virtist frekar virka sem hjálpartæki fyrir einstaklinga eða kennara sem vilja leita að fjölmenningarlegum bókum, en til greiningar í rannsóknnum af þessari gerð. Nokkrar útgáfur lykilsins litu dagsins ljós sem urðu ekki endanlegar af ólíkum ástæðum.

Fyrsta uppkast að lyklinum var keimlíkur þeim sem er að finna á fyrrnefndri heimasíðu. Sá lykill reyndist strax við fyrstu prófun vera, eins og áður sagði, of

langur og ítarlegur til að kallast nothæfur í okkar rannsókn. Önnur og styttri útgáfa lykilsins varð næst til, en fór sömu leið og sú fyrri sökum þess að spurningarnar voru og flóknar til að nota til greiningar á hundrað bókum. Tímaraminnn sem var til ráðstöfunar fyrir greiningarhlutann var einfaldlega ekki nógu langur til að tími gæfist fyrir svo flókinn lykil og erfitt fyrir tvær manneskjur að greina bækurnar eins, með lykil af þessu tagi.

Á meðan prufulyklar komu og fóru, prófuðum við okkur áfram með nokkrar prufubækur. Nýjar spurningar bættust við á meðan aðrar voru látnar hverfa þegar misræmi kom upp í greiningu bókanna. Þannig gekk þetta í nokkra stund eða þangað til við greindum allar prufubækur, sem voru fimm talsins, nákvæmlega eins. Til gamans má geta að í upphafi gagnasöfnunar tóku rannsakendur í fjórum tilfellum sömu bókina, þar sem fleiri en eitt eintak var til af sumum bókunum, og greindu hana með lokaútgáfu greiningarlykilsins. Sú óvænta áreiðanleikaprófun reyndist sanna fyrri prófanir því bækurnar voru greindar nánast orðrétt eins.

Þegar greiningin hófst voru bækurnar lesnar með greiningalykilinn til hliðsjónar og hann svo fylltur út í kjölfarið eftir hverja bók. Þar sem við vorum orðnar sáttar við áreiðanleika greiningarlykilsins, í kjölfar prófanna á handahófsvöldum bókum, þá greindum við fimmtíu bækur hvor. Að því loknu drógum við þrjár bækur af handahófi af þeim sem hin hafði greint og endurtókum leikinn til að kanna áreiðanleika og reyndist hann fullnægjandi.

Barnabækurnar sem notaðar voru til prófunar og finstillingar á lyklinum voru ekki endilega gefnar út á því níu ára tímabili sem rannsóknin beindist að heldur valdar af handahófi á barnadeild Borgarbókasafnsins. Í forprófunum á lyklinum var aðalatriðið ekki útkoma greiningarinnar, heldur áreiðanleikinn, eða að báðir rannsakendur, sem og aðrir, myndu svara öllum spurningum eins. Markmið okkar við gerð greiningarlykilsins var ekki aðeins það að hann næði að grípa helstu einkenni fjölmenningar í barnabókunum heldur líka að hann væri áreiðanlegur. Áreiðanleiki lykilsins er mikilvægur og er vísun í nákvæmni. Að lykillinn sé áreiðanlegur merkir að sömu niðurstöður eigi að fást, sé hann notaður á sömu barnabók, óháð hver notar hann eða hvenær hann er notaður.

Til hliðsjónar og aðstoðar við notkun lykilsins var hann prentaður út með nánari útskýringum á spurningunum sem í honum eru. Þannig afmörkuðum við spurningarnar og ákváðum hvaða skilningur og merking væri lögð í spurningarnar

og hugtökin sem þar koma fram. Þetta var gert svo að allir geti svarað öllum spurningum á sama eða svipaðan hátt. Til að áreiðanleiki rannsóknar sé sem mestur verða spurningar og hugtök að vera skýr og vel afmörkuð. Áreiðanleiki lykilsins veitur að miklu leiti á því að þetta fylgiskjal sé notað meðfram greiningu því mismunandi er hvaða merkingu fólk leggur í spurningar og hugtök.

Lokaútgáfa lykilsins inniheldur tuttugu og tvær spurningar. Lyklinum er ætlað að fá fram tæknileg atriði um hverja bók, eins og útgáfuár, kyn höfundar og fjölda aðalsögupersóna, með stuttum einföldum svörum. Svo eru í honum opnar spurningar sem taka á helstu atriðum sem koma inn á fjölmenningu í barnabókum. Orð, orðasambönd og/eða myndskreytingar sem sýna eða vísa á einhvern hátt til þjóðar, menningar, litarháttar eða trúar, er hægt að minnst á og lýsa í svari opnu spurninganna.

Við erum því nokkuð vissar um að greiningarlykillinn sem notaður var við þessa rannsókn sé gott tæki til að meta hvernig fjölmenning birtist yngstu þegnum Íslands í gegnum bókakost.

3.1.2 Gagnasöfnun

Hundrað bækur voru valdar af handahófi og greindar með greiningalykli sem var sérstaklega hannaður fyrir þessa rannsókn og síðar var unnið úr gögnunum. Ástæða þess að þessi tímarammi var valinn sérstaklega, frá 2000 til 2008, er sú að við vildum takmarka okkur við nýjustu bækurnar en afmarka okkur þó ekki of mikið. Einnig voru rannsókninni sett takmörk með því að miða bækurnar við að þær væru við hæfi barna á leikskólaaldri, sem við teljum vera á bilinu 1-6 ára.

Gögnum fyrir rannsóknina var safnað á Borgarbókasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Safnkostur þar, ætlaður börnum á leikskólaaldri, er mjög fjölbreyttur og því auðvelt að nálgast nýjustu barnabækurnar. Önnur hæð safnsins er að stórum hluta tileinkaður bókum fyrir börn og unglinga. Bækur ætlaðar yngstu börnunum eru staðsettar í einu horni hæðarinnar, barnahorninu, og meirihluti bókanna fyrir þann aldurshóp er raðaður í lágan hringlaga bókaskáp. Rannsakendur gengu hring eftir hring og tóku bækur af handahófi. Þær bækur voru teknar til hliðar en þær eldri eru settar aftur á sinn stað þar til bækurnar sem gefnar voru út á þessu tímabili voru orðnar hundrað talsins.

3.1.3 Rannsóknargögnin

Þær bækur sem valdar voru af handahófi voru eftirfarandi, í stafrófsröð og með útgáfuári í sviga fyrir aftan;

Afabókin (2007), *Afhverju Hvernigson og regnboginn* (2002), *Albert* (2007), *Allra fyrsta orðabókin mín* (2007), *Allra fyrstu orðin mín* (2007), *Amma og þjófurinn á safninu* (2004), *Andri þ* (2003), *Á dýrabaki* (2006), *Barbapabbi* (2006), *Benni og Lena í leikskóla* (2007), *Bína bálreiða* (2006), *Bína lærir orð, hljóð og stafi* (2008), *Blómið og býflugan* (2004), *Dag einn* (2007), *Dagur í lífi Lúlú* (2008), *Drekastappan* (2000), *Drekinn sem varð bálreiður* (2007), *Dúddi litli* (2008), *Dýrin í Tónadal* (2000), *Eggið* (2003), *Elli og skilnaðurinn* (2004), *Elmar og týndi bangsinn* (2000), *Emmu finnst gaman í leikskólanum* (2006), *En hvað það var skrítið* (2007), *Ég get lesið; Skemmtisögur* (2008), *Ég vil fisk* (2007), *Ég vildi að ég væri* (2005), *Fallegi flughvalurinn og Leifur óheppni* (2007), *Farðu nú að sofa* (2001), *Fjölskyldubókin* (2007), *Fyrstu dýrin mín* (2005), *Fyrstu orðin mín* (2008), *Gíri stýri* (2001), *Gluggavofan* (2001), *Góða nótt sofðu rótt* (2007), *Gralli og dýrin í Afríku* (2007), *Græni loftsbeldsstrákurinn* (2008), *Hér kemur Doddi, hjól handa Eyrnastórum* (2007), *Hiavata og stóri örninn* (2005), *Hjartagull; ævintýri um ættleiðingu* (2006), *Hjálparhendur* (2003), *Hnoðri eignast vini* (2001), *Hundurinn, kötturinn og músin* (2007), *Hundurinn sem átti að verða stór* (2005), *Hvar* (2006), *Hver dagur með þér dásamlegur er* (2003), *Hver er flottastur* (2008), *Hvernig konurnar stöðvuðu blásturinn* (2007), *Hænur eru hermikrákur* (2005), *Í grænni lautu* (2003), *Jóa litla* (2001), *Jói og baunagrasið* (2006), *Kormákur og kattþeytillinn* (2004), *Kýrin sem hvarf* (2000), *Leyndarmálið hennar ömmu* (2003), *Litli bangsi* (2004), *Litli björn lærir að synda* (2004), *Lína langsokkur á Kattarattaey* (2005), *Lotta skotta og frekjudósirnar* (2008), *Lubbi lundi* (2008), *Mamma Mö rennir sér á sleða* (2002), *Mamma Mö rólar* (2004), *Max fer á leikvöllinn* (2006), *Mitt er betra en þitt* (2006), *Mjallhvít* (2007), *Moli og eggíð* (2006), *Nei, sagði litla skrímslið* (2005), *Oj bara! Varstu að freta Fróði* (2005), *Pabbi minn* (2006), *Pabbi minn* (2004), *Pétur og Putti konungur* (2001), *Prinsinn og drekinn* (2004), *Raggi litli og froskurinn Alvitur* (2006), *Rasmus Klumpur verður brunavörður* (2008), *Rauða húfan* (2004), *Regnboginn* (2005), *Riddarinn ógurlegi og góðhjartaði drekinn hans* (2008), *Rósalind prinsessa og leyndarmál hennar* (2008), *Sagan af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar* (2006),

Sagan um Pomperipossu (2001), *Skólinn hans Barbapabba* (2007), *Smárarnir* (2007), *Snuðra og Tuðra í búðarferð* (2006), *Snuðra og Tuðra í miðbænum* (2006), *Spóla systir* (2006), *Stafakarlararnir* (2006), *Stór skrímli gráta ekki* (2006), *Svona stór* (2001), *Teljum dýr 1,2 og 3* (2007), *Tindátinn staðfasti* (2005), *Tíu litlir kenjakrakkar* (2007), *Verndarengill leysir málið* (2006), *Við erum litlu snillingarnir* (2008), *Við förum öll saman í safaríferð* (2005), *Þegar Brandur litli týndist* (2001), *Þetta er nú meiri trukkanurinn* (2005), *Þú ert frábær* (2007), *Ömmubókin* (2007) og *Öskubuska* (2007).

3.1.4 Greiningarlykillinn

Hér á eftir er greiningarlykillinn í heild sinni ásamt nánari útskýringum á spurningum hans, merkingu þeirra eða þeim upplýsingum sem þeim var ætlað að fá fram. Margar hverjar útskýra sig sjálfar en aðrar eru óljósari eða innihalda gildishlaðin orð eða orðatiltæki sem geta haft fjölbreytta merkingu í hugum fólks. Þessar útskýringar var notast við við greiningu bókanna. Tilgangurinn var aðallega tvíþættur, annars vegar til einföldunar og afmörkunar fyrir okkur sjálfar og hins vegar til að auka áreiðanleika hans. Með nákvæmum útskýringum á því hvað hverri spurningu er ætlað að fá fram eiga allir að geta fengið sömu niðurstöður ákveði þeir að nota lykilinn á sömu bækur og voru greindar í þessari rannsókn. Hér fyrir neðan er greiningarlykillinn í heild sinni. Spurningarnar sjálfar eru hér með skáletri og í stað svara eru útskýringar á hverri spurningu fyrir sig.

Greiningarlykill:

- 1) *Hver er titill bókarinnar?* Hvaða titill er á forsiðu bókarinnar?
- 2) *Er bókin ætluð börnum á leikskólaaldri?* Með leikskólaaldri er átt við börn á aldrinum 1-6 ára.
- 3) *Hvaða ár er bókin fyrst gefin út?* Hér er átt við hvenær fyrstu eintök bókarinnar komu út, hvort sem um ræðir erlendis eða hérlendis.
- 4) *Er bókin endurútgefin?* Hefur sagan verið gefin út af bókaútgáfu í öðru og seinna upplagi en því fyrsta?
 - a. *Ef já, hvencær?* Hvaða ár eru nýjustu eintök bókarinnar gefin út?

- 5) *Höfundur bókar?* Hver skrifaði texta bókarinnar?
- 6) *Er bókin skrifuð eða þýdd yfir á íslensku?* Var bókin samin á íslensku eða var hún þýdd yfir á íslensku?
- 7) *Hværrar þjóðar og kynþáttar er höfundur (ef vitað)?* Hvert er ríkisfang höfunda og hvaða litarhátt hafa þeir. Ef slíkt er ekki ljóst er þeim flett upp á almennum leitarvélum á internetinu. Ef engar upplýsingar er að finna þar þá er spurningunni einfaldlega ósvarað.
- 8) *Er texti í bókinni?* Eru orð í bókinni?
 - a. *Ef já, er söguþráður í bókinni?* Með söguþræði er átt við að orð, setningar og/eða blaðsíður séu framhald hver af annarri og séu í ákveðinni röð sem hafi merkingu.
- 9) *Hversu margar aðalpersónur eru í bókinni?* Persóna flokkast sem aðalpersóna ef sagan snýst að mestu leyti um hana.
- 10) *Hversu margar aukapersónur eru í bókinni?* Persóna flokkast sem aukapersóna ef minnst er á hana í texta sem einstakling og hún spilar þar hlutverk. Hún þarf einnig að standa ein og sér en ekki bara sem partur af hóp.
- 11) *Eru aðalsögupersóna(ur) mennskar?* Eru teikningar augljóslega í líkingu við mannfólk og hafi raunverulegan húðlit?
 - a. *Ef nei, hafa þær persónuleika og/eða mannlega eiginleika?* Hér er átt við hvort sögupersónur tali, hugsu og hafi tilfinningar líkt og mannfólk.
- 12) *Kemur fram í texta hvaða landi, þjóð, trú eða menningu sögupersónur tilheyra?* Kemur fram í texta bókarinnar hvort einhverjar af sögupersónum hafi tengingu við raunveruleg lönd, trú eða þjóðir (ekki ævintýralönd)?

- a. *Ef já hvaða og hvernig?* Hvaða landi/löndum er lýst eða gefin
augljós vísbending um og hvernig er það gert?

13) *Eru myndskreytingar í bókinni?* Eru teikningar eða myndir í bókinni?

14) *Sýna myndskreytingar hvaða landi, þjóð, trú eða menningu*

sögupersónurnar tilheyra? Gefa myndskreytingar góða vísbendingu um
ákveðinn stað, trú eða menningu?

- a. *Ef já hvaða og hvernig?* Hvaða landi, þjóð eða trú er lýst eða gefin
augljós vísbending um og hvernig er það gert?

15) *Sýna myndskreytingar ákveðinn kynþátt/kynþætti?* Eru myndskreytingar af

sögupersónum með ákveðinn húðlit. Hér er ekki nauðsynlegt að
myndskreytingar eigi að tákna mannfólk, hér er líka átt við teikningar af t.d.
dúkkum, álfum og englum svo dæmi séu tekin, nóg er að sögupersónan hafi
raunverulegan húðlit. Raunverulegur húðlitur eru hvítur, brúnn, svartur eða
gulur, en ekki appelsínugulur og fjólublár líkt og dæmi eru um í
barnabókum.

- a. *Ef já, hvern/hverja?* Hvaða (raunverulegu) húðlitir koma fram á
myndskreytingum. Hvaða húðlitur sést á myndskreytingum, einn eða
fleiri?

16) *Hver er skipting kynþátta í bókinni?* Hér eigum við aðallega við skiptingu

kynþátta meðal sögupersóna, sem hafa raunverulegan húðlit. En stundum er
um matsatriði að ræða, t.d. þegar sögupersónur eru dýr en ekki menn en þó
sjást menn á myndskreytingum þá gætum við minnst á litarhátt þeirra ef
okkur finnst það viðeigandi.

17) *Þæta myndskreytingar við söguna á fjölmennningarlegan hátt (þ.e. koma*

fram atriði sem ekki er minnst á í texta)? Á fjölmennningarlegan hátt þýðir að

myndskreytingar sýni menningu og kynþætti sem ekki flokkast á jákvæðan hátt og endurspegli breiðan ólíkan hóp fólks með ólíkan menningarlegan bakgrunn. Einnig gæti bók flokkast sem fjölmenningarleg ef hún lýsir öðrum menningarheimi eða manneskju sem ekki tilheyrir ráðandi íslenskrri menningu (vestræn og hvítur litarháttur).

18) *Er í texta eða myndum að finna dulin, eða skýr, skilaboð sem geta talist lítillækkandi eða fordómfull gagnvart þeim kynþáttum og/eða menningarhópum sem eiga í hlut? Sýna texti eða myndskreytingar skilaboð sem kallast mega virðingarsnaud, niðrandi eða dónaleg fyrir þá kynþætti eða menningarhópa sem eiga í hlut.*

a. *Ef já, á hvaða hátt? Hvernig koma þessi skilaboð fram?*

19) *Styðja athafnir og/eða aðstæður sögupersóna staðlaðar hugmyndir um ákveðna kynþætti og/eða menningarhópa? Hér miðum við við okkar eigin upplifun af staðalmyndum, eins og að Kínverjar borði bara hrísgrjón eða að fólk í Afríku sé allt hálfklætt og berfætt, múslimar séu hryðkuverkamenn og komi illa fram við konur o.s.frv*

a. *Ef já, hvernig þá? Hvers konar staðalmyndir koma fram?*

20) *Er kynþáttum og menningarhópum gert mishátt undir höfði? Er sagt frá eða myndskreytt á þann hátt að ákveðnir hópar fólks virki ómerkilegri en aðrir?*

21) *Má greina beinan eða óbeinan fjölmenningarlegan boðskap í sögunni? Með beinum fjölmenningarlegum boðskap er átt við að bókin feli í sér boðskapinn að mikilvægt sé að bera virðingu fyrir fólki sem er ólíkt manni sjálfum hvað varðar menningu, trú og kynþátt eða fræðir lesandann um ólíka menningu á jákvæðan hátt. Óbeinn fjölmenningarlegur boðskapur er aftur á móti þegar bókin sýnir umburðarlyndi og jákvæðni gagnvart fjölbreytileika*

samfélagsins, hvort sem það er raunverulegt eða tilbúið en einnig ef hún er þannig skrifuð að allir geta speglað sig í sögunni eða sett sig í spor sögupersóna.

a. *Ef já, hvernig þá?* Hvernig birtist þessi boðskapur?

22) *Annað*: Það sem mikilvægt er að taka fram en hefur ekki komið fram í spurningalistanum.

3.2 Úrvinnsla gagna

Úrvinnsla gagna fór þannig fram að teljanlegum svörum var raðað upp í töflu þar sem auðvelt var að skoða þau svör sem fram komu við greiningu hvernar bókar fyrir sig. Dæmi um svör sem voru sett inn í niðurstöðutöfluna voru til dæmis kyn höfunda, hvort þeir væru íslenskir eða erlendir, fjöldi sögupersónu og hvort ákveðinn kynþáttur hafi sést á myndskreytingum. Þegar búið var að telja saman svörin þá voru þau helstu og áhugaverðustu að okkar mati skrifaðar upp og sumar hverjar settar fram á myndrænu formi, en súlu- og skífurit gera niðurstöðurnar oft skiljanlegri og áhrifameiri en ella.

Úrvinnsla svaranna við opnu spurningum greiningarlykilsins var með öðru móti. Farið var í gegnum öll eigindlegu svörin og þau sem þóttu athyglisverð og markverð voru dregin saman og flokkuð eftir spurningum og rýnt í hverjar áhugaverðustu niðurstöðurnar væru. Við skrifuðum síðan textann upp í sameiningu og fléttuðum inn í okkar hugmyndum um efnið.

3.3 Til umhugsunar

Þegar leið á úrvinnslu gagnanna, eftir að greining bókana hafði farið fram, vögnuðu hugmyndir að öðrum spurningum eða betrun á núverandi spurningum greiningarlykilsins. Sem dæmi má nefna að eftir á að hyggja hefðum við viljað spyrja um höfund myndskreytinga, en ekki bara höfund texta. Athyglisvert hefði verið að sjá hve stór hluti höfunda myndskreyttu sjálfir og hve stór hluti fékk annan aðila til þess. Einnig hefði verið áhugavert að vita hver menningarlegur bakgrunnur væri.


Ein þeirra spurninga sem hefði bætt greiningalykilinn hefði verið að kanna litarhátt sögupersóna. Hugsunin var upphaflega sú að tilgreina litarhátt persóna í svari, en gerðum okkur síðar grein fyrir því að betra hefði verið að hafa sérstakar spurningar til að leita eftir slíku. Slík vinnubrögð minnka líkur á því að upplýsingar misfarist eða týnist og auka því áreiðanleika rannsóknarinnar. Við teljum okkur hafa gert okkur grein fyrir mistökunum í tæka tíð og því töpuðust þessar upplýsingar ekki í þetta skipti en vilji einhver nýta lykilinn til frekari rannsókna má benda á að betra væri að bæta þessari spurningu við.

4. Niðurstöður

Í þessum kafla verða settar fram helstu niðurstöður athugunarinnar. Kafli 4.1 er um tölulegar niðurstöður athugunarinnar en í kafla 4.2 verða áhugaverðustu niðurstöður úr opnum spurningum ræddar, til að mynda um fjölmennningarlegan boðskap bókanna.

4.1. Tölulegar niðurstöður


Bækurnar sem voru greindar með greiningalyklinum voru hundrað talsins og valdar, eins og áður sagði, af handahófi. Einungis barnabækur gefnar út á árunum 2000-2008 voru teknar með í athugunina. Allar bækurnar töldum við ætlaðar börnum á leikskólaaldri, og við val bókanna var fyrst tekið til athugunar hvort bókin félli að því viðmiði.



Mynd 1. Fjöldi bóka eftir útgáfuári.

Eins og sjá má á mynd 1 reyndust langflestar bækurnar sem valdar voru, vera gefnar út á árunum 2005-2008 eða 69% bókanna. Flestar þeirra bóka voru


gefnar út árið 2007, eða 24%. Þessar tölur miða að síðasta útgáfuári en margar bókanna eða, 35 af 100, voru endurútgefnar á rannsóknartímabilinu, 2000-2008, og því gildar sem rannsóknargögn. Endurútgefnu bækurnar voru upphaflega gefnar út allt frá miðbiki síðustu aldar, bókinn *En hvað það var skrytið* var fyrst gefin út árið 1955 og endurútgefin 2007 og *Barbapabbi* kom fyrst út 1970 og endurútgefin árið 2006.



Mynd 2. Kynjaskipting höfunda í þeim 100 bókum sem athugaðar voru.

Kynjaskipting höfunda var mjög jöfn, þó að konur væru í örlitlum meirihluta. Bækur þar sem höfundar voru af báðum kynjum voru einungis 8% og innan hópsins þar sem ekki er vitað um kyn höfundar fannst annað hvort ekki staðfesting á því með leit á vefleitarvélum eða að höfundur var ekki gefinn upp. Í þeim tilfellum voru bækurnar í sumum tilfellum gefnar út af samsteypum á borð við Disney.


Bækur sem skrifaðar voru á íslensku voru 42 talsins og því 58 bækur sem voru þýddar. Allar bækurnar innihéldu bæði myndskreytingar og texta en 9% bókanna innihéldu ekki ákveðinn söguþráð, en samkvæmt greiningarlyklinum voru það bækur þar sem setningar standa einar og sér og koma ekki í ákveðinni röð.



Mynd 3. Skipting höfunda eftir þjóðerni

Á mynd 3 má sjá skiptingu höfunda eftir þjóðerni. Langflestar bækurnar eru skrifaðar eftir íslenska höfunda og því er sá hópur áberandi stærstur. Það er einna helst athyglisvert að sjá að allir höfundar koma frá löndum sem teljast til hins vestræna heims, jafnvel í dálknum „blandað“ þar sem höfundar einnar bókar voru af fleiri en einu þjóðerni. Í þeim bókum þar sem ekki er vitað um þjóðerni höfundar er það að stórum hluta vegna þess að bækur hafa engan sérstakan höfund og eru gefnar út í vestrænu landi af stórri samsteypu. Bækurnar, þar sem þjóðerni höfunda er þekkt, koma allar frá höfundum úr tveimur heimsálfum, 73% frá Evrópu og 10% frá Norður Ameríku. Í úrtakinu eru því engar bækur eftir höfunda frá fjölmennustu heimsálfunum. Það má því ætla að íslensk börn hafi ekki greiðan aðgang að bókum eftir höfunda frá Afríku, Asíu, Suður Ameríku og Ástralíu og fari því varhluta af innsýn í aðra menningarheima, eða jafnvel sinn eiginn, komi þau þaðan.

Í 77 bókum var hægt að greina ákveðinn litahátt og reyndist um 56 þeirra innihalda einungis hvítan litahátt. Á mynd 4 má sjá skiptingu annarra litahátta en þess hvíta í þeirri 21 bók sem þá stendur eftir.




Mynd 4. Skipting litarháttanna í þeirri 21 bók þar sem hægt var að greina litarhátt, annan en hvítan.

Í næstflestum tilfellum, eða í 10 bókum koma bæði fyrir hvítur og dökkur litarháttur. Hvítur og svartur litarháttur kemur fyrir í helmingi færri bókum, eða 5 talsins. Hvítur og asískur litarháttur kemur aðeins fyrir einu sinni eins og svartur litarháttur en tvisvar kemur fyrir að bæði hvítur, svartur og asískur litarháttur birtist í sömu bókinni. Það veður óneitanlega athygli að hvítur kynþáttur komi fram í 96% þeirra bóka þar sem hægt var að greina ákveðinn litarhátt en einungis um 4% þeirra bóka hafi aðeins dökkan eða svartan kynþátt.

Aðalsögupersónurnar voru 132 talsins, en af þeim voru 82 mennskar þrátt fyrir að allar sögupersónurnar hafi átt það sameiginlegt að bera mannlega eiginleika. Athygli veður að yfirgnæfandi meirihluti aðalsögupersóna eru hvítar. Í fjórum bókanna eru aðalsögupersónur dökkar eða svartar á hörund. Það vakti einnig athygli okkar að engin bókanna innihélt einungis asískan litarhátt og engin aðalsögupersóna var af asískum uppruna.

Mynd 5. Koma fram upplýsingar um land, þjóð, menningu og trú í myndskreytingum og texta?



Mynd 5 sýnir hvernig upplýsingar um land þjóð menningu og trú koma fram í texta annars vegar og myndskreytingum hins vegar. Í 85% bókanna var ekki hægt að sjá í texta hvaða landi, þjóð, trú eða menningu sagan tilheyrði og í 79% bókana var það einnig ógreinanlegt á myndskreytingum. Í þeim tilfellum þar sem myndskreytingar og texti sögðu til um þessa hluti var alltaf um að ræða land, þjóð og menningu en hvergi var vísun í trú sögupersónanna. Texti sýndi í sumum tilfellum mjög skýrt hvar sagan átti að eiga sér stað og í 6 tilfellum af 12 benti hann til þess að sagan gerðist á Íslandi, í 2 skiptum af 12 að sagan gerðist í Afríku en í önnur skipti var það óljósara en gaf samt ákveðna hugmynd um vestræna þjóð, indíánasamfélag, norrænt land, hitabeltiseyju og asískt land.

Niðurstöður þess hvort myndskreytingar gæfu vísbendingu um staðsetningu sögunnar voru keimlíkar niðurstöðunum sem texti bókanna leiddi í ljós. Þar voru 6 af 18 bókum sem virtust gerast á Íslandi, nokkrar bókanna gerðust greinilega í vestrænum samfélögum og að lokum bentu myndskreytingar nokkurra bóka til þess að sagan gerðist í Afríku, Asíu og á suðrænni hitabeltiseyju.

4.2 Birtingamyndir fjölmenningar

Greiningarlykillinn inniheldur sex opnar spurningar og verður farið yfir helstu svör og áhugaverðustu niðurstöður sem komu fram. Aðallega verður einblínt á svörin við spurningum númer 17, 21 og 22 í greiningarlyklinum, en þær spurningar koma einna mest inn á fjölmenningarleg atriði bókanna.

4.2.1 Hvað sýna myndskreytingar umfram texta

Spurning númer 17 í greiningarlyklinum er þessi; Bæta myndskreytingar við söguna á fjölmenningarlegan hátt (þ.e. koma fram atriði sem ekki er minnst á í texta)?

23 bækur af 100 voru myndskreyttar á þann hátt að annar kynþáttur en hvítur sást á myndum án þess að texti sögunnar léti uppi slíkar upplýsingar. Þegar myndskreytingar bæta við textann á þann hátt teljum við það jákvætt í fjölmenningarlegum skilningi. Við teljum að þegar annar litarháttur en hvítur sést án þess að það þurfi að nefna sérstaklega í texta þá sé það merki um að fjölbreytileiki meðal fólks sé sjálfsagður hlutur, sem er jákvætt að okkar mati.

Aðeins tvær barnabækur, *Drekastappan* og *Tíu litlir kenjakrakkur* báðar eftir Sigrúnu Eldjárn, hafa aðalsögupersónur sem voru dökkar á hörund, þar sem hvítur kynþáttur kom einnig við sögu en ekki var minnst á litarhátt í texta bókanna. Í *Drekastöppunni* voru 7 aukapersónur sem allar voru hvítar á hörund en í *Tíu litlum kenjakrökkum* var um að ræða 10 aðalsögupersónur og enga aukapersónu. Skipting þeirra var sú að 7 krakkana voru hvítir, 2 svartir og 1 asískur í útliti.

Í hinum bókunum sem höfðu myndskreytingar af öðru fólki en hvítu, án þess að nokkuð um það kæmi fram í texta, var um að ræða aukapersónur en oftast þó ótilgreindar persónur sem ekki var minnst á í texta eða voru í bakgrunni og komu sögunni ekki beint við. Þrjár bókanna, allar eftir sama höfundinn, Todd Parr frá Bandaríkjunum, höfðu myndskreytingar sem sýndu óraunverulegan litarhátt. Um er að ræða bækurnar; *Afabókin*, *Ömmubókin* og *Fjölskyldubókin* en þær sýna afar fjölbreytta liti á persónum á borð við fjólbláan og appelsínugulan. Við greiningu þeirra allra var sett já við spurningunni um hvort myndskreytingar bættu við á fjölmenningarlegan hátt. Það var gert vegna þess að við teljum að öll börn, sama

hver litarháttur þeirra sé, geti speglað sig í sögunni sem gerir bókina fjölmenningarlega á óbeinan hátt að okkar mati.

4.2.2 Bækur sem minnst á kynþátt í texta

Tvær bókanna birtu einungis myndskreytingar af öðrum kynþáttum en hvítum og kom það fram í texta að ekki var um hvítt fólk að ræða. Þetta eru bækurnar *Híavata og stóri örninn* og *Við förum öll saman í safariferð*. Í texta bókarinnar um *Híavata*, sem Disney fyrirtækið gaf út, kom fram að um indíána var að ræða, en allar sögupersónur eru indíánar, og teljum við sem svo að þá sé hægt að gera ráð fyrir dekkri litarhætti en þess hvíta.

Í bókinni *Við förum öll saman í safariferð* eftir bandaríska höfundinn Laurie Krebs, eru allar sögupersónur svartar á hörund. Sögupersónurnar tíu eru fjölskylda og minnst var á eina þeirra á hverri opnu bókarinnar, þær voru því allar jafn mikilvægar sögunni og því allar flokkaðar sem aðalsögupersónur. Í bókinni var að finna ýmsan fróðleik um Tansaníu, líkt og um tungumálið svahilí. Sögupersónur báru hefðbundin tansanísk nöfn og merking þeirra útskýrð. Einnig er stutt umfjöllun í enda bókarinnar um þjóðflokkinn sem bókin er að segja frá, en hann heitir Masajar. Báðar þessar bækur, auk þriggja annarra í rannsókninni, reyndust ýta undir eða viðhalda staðalmyndum um ákveðna hópa fólks.

4.2.3 Fordómar og staðalímyndir

Engin þeirra hundrað barnabóka sem greindar voru í rannsókninni innihéldu fordóma en hins vegar máttum við sem svo að í einni bók, *Jói og baunagrasið* eftir Nick og Claire Page, hafi kynþáttum verið gert mishátt undir höfði. Aðalsögupersónan, Jói, og móðir hans eru dökk á hörund, og klæðnaður móðurinnar minnir á hefðbundinn spænskan klæðnað. Mæðginin voru fátæk í sögunni og áttu erfitt uppdráttar á meðan risinn, stóri hvíti og rauðhærði maðurinn, var ríkur. Svo rændu þau risann og höfðu það gott upp frá því. Það sem stakk okkur varðandi þessa sögu er að stóri vondi maðurinn var gerður hvítur á hörund og fátæka fólkið dökkt. Dökka fólkið er svo látið ræna hvíta manninn sem reynir að gera Jóa mein í tilraun til að stoppa hann. Einkennilegt þótti okkur skipting litarháttá á

myndskreytingum og teljum að slíkt færi neikvæð, undirliggjandi skilaboð til barna auk þess að ýta undir staðalmyndir.

Í öðrum fjórum barnabókum urðum við varar við áberandi notkun staðalmynda. Eins og segir í útskýringum greiningarlykilsins þá er viðmiðið okkar eigin upplifun af staðalmyndum og sem dæmi nefndum við að Kínverjar borði bara hrísgrjón eða að fólk í Afríku sé allt hálfklætt og berfætt og að múslímar séu hryðjuverkamenn sem komi illa fram við konur o.s.frv

Áðurnefnda bókin *Við förum öll saman í safariferð* er ein þessarra bóka. Myndskreytingar hennar sýna svart, hálfsköllótt, berfætt og klæðalítið fólk. Sumar sögupersónur voru einnig með stóra skartgripi víðsvegar um líkamann og báru spjót. Við teljum þetta vera hefðbundna staðalmynd vesturlandabjóða af Afríkubúum. Eins og flestum fullorðnum á að vera kunnugt þá er Afríka stór heimsálfa og þar búa ólíkir hópar fólks af ólíkum kynþáttum, sem bæði er fullklætt, skóað og tæknivætt.

Í bókinni *Hiavata og stóri örninn* sýndu myndskreytingar greinilega indíanasamfélag, en húðlitur sögupersóna, klæðaburður, indíanatjöld og fjaðrabönd sáu til þess. Indíanar eru að vísu með dekkri húðlit en hvítt fólk, svo ekki er um staðalmyndir að ræða þar, en flestir indíanar nútímans búa í húsum og bera ekki fjaðrir á höfðinu, ólíkt því sem börn gætu haldið í kjölfar barnaefnis sem oftast sýnir indíána í því ljósi.

Þriðja bókin, *Hjartagull; ævintýri um ættleiðingu* eftir Dan og Lottu Höjer, sýnir myndskreytingar af skáeygðu fólki með stráhatta, klyfjað þungum birgðum og seljandi mat á götum úti. Slíkt teljum við afar staðlaða ímynd okkar vesturlandabúa um daglegt líf í asísku landi. Í texta bókarinnar var þó á engan hátt hægt að greina lítilsvirðingu eða fordóma, því þvert á móti snérist sagan um ánægju og þakklæti norrænna hjóna að fá að ættleiða barn landi sem þeim fannst yndislegt og framandi.

Bókin *Lína langsokkur á Kattarattaey* eftir Karen Nyman (út frá texta eftir Astrid Lindgren), gerist að mestum hluta á eyju í heitu loftslagi. Íbúar eyjunnar eru allir svartir á hörund og eru ýmist í lendarskýlum eða strápilsum, og engu örðu, og búa í strákofum. Einnig eru eyjabúar, bæði karlar og konur, með lítið sem ekkert hár á höfði og með stóra skartgripi. Ekki ósvipuð mynd og kemur fram af svarta fólkinu í bókinni *Við förum öll saman í safariferð*.

Fjölmenningarlegur boðskapur bókanna

Til upprifjunar þá er 21. spurning greiningarlykilsins þessi; Má greina beinan eða óbeinan fjölmenningarlegan boðskap í sögunni? Með beinum fjölmenningarlegum boðskap er átt við að bókin feli í sér boðskapinn að mikilvægt sé að bera virðingu fyrir fólki sem er ólíkt manni sjálfum hvað varðar menningu, trú og kynþátt eða fræðir lesandann um ólíka menningu á jákvæðan hátt. Óbeinn fjölmenningarlegur boðskapur er aftur á móti þegar bókin sýnir umburðarlyndi og jákvæðni gagnvart fjölbreytileika samfélagsins, hvort sem það er raunverulegt eða tilbúið en einnig ef hún er þannig skrifuð að allir geta speglað sig í sögunni eða sett sig í spor sögupersóna.

Fyrst er frá því að segja að engin bókanna hundrað innhélt beinan fjölmenningarlegan boðskap að okkar mati. Við teljum reyndar, í ljósi þessara niðurstaðna, að erfitt gæti reynst að finna slíkar barnabækur þótt vilji væri fyrir hendi. Ætli þær sé ekki helst að finna inn á stofnunum sem sérhæfa sig í fjölmenningu, líkt leikskólinn Lækjaborg sem fjallað var um í rannsóknarkaflanum.

Óbeinan fjölmenningarlegan boðskap var hins vegar að finna í sex bókum, sem okkur þykir sláandi lág tala. Af þessum sex bókum voru fimm þeirra eftir erlenda höfunda (þrjár eftir sama höfund) og ein eftir íslenskan höfund. Flesta þeirra, eða sex talsins, höfðu ekki beinan fjölmenningarlegan boðskap heldur er gert út á fjölbreytileikann og hann gerður að jákvæðu og mikilvægu atriði í sögunni.

Afabókin, Ömmubókin og Fjölskyldubókin eru eins og áður sagði eftir sama höfund, Todd Parr. Þær eru athygliverðar á þann hátt að manneskjurnar í þeim öllum hafa ekki raunverulegan húðlit heldur eru í hinum ýmsu litum eins og fjólubláar, appelsínugular og grænar. Við túlkum það sem svo að litarháttur sé aukaatriði og fjölbreytileikanum fagnað. Annað dæmi um einkennilega og óraunverulega liti er að finna í bókinni *Elmar og týndi bangsinn* eftir David McKee. Þar er aðalsögupersónan marglitur köflóttur fill, og aðal-aukapersónan svart-hvítur köflóttur fill, á meðan önnur dýr voru í eðlilegum litum. Líta má á að köflóttu fílarnir tveir séu birtingarmynd minnihlutahópa en um leið eru þeir söguhetjurnar og því er hægt að túlka sem svo að sagan sé fjölmenningarleg. Það skortir heldur ekki litadýrðina í bókinni *Skólinn hans Barbapabba* eftir höfundana Annette Tison og Talus Taylor. Barba fjölskyldan er í öllum regnbogans litum og í öllum stærðum og gerðum, eða getur í það minnsta breytt sér í hvaða lögun sem er. Þó öll hafi þau

ólíkan litarhátt þá eru þau samt ein stór fjölskylda og lifa saman í sátt og samlyndi. Slíkan boðskap teljum við vafalaust fjölmennningarlegan á óbeinan hátt þar sem greinileg jákvæðni er gagnvart fjölbreytileika og öll börn óháð menningu og kynþætti geta notið bókarinnar og lifað sig inn í söguna.

Bókin *Tíu litlir kenjakrakkar* fjallar um tíu börn. Útlit sögupersóna er afar ólíkt hvort sem þau hafa sama litarhátt eða ekki. Myndskreytingar í bókinni sýna hvít börn með ljósan, dökkan og rauðan háralit, svört börn og börn sem eru asísk í útliti. Öll börnin bera alíslensk nöfn, þ.e. nöfn sem löng hefð er fyrir hérlendis, þrátt fyrir að hafa annan litarhátt en hvítan. Slíkt teljum við vera jákvæð skilaboð til barna, að Íslendingar í dag séu fjölbreyttur hópur fólks og komi í ýmsum stærðum, gerðum og litum. Í bókinni var minnst á fjölbreytileika barnanna í textanum og virtust þau öll vera jafn mikilvæg sögunni. Bæði þessi atriði, auk þeirra fyrrgreindu, ýta að okkar mati undir jákvæðan fjölmennningarlegan boðskap til barna.

Í víðari skilningi, en líst er í spurningu númer 21, má segja að í bókum þar sem sögupersónur af ólíkum litarháttum lifi og leiki saman á jafnréttisgrundvelli, eins og sjá má í bókinni *Lína langsokkur á Kattarattaey*, sé að finna fjölmennningarlegan boðskap. Slíkar sögur minna á fjölbreytileika fólks og benda á að fólk með mismunandi litarhætti geti lifað saman í sátt og samlyndi.

Það er vissulega áhugaverð niðurstaða, og áhyggjuefni um leið, að af þeim sex bókum þar sem við greindum fjölmennningarlegan boðskap var í öllum tilfellum um að ræða óbeinan boðskap þar sem litagleði á hörundi sögupersóna, sem oft voru ekki einu sinni mennskar (Barbafólkið og fillinn Elmar), er túlkuð sem fjölmennningarlegur boðskapur.

4.2.4 Annað

Í lok greiningarlykilsins höfðum við pláss til athugasemda eftir greiningu á hverri bók. Hugsunin var sú að þar væri hægt að minnast á ýmis atriði sem spurningarnar náðu ekki yfir en okkur fannst þó vert að minnast á. Hér á eftir koma fram ýmsar athugasemdir og upplýsingar um nokkrar af bókunum sem ekki hafa komið fram í formlegu spurningum lykilsins. Við ætlum að birta nokkur svör sem helst komu inn á fjölmennningarleg atriði sem greiningarlykillinn náði ekki til.

Tvær bækur eftir bandaríska, hvíta, höfundinn Bruce McMillan lentu í úrtakinu. Bruce skrifaði bækurnar *Hvernig konurnar stöðvuðu blásturinn* og *Hænur*

eru *hermikrákur*. Í báðum þessum bókum er greinilegt í texta að sögurnar eiga að gerast á Íslandi en í annarri bókinni er það ljóst af myndskreytingum að dæma, en í hinni er það sagt í sögutexta. Markmið fyrrgreindu bókarinnar er sagt vera að útskýra trjáleysi íslenskra sveita en á myndskreytingum í þeirri bók má sjá bæði peysuföt og hefðbundnar íslenskar lopapeysur. Þeirri síðarnefndu er ætlað endurspeglar að íslenska menningu og „vekja aðdáunarbrós yfir ráðkænsku íslensku kvenþjóðarinnar“. En í báðum bókum Bruce sjást einungis hvítar, digurvaxnar, konur auk húsdýra. Athygli vakti að í úrtakinu lentu tvær þýddar bækur um Ísland eftir sama erlenda höfundinn.

Gralli og dýrin í Afríku, eftir Bergljótu Arnalds er titill einnar bókarinnar sem var tekin til greiningar. Það vakti athygli okkar að þrátt fyrir titilinn þá sáust ekki nein merki um framandi menningu né fólk sem var dökkt á hörund. Einungis tvær af sögupersónum eru mennskar og er önnur þeirra hvít galdranorn en hin veiðimaður sem er ávalt í skugga. Það vakti athygli okkar að sá sem myndskreytti bókina var svartur maður frá Afríku, en það var mynd af honum inni í bókarkápunni, sem gerir það enn óvæntara að afrísk menning hafa ekki prýtt myndskreytingar á neinn hátt.

Mikið hefur verið rætt í þessum kafla um bókina *Tíu litlir kenjakrakkar*, eftir Sigrúnu Eldjárn, en titill hennar fær líklegast flesta til að hugsa til hinnar klassísku og umdeildu bókar *Tíu litlir negrastrákar*. Orðin kenjar merkir eitthvað sem er undarlegt og óvenjulegt en minnir óneitanlega mikið á landsheitið Kenýa, þar sem einmitt meirihluti íbúa er svartur á hörund sem styrkir svo enn frekar tenginguna við orðið „negrastrákar“. Sagan um kenjakrakkana er byggð upp á vísnum sem ríma og fjalla um hvernig krakkarnir tínast úr hópnum einn í einu, líkt og sagan um negrastrákana gerði. En þrátt fyrir þessa sameiginlegu þætti þá eru sögurnar um margt ólíkar. Sagan um kenjakrakkana er alls ekki fordómafull heldur skemmtileg og litrík bók um skondna krakka sem hittast svo öll í lokin sæl og glöð. Bæði vísurnar og myndskreytingarnar eru eftir Sigrúnu Eldjárn sem hefur að okkar mati með þessari bók bætt skemmtilegu framlagi við þær fjölmenningarlegu barnabækur sem eru í boði hérlendis.

Útgáfufélag þjóðkirkjunnar gaf árið 2006 út bókina *Verndarengill leysir málið*, en höfundur hennar er þýskur maður að nafni Ursel Scheffer. Það sem vakti athygli okkar var að einungis sáust hvítar manneskjur á myndskreytingum sem

endurspeglar ekki fjölbreytileika íslensks þjóðfélags. Er það okkar skoðun að stofnun eins og þjóðkirkjan eigi að vera meðvitaðari um mikilvægi birtingarmynda fjölmenningar í því efni sem hún gefur út. Önnur bók sem tengist kristinni trú er bókin *Þú ert frábær*. Höfundur bókarinnar heitir Max Lucado og er bandarískur prestur.

Í þessum hluta greiningarlykilsins kom ýmislegt áhugavert fram sem þó á ekki heima í ritgerð um fjölmenningarlegar barnabækur og fær því ekki að standa hér. Niðurstöður rannsóknarinnar í heild benda til þess að birtingarmyndir fjölmenningar í barnabókum fyrir leikskólabörn á Íslandi séu af afar skornum skammti.

5. Samantekt og umræða

Í þessum kafla ritgerðarinnar verða teknar saman helstu niðurstöður og rannsóknarspurningunum svarað. Að lokum kemur umræða þar sem gerð verður grein fyrir hugsunum og þankagangi höfunda eftir skrif.

5.1. Samantekt

Fyrsta rannsóknarspurningin fjallaði um hver væri þýðing fjölmenningarlegra barnabóka í nútíma samfélagi. Niðurstaða okkar er sú að hún er ótvírætt afar mikil bæði fyrir einstaklinga og fyrir þjóðfélagið í heild. Í fræðilega yfirlitinu koma margsinnis fram atriði sem ýmist sanna eða ýta undir þá niðurstöðu, bæði skrif fræðimanna og rannsóknir.

Hanna Ragnarsdóttir (2002) segir að mikilvægt sé fyrir börn að fá að dafna sem einstaklingar og finna viðurkenningu bæði frá fullorðnum og jafningjum og á það við bæði heima og í skólastarfi, en bækur eru stór hluti þess. Fjölmenningarlegum bókum er ætlað að ýta undir menningarlega vitund og næmni og lýsa einstaklingum og samfélögum á ósvikinn hátt og mega ekki ýta undir staðalmyndir eða upphefja reynslu minnihlutahópa (Ching 2005). Hanna (2002) segir jafnframt að við mótun sjálfsmýndar barna sé mikilvægt að börnin upplifi sig sem part af umhverfi sínu og finnist þau hafa stjórn á aðstæðum. Ef börn geta aldrei endurspeglad sig í myndum eða texta þeirra bóka sem þau skoða og hlusta á er hætt við að þau upplifi sig utangátta.

Börn sem eiga á hættu að lenda á jaðrinum, erlend og þau sem falla utan við normið, (Elsa Sigríður og Hrönn Pálmadóttir, 2008) fá ekki eins mikið út úr leikskólastarfi ef þeirra veruleika er ekki sýnd sú virðing að birtast jafn oft og annarra í bókum sem eru lesnar og skoðaðar, þar sem bækur eru afar stór hluti starfsins. Lýsi bókakostur leikskóla aðeins ráðandi menningu og taki ekki mið af fjölbreyttum nemendahópi sínum er því verið að brjóta á þessum börnum samkvæmt Leikskólalögum (78/1994) sem kveða á um að hlúa eigi að öllum börnunum andlega og líkamlega og stuðla að umburðarlyndi og víðsýni þeirra. Þýðing fjölmenningarlegra barnabóka í nútímasamfélagi er því gríðarleg.

Þórdís Þórðardóttir (2007) bendir einnig á að í gegnum bækur læri börn siðalögmál og því má með fjölmenningarlegum bókum kenna víðsýni og umburðarlyndi fyrir fólki sem er ólíkt okkur sjálfum. Niðurstöður þróunarverkefnisins á Lækjarborg og rannsóknarinnar sem gerð var í kjölfarið (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2004) sýna að börn sem vinna með fjölmenningarlegar bækur og annað efni beri þess merki og að boðskapurinn komist til skila.

Mikilvægt er að velja bækur sem koma inn á mannlegan fjölbreytileika á réttmætan og jákvæðan hátt svo börn læri að meta það sem er nýtt og öðruvísi (Leikskólasvið Reykjavíkur, e.d.) og sömuleiðis mikilvægt að meta allt innihald bókanna, bæði texta og myndir því bæði sagnaformin innihalda sögu og boðskap til barnanna, sérstaklega fyrir allra yngstu börnin því fyrir þeim hafa orð enn enga merkingu og myndskreytingarnar sjá um að segja söguna (Margrét Tryggvadóttir, 1999). Bækur, eins og aðrir miðlar eru þáttur í því að fólk sé flokkað á ákveðinn hátt (Kristín Loftsdóttir, 2005) og því eru fjölmenningarlegar bækur öflugt tæki til að koma í veg fyrir að ranghugmyndir og fordómar fyrir því sem framandi er læsi sér í huga ungra barna, sem fæðast fordómalaus. Uppræting fordóma og uppbygging víðsýnna samfélags eru stór og afar mikilvæg verkefni og fjölmenningarlegar bækur eru þýðingarmikill, en jafnframt aðeins einn lítill þáttur í því starfi.

Rannsóknarspurning númer tvö spurði um hverjar birtingarmyndir fjölmenningar í íslenskum barnabókum væri, sem gefnar voru út ár árunum 2000-2008. Það gefur auga leið að þar sem engin af þeim hundrað handahófsvöldum bókum sem teknar voru til greiningar hafi beinan fjölmenningarlegan boðskap að birtingarmyndir hans séu ekki ýkja margar. Þær bækur sem innhéldu óbeinan fjölmenningarlegan boðskap voru einungis sex talsins. Fimm eftir erlenda höfunda og bara ein eftir íslenskan höfund. Það sem verra er að helmingur þeirra, eða þrjár talsin, voru eftir sama höfundinn, Todd Parr. Þessar þrjár bækur, *Fjölskyldubókin*, *Afabókin* og *Ömmubókin*, hafa allar myndskreytingar af fólki, með afar barnalegum teikningum þó, sem hafa óraunverulega húðliti. Það er einmitt af þeirri ástæðu sem þær voru flokkaðar sem fjölmenningarlegar, því þannig geta þær átt við hvaða samfélag og hvaða kynþátt sem er.

Hinar tvær sem eru eftir erlenda höfunda og óbeina fjölmenningarlega boðskapinn eru *Elmar og týndi bangsinn* og *Skólinn hans Barbapabba*. Báðar bækurnar fjalla ekki um raunverulega hluti heldur eru litríkar verur. Þær falla því þennan flokk af sömu ástæðu og hinar þrjár, að fjölbreytileiki og það sem öðruvísi er sé sýnt á jákvæðan hátt, sem geri það að verkum að börn hvaðanæva úr heiminum geti tileinkað sér þær.

Eina bókin eftir íslenskan höfund, sem flokkast sem fjölmenningarleg er eftir Sigrúnu Eldjárn og er það bókin *Tíu litlir kenjakrakkar*. Sú bók sýnir fjölbreytileika íslensks samfélags á frekar réttmætan hátt að okkar mati. Krakkarnir í sögunni er mjög ólík í útliti og eru tvö þeirra svört og eitt asískt, en öll jafn merkileg sögunni.

Birtingarmyndir fjölmenningar í íslenskum barnabókum, sem gefnar voru út á árunum 2000-2008 eru samkvæmt þessari rannsókn afar fátæklegar og ávalt er um óbeinan boðskap að ræða sem þarfnast í raun að lesandinn víðsýnn með opinn huga svo jákvæðnin gagnvart fjölbreytileikanum skili sér.

Þriðja og síðasta ritgerðarspurningin um hvort munur væri á barnabókum íslenskra og erlendra höfunda hvað varðaði sýnileika annarra litarháttanna en þess hvíta. Af þeim 39 bókum sem voru eftir íslenska höfunda, voru sögupersónur allar hvítar á hörund í 25 þeirra. Í 8 þeirra sjást aðrir kynþættir en sá hvíti og í 6 bókum á það ekki við að tala um kynþátt, þar sem sögupersónur eru ekki mennskar. Það sem meira er þá er í þessum átta bókum þar sem dekkri húðlitur en hvítur birtist þá er oftast en ekki um að ræða ótilgreindar manneskjur í bakgrunni sem ekki er minnst á í sögunni.

Þær bækur sem hafa erlenda höfunda eru 57 talsins. Skipting kynþátta í þessu bókum er sá að í 14 þeirra sást einungis hvítur kynþáttur, 28 þeirra kom fram dökkur litarháttur og í 15 þeirra átti það ekki við að tala um kynþátt. Þær 4 bækur sem eftir standa eru hafa annað hvort ekki ákveðinn höfund eða hafa höfund sem flokkast sem bæði íslenskur og erlendur og fellur því í hvorugan flokkinn.

Um 49% bóka eftir erlenda höfunda sýna dökkan kynþátt á myndskreytingum en einungis rétt rúm 20% bóka eftir íslenska höfunda sýna annan kynþátt en hvítan. Það er því ljóst að erlendir höfundar eru í það minnsta líklegri til að sýna dökkt fólk á myndskreytingum í bókum sínum.

5.2 Umræða

Þegar við lítum til baka eftir þessi skrif stendur helst upp úr breytt sýn okkar á það efni sem er í boði fyrir börn. Þrátt fyrir að ritgerðin sjálf hafi snúist um barnabækur sérstaklega, finnur maður að eftir að hafa lifað og hræst í málefnum fjölmenningarlegrar hugsunar að maður lítur allt efni, bæði ætlað börnum og fullorðnum, gagnrýnni augum en áður.

Niðurstöður athugunarinnar komu okkur töluvert á óvart. Að okkar mati ætti það að vera sjálfsagður hlutur fyrir börn hvaðanæva að geta nálgast efni þar sem þeirra menning er miðpunkturinn. Við teljum að undarlegt sé að barnabókakostur þjóðarinnar endurspegli þegna hennar ekki betur en raun ber vitni og virðist einungis gera ráð fyrir afmörkuðum lesendahópi. Þó vissulega sé hann stærstur ætti fleira en aðeins markaðshugsjón að vera tekin til skoðunar þegar aukið er við barnabókaflórana á Íslandi. Það getur ekki verið vilji okkar að þeir sem hingað koma til að verða samborgarar okkar upplifi sig eins og gesti, þrátt fyrir að vera staddir á stað sem þeir kalla heimili sitt. Væri ekki ákjósanlegast að búa þannig að öllum Íslendingum, nýjum og gömlum, innfæddum og aðfluttum, að þeim líði vel heima hjá sér og gætu verið stoltir af sjálfum sér og séreinkennum sínum hver svo sem þau eru.

Við teljum mikilvægi fjölmenningarlegra bókmennta ótvírætt, ástandið óviðunandi og spyrjum okkur því hvað sé til ráða? Að okkar mati er mjög mikilvægt að hrinda af stað umræðu um málefnið og vekja fólk til umhugsunar því vitneskja og fræðsla er að okkar mati fyrsta skrefið í átt að framförum, hvert svo sem verkefnið er.

Heimildaskrá

- Al-Hazza, T. og Lucking, B. (2007). Celebrating Diversity Through Explorations of Arab Children's Literature. *Childhood Education*, 83 (3), 132-135.
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2004). Fjölmenningarstarf í leikskóla – af þróunarverkefni og rannsókn. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun*. Kennaraháskóli Íslands. Ritrynd grein birt 30. desember 2004.
- Baghban, M. (2007). Immigration in Childhood: Using Picture Books to Cope. *The Social studies*, 98 (2), 71-77.
- Ching, S. H. D. (2005). Multicultural Children's Literature as an Instrument of Power. *Language Arts*, 83 (2), 128-137.
- Davis, K. L., Brown, B. G., Liedel-Rice, A., Soeder, P. (2005). Experiencing Diversity through Children's Multicultural Literature. *Kappa Delta Pi Record*, 41 (4), 176-180.
- DeNicolo, C. P., Fraquiz, M. E. (2006). "Do I have to say it?": Critical Encounters with Multicultural Children's Literature. *Language Arts*, 84 (2), 157-171. Sótt 3. febrúar 2009 af <http://proquest.umi.com/pqdweb?index=31&did=941788121&SrchMode=1&id=10&Fmt=3&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1235346047&clientId=58032>
- Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hrönn Pálmadóttir. (2008). Efling - Samræður leikskólakennara um fjölbreyttan barnahóp. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Kennaraháskóli Íslands. Ritrynd grein birt 1. desember 2008.
- Fishman, D. A. (2004). MAINSTREAMING ETHNICITY: Horace Kallen, the Strategy of Transcendence, and Cultural Pluralism. *The Southern Communication Journal*, 69 (2), 157-173.
- Guðrún Pétursdóttir. (2005). Allir geta eitthvað, enginn getur allt. *Skólavarðan*, 5 (1), 31.

- Guðrún Pétursdóttir. (30. mars 2006). Hvað er fjölmenningarhyggja? Verður hún að lokum til þess að allir í heiminum tilheyri sömu þjóðinni? *Vísindavefurinn*. Sótt 15. ágúst 2009 af <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=5746>
- Hagstofa Íslands. (2009) Lykiltölur mannfjöldans 1703-2009. Sótt 20 júlí 2009 af <http://hagstofa.is/?PageID=622&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN00000%26ti=Lykilt%F6lur+mannfj%F6ldans+1703%2D2009+%26path=../Database/mannfjoldi/Yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>
- Hagstofa Íslands. (2009). Erlendir ríkisborgarar 1950-2009. Sótt 20 júlí 2009 af <http://hagstofa.is/?PageID=626&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN04001%26ti=Erlendir+r%EDkisborgarar+1950%2D2009+%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=fj%F6ldi>
- Hagstofa Íslands. (2009). Börn í leikskólum með erlent móðurmál. Sótt 20 júlí 2009 af <http://hagstofa.is/?PageID=780&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO01103%26ti=B%F6rn+%ED+leiksk%F3lum+me%F0+erlent+m%F3%F0urm%E11+1998%2D2008++%26path=../Database/skolamal/IsNemundur/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/hlutfall>
- Hanna Ragnarsdóttir. (2005). Skólaþróun í fjölmenningarsamfélagi. *Skólavarðan*, 5 (6), 5-6.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2002). „Markvisst leikskólastarf í fjölmenningarlegu samfélagi.“ *Uppeldi og menntun*, 11, 51–77.
- Hendrickson, L. (2004). Teaching and Learning about Multicultural Literature: Students Reading Outside Their Culture in a Middle School Classroom/ Encountering Children's Literature: An Arts Approach/ Interpreting Literature with Children. *Childrens Literature Association Quarterly*, 29, 139-144.
- Kristín Loftsdóttir. (2005). Menntaðar og villtar þjóðir: Afríka í texta íslenskra námsbóka. *Uppeldi og menntun*, 14(1), 71–101.
- Kristín Loftsdóttir. (2007). Hin mörgu andlit Íslands: Framandleiki og fjölmenning í námsbókum. *Netla – Vef tímartit um uppeldi og menntun*. Kennaraháskóli Íslands. Ritrynd grein birt 30. desember 2007.

Khorana, M. G. (2005). Stories Matter: The Complexity of Cultural Authenticity in Children's Literature. *Children's Literature Association Quarterly*, 30, 215-220. Sótt 21. febrúar, 2009, af

<http://proquest.umi.com/pqdweb?index=8&did=941788521&SrchMode=1&sid=4&Fmt=3&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1235346453&clientId=58032>

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar. (e.d.). Fjölmenning í leikskólum – enginn eins en allir með. Sótt 15 ágúst 2009 af http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197_view-53/

Lestur góðra bóka eykur möguleika barna á að ná velgengni í lífinu (1997, maí).
Uppeldi, 1(10), bls.13.

Lög um leikskóla nr. 78/1994

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar. (2009). Horft til framtíðar – stefnumótun og aðgerðaráætlun í málefnum innflytjenda. Sótt 15 ágúst 2009 af http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/myndir/borgarstjorn/LOKAUTGAF_A_STEFNUMOTUN.pdf

Margrét Tryggvadóttir. (1999). Setið í kjöltunni – um myndabækur sem bókmenntaform, greiningu þeirra og sérstöðu íslenskra myndabóka. Í Silja Aðalsteinsdóttir (ritstjóri), *Raddir barnabókanna* (bls 101-136). Reykjavík: Mál og menning

Menntasvið Reykjavíkurborgar. (2006). Fjölmenningarstefna fyrir leikskóla í Reykjavík. Sótt 1. ágúst 2009 af http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/utgafur/leikskolar/skyrslurogstefnur/fjolmenningarstefna.leikskola-2.pdf

Ragnheiður Gestsdóttir. (1992). Áhrif máls og mynda á sjálfsmynd barna. *Tímarit Máls og Menningar*, 53(1), 26-33.

Reykjavíkurborg. (2001). Fjölmenningarstefna. Sótt 15. ágúst 2009 af http://fundir2.reykjavik.is/default.asp?cat_id=272

Rosenblatt, L. M. (2005). From "What Facts Does This Poem Teach You?". *Voices From the Middle*, 12 (3), 43-47. Sótt 12. febrúar af <http://proquest.umi.com/pqdweb?index=6&did=821067011&SrchMode=1&sid=7&Fmt=4&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1235476871&clientId=58032>

Short, K.G. (2009). Critically Reading the Word and the World. *Bookbird*. 47(2). 1-10.

Silja Aðalsteinsdóttir. (1999). Raddir barnabókanna – um frásagnatækni í barnabókum. *Raddir barnabókanna* (bls. 79-100). Reykjavík: Mál og Menning.

Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins (33/1944).

Unnur Dís Skaptadóttir. (2003). Vestfirsk fjölmenning: Um menningarlega fjölbreytni í sjávarþorpum. Ársrit *Sögufélags Ísfirðinga*, (43), 311-323.

Unnur Dís Skaptadóttir. (2004). Innflytjendur á Íslandi. *Homo*, bls 21-23.

Þórdís Þórðardóttir. (2007). Menningarlæsi ungra barna. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V*. (273-297). Reykjavík: Háskólaútgáfan.